

SHALDÖR  
skoðun 12



2 SÉRBLÖÐ  
í Fréttablaðinu  
Allt  
Markaðurinn



Útivistarleikur  
Homeblest & Maryland

Leynist vinningur í  
pakkanum þínum!

# FRÉTTABLAÐIÐ

MIDVIKUDAGUR

PITT

7. apríl 2010 — 80. tölublað — 10. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

## Hvítabandið er 115 ára

Varpar ljósi á  
hlutverk kvenna í  
mótun félags- og  
heilbrigðismála á  
Íslandi.

tímamót 14



## Sumarsmellur

Mugison og hljóm-  
sveitin Reykjavík!  
leiða saman  
hesta sína í nýju  
lagi.

Fólk 22




## KR-ingar meistarar

Kvennalið KR varð Íslands-  
meistari í körfubolta eftir  
að hafa lagt Hamar í æsi-  
spennandi oddaleik.

íþróttir 26

## veðrið í dag



**Bjart með köflum** um landið  
sunnanvert en lítilsháttar skydda  
eða él norðanlands. Vindur verður  
fremur hægur og hiti víða á bilinu  
2 til 5 stig yfir miðjan daginn.

VEÐUR 4



3 dagar  
Borgarapantanir í síma 568 1907  
eða austur1907@gmail.com

AUSTUR  
STEIKHVS



**MIKILL VIÐBÚNAÐUR** Konan sem lifði harmleikinn af var flutt þrekuð með þyrilu, köld og hrakin, á sjúkrahús í Reykjavík. Hún var afar illa búin og þótti vel á sig komin miðað við aðstæður. Mest tóku um 270 manns þátt í leitinni að fólkinu. MYND / BIRNA NORDDAHL

# Karl og kona urðu úti nærri gosstöðvunum

Tvennt fannst látið norðan Mýrdalsjökuls í gær. Urðu bensín- og símasambandslaus í óbyggðum. Ferðafélagi þeirra fannst á lífi eftir fjórtán kílómetra göngu.

**SLYS** Kona og karl, fædd 1967 og 1955, fundust látin á Emstrum norðan Mýrdalsjökuls í gær. Þau urðu úti eftir að hafa villst af leið í útsýnisferð að gosstöðvunum á Fimmvörðuhálsi á sunnudagskvöld. Kona, fædd 1977, sem var með þeim í för, fannst köld og hrakin en lifandi, síðdegis í gær.

Fólkið lagði upp í ferðina að kvöldi páskadags. Eftir miðnætti það kvöld hafði fólkið samband við lögreglu og óskaði eftir aðstoð vegna þess að það hefði fest Honda-jeppling sinn úti í á. Þau höfðu þá enga hugmynd um hvar þau voru niður komin og gátu ekki lýst staðhættum betur en svo að þau sæju eldstöðina á Fimmvörðuhálsi. Fimm tíma leit lögreglu bar engan árangur. Undir morgun hringdi fólkið loks aftur, sagðist hafa losað sig og væri á leið til byggða.

Ekkert spurðist síðan til fólksins. Svo virðist sem það hafi ekið í ranga átt, í norðaustur upp í Emstrur og þar hafi bíllinn orðið bensínlaus. Þau voru þá rúmlega 30 kílómetra frá Fljótshlíðinni og segja menn sem til þekkja með ólíkindum að fólkið hafi komist alla þessa leið á ekki voldugri bíl.

Ekkert símasamband var á svæðinu, fólkið var mjög illa búit til útivistar og hafði litlar sem engar vistir meðferðis. Um miðjan dag á mánudegi fór maðurinn fótgangandi af stað og hugðist sækja hjálp.

Ættingjar fólksins höfðu samband við lögreglu skömmu eftir miðnætti í fyrrakvöld og lýstu áhyggjum af

## Atburðarás síðustu daga

Sunnudagur	<b>Sunnudagskvöld:</b> Fólkið leggur af stað að gosstöðvunum
	<b>2.15:</b> Lögreglu berst ósk um aðstoð eftir að fólkið festir bíl sinn
	<b>5.30:</b> Fólkið hringir í lögreglu og afþakkar aðstoðina
Mánudagur	<b>Eftir hádegi:</b> Maðurinn yfirgefur bensínlausan bílinn og gengur af stað í leit að hjálp
	<b>1.06:</b> Ættingjar hafa samband við lögreglu og lýsa áhyggjum af fólkinu
	<b>Þriðjudagsmorgunn:</b> Konur fara úr bílnum, hvor í sínu lagi og halda báðar í suðvestur
	<b>15.30:</b> Yngri konan finnst á lífi
	<b>15.45:</b> Bíllinn finnst
	<b>15.50:</b> Eldri konan finnst látin um 700 metra frá bílnum
	<b>21.30:</b> Maðurinn finnst látinn

fólkinu. Þá var blásið til víðtækrar leitar.

Konurnar fóru svo gangandi frá bílnum með einhverju millibili í gærmorgun. Sú fyrri fannst látin rétt fyrir fjögur í gær, um 700 metra suðvestur af bílnum. Hin hafði skömmu áður fundist á gangi ofan Einhyrnings, og hafði þá gengið á fjórtánda kílómetra. Maðurinn fannst látinn í gærkvöldi um fimm kílómetra suðvestur af bílnum.

Konan sem lifði var flutt með

þyrilu á sjúkrahús í Reykjavík. Hún þótti vel á sig komin miðað við aðstæður og var útskrifuð í gærkvöldi.

Leitin að fólkinu var mjög umfangsmikil. Um 270 manns tóku þátt í henni þegar mest var í gærkvöldi, fótgangandi, í bílum, á snjóslæðum og gönguskíðum. Hundar voru notaðir við leitina og þyrila Landhelgisgæslunnar aðstoðaði þar til flugskilyrði versnuðu á sjötta tímanum.

## Ingibjörg Reynisdóttir: Gísli á Uppsölum í barnabók

**FÓLK** Ingibjörg Reynisdóttir, leikona og rithöfundur, skrifar nú barna- og unglingabók um einn frægasta einbúa Íslands, Gísla Gíslason á Uppsölum.

Ingibjörg segir sögu Gísla eiga mikið erindi til ungu kynslóðarinnar í dag, hann hafi mætt miklu mótlæti í lífinu, lifað einföldu lífi án þess að vilja eignast og gera allt og hafi spáð mikið í lífið og tilveruna. Ingibjörg hefur sankað að sér heimildum um einbúann og segir hann hafa komið sér skemmtilega á óvart.



INGIBJÖRG REYNISDÓTTIR

- fgg / sjá síðu 30

## Obama kynnr nýja stefnu: Dregur úr vægi kjarnavopna

**BANDARÍKIN, AP** Barack Obama Bandaríkjaforseti kynnti í gær strangari hömlur við notkun kjarnorkuvopna, sem er fráhrarfrá stefnu fyrri stjórna Bandaríkjanna.

Meginhugmyndin er sú, að Bandaríkin setja sér þá reglu að beita aldrei kjarnorkuvopnum

á ríki sem ekki hafa yfir kjarnorkuvopnum að ráða.

Markmiðið er að minnka líkurnar á því að kjarnorkutækni breiðist út til fleiri ríkja.

Á morgun munu Bandaríkjamenn og Rússar undirrita nýtt samkomulag um takmörkun á útbreiðslu kjarnorkuvopna.



BARACK OBAMA

- gb

Veljum framboð um

Heiðarleika  
H-lista

í vor

Borgarmálafélag F-lista

Style Special  
franskar 8908

MÁLTÍÐ MÁNADARINS 995.-

AMERICAN STYLE

## SPURNING DAGSINS



Hjálmar, ókstu á guðs vegum?

„Ja, þeir máttu að minnsta kosti ekki þrengri vera.“

Séra Hjálmar Jónsson dómkirkjuprestur er nýkominn frá Frakklandi þar sem hann þrúfukeyrði glæsilega sportbíl frá Mercedes Benz.



STINGANDI STRÁ Starri, skógarpróstur og grápróstur í leit að æti í páskahretninu.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Snjótittlingar færri en áður:


## Fuglaskoðurum fjölga ört

**NÁTTÚRA** Óvenjulítið hefur sést af snjótittlingi í gördum hér á landi enda veturinn snjóléttur, segir Ólafur Einarsson hjá Fuglavernd.

Á öðru leyti er fuglafið í föstum skorðum, ef marka má niðurstöður árlegrar garðfuglatalningar Fuglaverndar. Starrinn er langalgengastur og þar á eftir skógarpróstur.

Fuglaskoðurum fjölga hins vegar ört hér á landi, segir Ólafur og telur að þar birtist aukinn áhugi almennings á útivist og garðrækt. Í vetur sendu 329 manns félaginu upplýsingar um garðfugla á 263 stöðum víða um landið. Niðurstöður garðfuglatalningarinnar má nálgast í gegnum vefinn fuglavernd.is.

- pg



ÓSHLÍÐ Vegurinn um Óshlíð var lokaður í gær, en umferð var hleypt um óklárúð göngin í staðinn.

Ófærð á Vestfjörðum:

## Bílum hleypt um göngin

**SAMGÖNGUMÁL** Bílum var í fyrsta skipti hleypt um Óshlíðargöng í gær. Göngin eiga ekki að opna formlega fyrr en 15. júlí.

Ákveðið var að hleypa umferð í gegnum göngin á áttunda tímanum í gær vegna þess að vegurinn um Óshlíð var lokaður í allan gærdeg vegna snjóflóðahættu.

Einnig var ófært um Súðavík-urhlíð í gær. Jafnframt var hætt við mokstur um báðar hlíðar, í Ísafjardardjúpi, á Klettshálsi og á Steingrímsfjarðarheiði.

Mjög slæmt veður var víða á Vestfjörðum í gær.

- þeb

## ALPINGI

### Vilja fund um áminninguna

Guðlaugur Þór Þórðarson og Ragnheiður Rikharðsdóttir, Sjálfstæðisflokkur, vilja að heilbrigðisnefnd fjalli um ætluð heilbrigðisráðherra um að áminna forstjóra Sjúkratrygginga Íslands. Fara þau fram á að ráðherra, ráðuneytisstjóri og forstöðumaður lögræðisviðs heilbrigðisráðuneytisins, ríkisendurskoðandi og forstjóri og stjórnarformaður Sjúkratrygginga komi fyrir nefndina.

Meirihluti borgarstjórnar ákvað að efna samning við GR á næstu fjórum árum:

# 230 milljónir fara í stækkun golfvallar

**BORGARMÁL** Meirihluti borgarstjórnar samþykkti í gær að veita 230 milljónum króna í stækkun Korpúlsstaðargolfvallar á næstu fjórum árum. Borgarfulltrúar Samfylkingar og Vinstri grænna greiddu atkvæði gegn tillöggunni og mótmæltu henni harðlega á borgarstjórnarfundum í gær.

Flokkar minnihlutans gagnrýndu forgangsröðun meirihlutans og sögðu furðulegt að á meðan verið væri að skera niður laun og þjónustu á vegum borgarinnar væri þessi samningur við Golfklúbb Reykjavíkur efndur.

Dagur B. Eggertsson, borgarfulltrúi Samfylkingarinnar, segir nánast alla þjónustu- og rekstrarsamninga, meðal annars við íprótta-

félög, hafa þurft að taka miklum skerðingum. Sóley Tómasdóttir, borgarfulltrúi VG, er sama sinnis og sagði á fundinum að forgangsráða ætti samningum við ípróttafélög í þágu þeirra sem hafa mest ípróttastarf fyrir börn. Meirihlutinn segir hins vegar að samningurinn sé til hagsbóta fyrir borgina, og Golfklúbbur Reykjavíkur muni í staðinn skila verðmætu landi í Staðarhverfi. Með því að efna þennan samning sé jafnframt fallið frá nýrri samningi við GR þar sem kostnaður hefði verið meiri.

- þeb

**GOLFOVÖLLURINN Á KORPÚLSSTÖÐUM** Til stendur að bæta níu holum við golfvöllinn, en ákvörðunin var mjög umdeild meðal borgarfulltrúa.

FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



# Vegagerðin er hluti af samneyslu þjóðar

Framkvæmdastjóri FÍB er á móti veggjöldum enda hafi skatttekjur ríkisins af bílum verið meiri en kostnaður vegna þeirra. Segir vegtolla nýja skatta. Varar við því að vegir komist í hendur einkaaðila. Vegagerð sé hluti samneyslunnar.

**SAMGÖNGUMÁL** Runólfur Ólafsson, framkvæmdastjóri Félags íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB), er á móti hugmyndum um vegtolla. Hann segir þá ekkert nema nýja skatta, enda hafi bíleigendur greitt mun meira í ríkissjóð en þeir hafi fengið þaðan.

„Við erum ekki reiðubúin að samþykkja vegtolla af því að á liðnum árum og áratugum hafa skatttekjur hins opinbera verið umtalsvert meiri en tilkostnaður sem af þessum lið hefur hlotist. Þá teljum við að vegagerðin sé hluti af samneyslunni.“

Þar vísar Runólfur ekki einungis í olíu- og bensínjald, heldur einnig vörugjöld ýmiss konar, bifreiðagjald og fleiri gjöld.

### Ekki í einkaeigu

Runólfur er ekki hrifinn af þeirri hugmynd að stofna eignarhaldsfélag um ákveðna vegi. Hann spyr hvort eigi að færa vegina úr eigu ríkisins í eigu félaga sem innheimti ákveðin gjöld fyrir kostnaði, ekki ósvipað Speli og Hvalfjarðargöngunum. „Hvar endar það? Er það sú hugmyndafræði sem menn eru að leita að? Vilja menn að vegakerfið komist í hendur einhverra félaga sem hægt er að veðsetja og svo framvegis?“

Við teljum að miðað við núverandi aðstæður sé það brot á jafnræðisreglu og ekkert annað en viðleitni til þess að auka skatta að koma með svona viðbótargjaldheimtu eins og þessar hugmyndir ganga út á.



**RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON** Framkvæmdastjóri FÍB varar við hugmyndum um að vegir komist úr ríkiseigu í hendur einkaaðila. Hann segir vegtolla vera nýja skattlagningu.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Þá ber stórlega að vara við þessum hugmyndum um það að færa vegina úr ríkiseigu“

**RUNÓLFUR ÁGÚSTSSON**  
FRAMKVÆMDASTJÓRI FÍB

Þá ber stórlega að vara við þessum hugmyndum um það að færa vegina úr ríkiseigu, í einhvers konar hlutafélaga- eða einkaeign. Ég er ekki viss um að sum pólitísk öfl hafi hugsað þá hugsun til enda.“

### Eyrnamerkt gjöld

Samkvæmt lögum eiga olíu- og

bensínjald að renna til vegagerðar að fullu leyti, utan 0,5 prósentu sem renna í ríkissjóð til að standa undir umsýslu. Runólfur segir mjög misjafnt hvernig þessu sé háttað.

Í ár fari lægri upphæð í vegfrámkvæmdir en tekið sé inn í gjöldin. Á milli 16 og 17 milljarðar komi inn, en aðeins 13,6 fari í viðhald og nýfrámkvæmdir. Í fyrra hafi þessu verið öfugt farið; um 22 milljarðar króna farið í vegagerð en rúm 15 milljarðar í tekjur.

Þá skekki það myndina enn frekar að á síðustu árum hafi hluti Landsímapeninganna runnið til vegagerðar og sérframlag í gangagerð.

kolbeinn@frettabladid.is

Minnisblað heilbrigðisráðuneytisins vegna endurgreiðslu tannlæknakostnaðar:

## Gert ráð fyrir 60 milljónum aukreitis

**STJÓRNSÝSLA** Gert er ráð fyrir að viðbótarkostnaður Sjúkratrygginga Íslands, vegna nýrrar reglugerðar um endurgreiðslu vegna nauðsynlegrs tannréttinga- og tannlækningakostnaðar, verði 60 milljónir króna á árinu 2010. Þetta kemur fram í minnisblaði heilbrigðisráðuneytisins, sem lagt var fyrir ríkisstjórnarfund, og Fréttablaðið hefur undir höndum.

Þar segir að heimilt sé, með stöð í 55. grein laga um sjúkratryggingar, að ákveða frekari kostnað sjúkratrygginga í heilbrigðisþjónustu en mælt er fyrir um í lögum. Á þeim grundvelli ákvað heilbrigðisráðherra að auka endurgreiðslu í 95 prósent af kostnaði, vegna nauðsynlegra tannlækninga og tannréttinga vegna afleiðinga meðfæddra galla, slysa og sjúkdóma. Alls er staðfest að um 80 einstaklingar falli þar undir.

Samkvæmt minnisblaðinu skiluðu tvær reglugerðir heilbrigðisráðherra um endurgreiðslu, sem tóku gildi um áramótin, ekki tilætluðum árangri. Því var nýja reglugerðin sett.

Reglugerðin hefur verið í fregnum vegna fyrirhugaðrar áminningar ráðherra til forstjóra Sjúkratrygginga.

- kóp



**TANNLÆKNINGAR** Reglugerðinni umdeildu, sem sett var í mars, var ætlað að koma í stað tveggja annarra sem þóttu ekki skila árangri.

### Kostnaður Sjúkratrygginga

#### Heildarkostnaður 2010:

Vegna tannréttinga	65 milljónir króna
Vegna tannlækninga	75 milljónir króna
<b>Alls</b>	<b>140 milljónir króna</b>

#### Viðbótarkostnaður vegna reglugerðarinnar:

Vegna tannréttinga	28 milljónir króna
Vegna tannlækninga	32 milljónir króna
<b>Alls</b>	<b>60 milljónir króna</b>

Áætlaður afgangur á tannlæknaði Sjúkratrygginga er um 290 milljónir króna. Fjárlagaliðurinn nemur 1.672 milljónum króna.



**HARMI SLEGIN** Ættingjar hinna látnu hugguðu hver annan.

FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## Tuttugu og fimm fórust: Versta slysið í aldarfjórðung

**BANDARÍKIN, AP** Tuttugu og fimm manns fórust í mannskæðasta námuslysi Bandaríkjanna síðan 1984 þegar gríðarmikil sprenging varð í kolanámu í Vestur-Virginíu.

Fjögurra manna í viðbót var saknað, en óvíst var í gær hvort takast myndi að bjarga þeim. Eiturgöf torvelduðu björgunarsörfin.

Vonast var til þess að þeir hefðu komist inn á öruggt svæði í námugöngunum þar sem þeir gætu beðið þar til hjálpar bærst.

- gb

## Fimmvörðuháls: Öflugir skjálftar á gossvæði

**ELDGOS** Tveir öflugir jarðskjálftar urðu í Eyjafjallajökli um miðjan dag í gær.

Skjálftarnir voru 3,5 og 3,7 á Richter og fundust þeir vel í Fljótshlíð og á Hvolsvelli.

Skjálftarnir urðu undir austanverðum jöklinum, þar sem flestir jarðskjálftar hafa orðið undanfarna mánuði. Talið er að aðfærslueldgossins á Fimmvörðuhálsi sé á þessum slóðum. Fleiri litlir skjálftar urðu á svæðinu í gær, líkt og undanfarna daga.

- þeb

Fangar hvattir í líkamsrækt:

## Ekkert sjónvarp nema á hjólinu

**BANDARÍKIN, AP** Lögreglustjórinn í Maricopasýslu, skammt frá Phoenix í Bandaríkjunum, hefur fundið upp nýstárlega leið til að fá fanga til að stunda líkamsrækt.

Eina leiðin til þess að fangarnir geti horft á sjónvarp í klefum sínum er að stíga á þrekhlól sem jafnframt framleiðir rafmagn fyrir sjónvarpið.

Ef þeir hjóla í klukkustund þá dugur rafmagnnið jafnframt í eina klukkustund til sjónvarps-áhorfs.

Fangarnir í þessu fangelsi hafa til þessa haft takmarkaða möguleika til líkamsþjálfunar.

- gb

# SKEMMTUM OKKUR INNANLANDS

Um landið allt eru framúrskarandi veitingastaðir og hlýleg hótél og ekki þarf að fljúga langt til að kúpla sig út úr stressinu. Komum sterk inn í nýja vinnuviku með góðar minningar í farteskinu.

FLUG OG GISTING Í EINA NÓTT FRÁ AÐEINS 17.700 KR.\*



FLUGFÉLAG ÍSLANDS

\*Verð á mann miðað við flug fram og til baka til Reykjavíkur, Vestmannaeyja, Egilsstaða, Akureyrar eða Ísafjarðar.

## GENGIÐ 06.04.2010

GJALDMÍÐLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	127,79	128,39
Sterlingspund	193,77	194,71
Evra	171,35	172,31
Dönsk króna	23,014	23,148
Norsk króna	21,379	21,505
Sænsk króna	17,739	17,843
Japanskt jen	1,3603	1,3683

SDR 193,47 194,63

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR  
227,7037

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Kínverskir netþrjotar:

## Stálu skjölum frá Indlandi

**KÍNA, AP** Netþrjotar í Kína hafa komist yfir trúnaðarskjöl frá indverskum stjórnvöldum, þar á meðal 1.500 tölvuskeyti frá skrifstofu Dalái Lama og fleiri viðkvæm skjöl.

Fræðimenn við Toronto-háskóla í Kanada skýrðu frá þessu. Þeim tókst að fylgjast með því þegar brotist var inn í indversku tölvukerfin og röktu slóð þrjótanna til Kína, nánar tiltekið borgarinnar Chengdu í suðvestanverðu Kína.

Engar ótvíræðar sannanir bentu til þess að kínversk stjórnvöld hafi verið að verki, en þau hafa engu að síður verið krafinn um skýringar. - gb



ALLT Á FLOTI Götur Rio de Janeiro voru eins og fljót. NORDICPHOTOS/AP

Úrhelli í Brasilíu:

## Áttatíu manns fórust í flóðum

**BRASILÍA, AP** Meira en áttatíu manns höfðu farist af völdum flóða og aurskriðna í Rio de Janeiro í gær, en óvenjumikil úrkoma hefur verið þar undanfarið.

Fjöldi húsa og kofa grófst undir skriðum í bröttum hlíðum upp af borginni, þar sem fátækt fólk hefur búið við þröngan kost.

Á einum sólarhring mældist úrkoman 29 sentimetrar. Að minnsta kosti tvö þúsund hús eru enn í hættu. - gb

Efnahagsráðherra ræðst í víðtæka rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila:

## Metið hvort þörf sé á fleiri aðgerðum

**STJÓRNMÁL** Efnahags- og viðskiptaráðherra ætla að ráðast í víðamikla rannsókn á fjárhagsstöðu skuldugra heimila. Markmiðið er að greina greiðsluvanda heimilanna og meta áhrif af þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til og hvort þörf sé á fleiri aðgerðum.

Áður hefur Seðlabankinn metið áhrif fjármálakreppunnar á heimilinn en á grundvelli nýrra gagna ákvað ráðherrann að efna til víðtækrar rannsóknar á sama efni.

Með sérstöku frumvarpi er leit að heimilda til að krefjast margvíslegra upplýsinga. Þá er ítarlega

fjallað um meðferð upplýsinganna og eyðingu þeirra að notkun lokinni. Samkeyrsla upplýsinga fer fram í afmörkuðu, aðgangsstýrðu rými með tölvubúnaði sem er ekki nettengdur öðrum búnaði. Persónugreining verður gerð ómöguleg.

Ráðherranefnd um efnahagsmál er ætlað að ákveða hvernig bregðast skuli við niðurstöðum rannsóknarinnar.

Ætlað er að rannsóknin muni kosta 50 milljónir króna. Ekki er ljóst hvenær niðurstöður liggja fyrir. - bps

## Upplýsingar sóttar víða

Eftirtaldir eiga að veita upplýsingar

- Íbúðalánasjóður, fjármálafyrirtæki, lífeyrissjóðir og Lánasjóður námsmanna v/fjárhæða, innborgana, kjara, stöðu og trygginga lána.
- Ríkisskattstjóri v/tekna og eigna.
- Vinnuálastofnun v/atvinnuleysisbóta.
- Þjóðskrá v/fjölskyldunúmera.
- Fjársýslan v/barna- og vaxtabóta.
- Sveitarfélög v/húsaleigubóta og fjárhagsaðstoðar.
- Tryggingastofnun v/bóta.

Reikningar sveitarfélaga:

## Leigan í efnahagsreikning

**STJÓRNSÝSLA** Sveitarfélögum ber að færa leigusamninga vegna fasteigna og annarra mannvirkja, til lengri tíma en þriggja ára, í efnahagsreikning. Þetta kemur fram í áliti reikningsskila- og upplýsinganefndar. Almennt hafa sveitarfélög farið með þessa samninga sem rekstrarleigusamninga. Það þýðir að skuldbindingar vegna þeirra eru ekki færðar í efnahagsreikninga. Nú þarf að færa þær til skuldar miðað við framreiknað virði. Með þessu verða skuldbindingar sveitarfélaga skýrari. - kóp

## Rannsóknar krafist á árásinni í Bagdad

Myndbandið frá Írak, sem Wikileaks birti á þriðjudag, hefur ýtt undir kröfur um að árásin verði rannsökuð til hlítar. Ættingjar fagna birtingunni. Bandarískir hermenn hafa orðið sextán fréttamönnum að bana í Írak undanfarin sjö ár.

**ÍRAK** Ættingjar írösku fréttamanna, sem féllu fyrir vopnum bandarískra hermanna í júlí 2007, segjast ánægðir með að vefsíðan Wikileaks hafi birt myndband frá bandaríska hernum, þar sem sést hvað gerðist.

„Loksins hefur sannleikurinn verið leiddur í ljós,“ segir Noor Eldeen, faðir ljósmyndarans Namir Noor Eldeen, í viðtali við bandaríska dagblaðið New York Times. „Hvað myndu þeir gera ef svona atvik ætti sér stað í Bandaríkjunum, jafnvel þótt dýr væri drepð með þessum hætti?“

Aðrir ættingjar ljósmyndarans segja engan vafa leika á því að það sé hann sem sést á myndbandinu.

Í upphaflegri rannsókn Bandaríkjahers á atvikinu, sem gerð hefur verið opinber, er atburðarásinni lýst nokkurn veginn eins og sjá má á myndbandinu. Þar kemur fram að þrjú vopn hafi fundist á vettvangi eftir árásina, auk tveggja myndavéla.

Fullyrt er að þyrlurnar hafi frá því snemma morguns verið að leita uppi hópa uppreisnarmanna sem hafi þá um morguninn nokkrum sinnum skotið að þyrlunum.

Strax í þessari fyrstu rannsókn fékkst staðfest að eina tilefnið, sem bandaríska hermennirnir höfðu til að halda að mennirnir hafi ætlað að beita vopnum, var þegar ljósmyndarinn beindi myndavél sinni í áttina að þyrlunum.

Bandarískir hermenn hafa orðið að minnsta kosti sextán fréttamönnum að bana síðan innrásin í Írak hófst árið 2003. Alls hafa



NAMIR MOOR ELDEEN Íraski ljósmyndarinn var 22 ára þegar hann féll fyrir vopnum bandarískra hermanna á götu í Bagdad í júlí 2007. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

átökin þar í landi síðustu sjö ár kostað 140 fréttamenn lífið.

Þetta fullyrða samtök, sem nefnast Committee to Protect Journalists, eða Nefnd til verndar blaðamönnum, sem hefur aðsetur í New York og heldur nákvæmar skrár yfir þau grimmilegu örlög sem beðið hafa margra blaðamanna á átakasvæðum heims.

Mohamed Abdel Dayem, einn starfsmanna samtakanna, segir að myndbandið staðfesti það sem þau

hafa haldið fram frá upphafi: „Að gegnsæ rannsókn á þessu atviki hefur ekki farið fram en þarf að fara fram.“

Samtök íraskra blaðamanna kröfðust þess einnig í gær að írösk stjórnvöld rannsaki atvikið.

„Þetta er enn einn glæpurinn sem bandarískir hermenn hafa framið á íröskum blaðamönnum og almenningi,“ segir Mouyyad al Lami, formaður samtakanna. gudsteinn@frettabladid.is



ELDGOSIÐ Á FIMMVÖRÐUHÁLSI Nýja eldstöðin mun brátt fá nafn. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Starfshópur stofnana:

## Velur nafn á nýju eldstöðina

**ELDGOS** Starfshópur á vegum Landmælinga Íslands, nafnfræðisviðs Stofnunar Árna Magnússonar og örnefnanefndar mun í sameiningu ákveða nafn á nýrri eldstöð við Fimmvörðuháls.

Katrín Jakobsdóttir menntamálaráðherra hefur staðfest þetta. Þessar þrjár stofnanir hafa með örnefni að gera samkvæmt lögum.

Starfshópnum hafa þegar borist fjölmargar tillögur að nafni á eldstöðina, en farið verður yfir tillögurnar sem og þau örnefni sem eru þekkt á svæðinu til þess að ákveða nafn. - þeb

## GRINDAVÍK

## Sauðburður hafinn

Sauðburður er hafinn í Grindavík. Fyrstu lömbin þar fæddust í byrjun mánaðarins. Gimbur og hrútur komu í heiminn í fjárhúsi Helga Einar Harðarssonar og fengu nöfnin Kóngur og Drottning.

Útivistarleikur Homeblest & Maryland

DETTUR ÞÚ LUKKUPOTTINN

Ef þú kaupir Homeblest eða Maryland kexpakka gætir þú unnið glæsilegan vinning.

3 x 50.000 kr. úttektir  
48 x 15.000 kr. úttektir  
frá Útíli, Intersport eða Markinu.

Leynist vinningur í pakkanum þínum!

UTILÍF INTERSPORT MARKID

VEÐURSPÁ

Ingibjörg Karlsdóttir veðurfréttamaður

VOR Í LOFTI? Það hlýnar á landinu næstu daga og verður veður heldur vorlegra en veður gær dagsins. Í dag verður bjartviðri sunnanlands en á morgun verður bjart á Norðausturlandi en þá þykkar upp sunnan- og vestantil með vætu.

Á MORGUN Fremur hægur vindur víða um land.

FÖSTUDAGUR Vaxandi vindur S- og V-lands.

HEIMURINN

Alicante	20°
Basel	18°
Berlín	15°
Billund	12°
Frankfurt	18°
Friedrichshafen	20°
Gautaborg	11°
Kaupmannahöfn	11°
Las Palmas	21°
London	14°
Mallorca	20°
New York	30°
Orlando	30°
Ósló	6°
París	14°
San Francisco	16°
Stokkhólmur	9°

Vindhraði er í m/s.  
Hitastig eru í °C.  
Gildistími korta er um hádegi.



Upplýsingar og skráning:  
544 4500 / [www.ntv.is](http://www.ntv.is)



Að loknu námi mínu hjá NTV hélt ég til Danmerkur í háskólanám í Alþjóðlegri Markaðsfræði sem ég er að ljúka núna í vor. Það hefur skilað sér því ég er búinn að fá vinnu sem sölustjóri hjá alþjóðlegu stórfyrirtæki.

Ég mæli hiklaust með þessari leið fyrir alla þá sem langar í áframhaldandi nám og auka möguleika sína í lífinu.

Þorbjörn Ólafsson - Matreiðslumaður

## Langar þig í háskólanám til Danmerkur?

Á síðustu tveimur árum hefur fjöldi nemenda NTV nýtt sér þennan möguleika

### TVEGGJA ANNA NÁMSBRAUTIR

#### Sölu-, markaðs og rekstrarnám 432 stundir - Verð: 385.000

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins. Í síðari hluta er lögð áhersla á fjármálastjórnun, hagnýta markaðsfræði, markaðssetningu á netinu og gerð viðskiptaáætlana. Frábært nám fyrir alla sem starfa við sölu-mennsku og/eða eru með eigin rekstur.

#### Skrifstofu- og rekstrarnám 426 stundir - Verð: 365.000

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja. Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunám og Bókanám framhald.

#### Skrifstofunám og hönnun 414 stundir - Verð: 356.000

Nám sem þjálfar nemendur til starfa á nútímaskrifstofu. Mjög góður undirbúningur fyrir almenn skrifstofustörf. Nemendur læra að útbúa hvers konar kynningarefni auk þess sem þeir fá leiðsögn í tengslavinnu milli fyrirtækja annars vegar og auglýsinga-stofa, prentsmiðja og fjölmiðla hins vegar.

#### Sölunám og hönnun 420 stundir - Verð: 383.000

Á fyrri önninni öðlast nemendur þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku og í gerð kynningarefnis. Rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins í starfi og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins. Á seinni önninni læra nemendur að útbúa og koma frá sér hvers konar kynningarefni og fá þjálfun sem tengiliðir fyrirtækis við auglýsingastofur, fjölmiðla og prentsmiðjur. Þetta er góður kostur fyrir stofnanir og fyrirtæki sem útbúa sitt eigið kynningarefni og vilja styrkja sölufarlið.

### UNDIRBÚNINGUR

Einn af stærstu viðskiptaháskólum í Danmörku, Erhvervsakademi Sydvest ([www.EASV.dk](http://www.EASV.dk)) í Esbjerg og Sønderborg, hefur gert samstarfssamning við NTV um að viðurkenna tveggja anna námsbrautir NTV sem inntökuskilyrði fyrir nám í skólanum, að eftirtöldum skilyrðum uppfylltum:

#### ① Tungumálakunnátta

Fyrir enska námsbraut þarf ensku 303 eða samsvarandi stöðupróf frá viðurkenndum málaskóla. Fyrir danska námsbraut þarf stúdentspróf í dönsku eða taka samsvarandi stöðupróf hjá viðurkenndum málaskóla.

#### ② Starfsnám hjá NTV

Skrifstofu- og rekstrarnámi eða Sölu-markaðs- og rekstrarnámi.

#### ③ Margmiðlunarhönnun

Þeir nemendur sem hyggja á nám í margmiðlun hjá EASV þurfa auk þess að ljúka annað hvort námi í Grafískri hönnun eða Alvöru vefsíðugerð.

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV af auglýstu staðgreiðsluverði



INNTRITUN FYRIR HAUSTÖNN STENDUR YFIR



Er réttlætánlegt að fjármagna nýjar vegafarmkæmdir með vegtollum?

Já	32%
Nei	68%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Á Reykjavíkurborg að veita 230 milljónum króna í stækkun golfvallarins við Korpúlfsstaði?

Segðu þína skoðun á vísiris



Höskuldur Þórhallsson segir iðnaðarráðherra verða að skýra mál sitt:

# Icesave tefur ekki stóriðjuna

**VIRKJANIR** Höskuldur Þórhallsson, þingmaður Framsóknarflokksins, segir ekki hægt að slengja því fram að Icesave tefji fjármögnun í stóriðju, án þess að tiltaka þau verkefni sem svo er ástatt um. Sjálfur telur hann það ekki eiga við um nein verkefni.

„Icesave hefur ekkert að gera með þær framkvæmdir sem ríkið getur farið í núna strax í orkugeiranum.“ Tilefni orða Höskulds eru orð Katrínar Júlíusdóttur iðnaðarráðherra í Fréttablaðinu í gær. Þar sagði hún Icesave hafa



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

er í gangi í augnablikinu. Orkuveitan er með Hellsisheiði 5 til 6 í vinnslu og það gengur ágætlega.

verið til trafala, meðal annars í fjárfestingum í orkugeiranum. Ráðherra vísaði í orð forstjóra Landsvirkjunar þar um.

Höskuldur er ósammála. „Nokkrar framkvæmdir eru í gangi í augnablikinu. Orkuveitan er með Hellsisheiði 5 til 6 í vinnslu og það gengur ágætlega.“

Þeirri orku hefur verið ráðstafað til Norðuráls. Síðan er Búðarháls í ágætum farvegi.“

Hvað önnur verkefni varðar segir Höskuldur standa á stjórnvöldum. „Síðan er annað stopp vegna ákvarðana stjórnvalda, vegna þess að framkvæmdaleyfi vantar, eða þau eru í umhverfismati einhvers konar, eða þá að þeir sem vilja koma að þeim eru ekki þóknanlegir stjórnvöldum,“ segir Höskuldur og vísar til Alcoa sem vill kaupa orku af Þeistareykjum.

- kóp

Handteknar á flugvelli:

# Reyndu að fara með lík í flug

**BRETLAND, AP** Tvær konur, 41 og 66 ára gamlar, voru handteknar á flugvelli í Liverpool síðastliðinn laugardag eftir að þær reyndu að fara með lík um borð í flugvél áleiðis til Berlínar. Hinn látni var 91 árs gamall ættingi þeirra.

Þær settu líkið í hjólastól og settu á það sólgleraugu í þeirri von að enginn áttaði sig á því að maðurinn væri látinn.

Konurnar hafa báðar verið látnar lausar gegn tryggingu, en rannsókn málsins heldur áfram.

- gb

## Ferskur fiskur í dag

ýsa í raspi | plökkfiskur | fiskréttir | ferskur fiskur

Ný ýsa  
roðlaus og beinlaus, 500 gr

695 kr/pk

Dalvegi 10-14 | 201 Kópavogur | Sími 560 2500 | www.kostur.is  
Opið virka daga 11-18.30 | Laugardaga 10-18 | Sunnudaga 12-18

**kostur**  
Spörum og njótum lífsins



**FJÁRMÖGNUN** Ákvarðanir greiningarfyrirtækjanna gætu torvelað fjármögnun þeirra orkufreku uppbyggingarverkefna sem fara á í hér á landi á árinu, segir Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Tækifæri í lækkandi láns hæfi hjá ríkinu

Greiningarfyrirtæki hafa undanfarið lækkað láns hæfismat ríkisins eða breytt horfunum í neikvæðar. Breytingarnar hafa fremur lítil áhrif þar sem erlendir lánsfjármarkaðir eru frosnir. Í þeim felast raunar tækifæri segir hagfræðingur.

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða áhrif hefur sú ákvörðun greiningarfyrirtækja að breyta horfum á láns hæfi ríkisins í neikvæðar?

Alþjóðleg greiningarfyrirtæki hafa undanfarið breytt horfum fyrir láns hæfismat íslenska ríkisins úr stöðugum í neikvæðar. Eitt greiningarfyrirtækjanna hefur þegar fellt láns hæfismat ríkisins úr svokölluðum fjárfestingarflokki í ruslflokk, og stutt gæti verið í að önnur fari sömu leið.

Síðast í gær tilkynnti greiningarfyrirtækið Moodys að það hefði breytt horfum fyrir láns hæfismat Íslands úr stöðugum í neikvæðar. Matið er í dag neðst í svokölluðum fjárfestingarflokki, og vantar lítið á hjá bæði Moodys og Standard & Poors að matið detti niður í ruslflokk.

Ekki er ástæða til að gera of mikið úr því að greiningarfyrirtækin breyti horfum á láns hæfismati ríkisins í neikvæðar, segir Ólafur Ísleifsson, hagfræðingur og lektor við viðskiptadeild Háskólans í Reykjavík.

Íslenska ríkið, sem og aðrir íslenskir lántakendur, er í þeirri stöðu að enginn möguleiki er á að sækja lán á erlendan markað, til þess eru of mörg mál úppgerð eftir hrúnið, segir Ólafur. Þar sem láns hæfismatið þjóni þeim tilgangi að gera erlendum lánveitendum og fjárfestum kleift að meta láns hæfið skipti það í raun litlu þegar engin lán séu tekin. Þó sé það vitskuld lakara þegar matið breytist til hins verra.

Í lækkandi láns hæfismati felast raunar tækifæri fyrir Seðlabanka Íslands, sem leitast nú við að kaupa skuldabréf ríkisins í eigu

## Óvissa um erlenda lausafjárstöðu

- Ástæður þess að Moodys breytti horfunum hjá íslenska ríkinu tengjast þeirri óvissu sem ríkir um erlenda lausafjárstöðu ríkisins.
- Tafir á lausn Icesave-málsins takmarka flæði fjármagns til landsins. Þrátt fyrir að betri samningur gæti náðst skaðar óvissan horfur fyrir efnahaginn til skemmri tíma, segir í tilkynningu frá Moodys.
- Í rökstuðningi Moodys er einnig víkið að gjaldeyrisforða Seðlabanka Íslands. Bankinn þarf að fjármagna evrubréf sem eru á gjalddaga í desember 2011 og maí 2012.
- Þótt gjaldeyrisforði bankans myndi duga leikur vafi á því að stærð gjaldeyrisforðans yrði nægileg eftir það til að láns hæfismatið haldist í fjárfestingarflokki, að mati Moodys.

erlendra aðila, segir Ólafur. Lækkað mat þrýsti niður verði bréfanna á eftirmarkaði, og því sé möguleiki á að Seðlabankinn fái leyst bréfin til sín á betra verði en ella.

„Þetta þýðir að unnt kann að reynast að gera upp erlend lán ríkissjóðs á verði undir nafnvirði bréfanna enn frekar en þegar hefur verið tilkynnt,“ segir Ólafur.

Ólafur segir það naumast hafa úrslitaáhrif á hversu hratt láns hæfismat Íslands rísi úr öskustónni þótt matsfyrirtækin setji láns hæfismatið niður í ruslflokk. Láns hæfismatið muni styrkjast á ný þegar góðar fréttir taki að berast af íslenska efnahagslífinu. Þegar góður árangur náist á þeim vettvangi á nýjan leik fari matið upp aftur, sér í lagi ef árangurinn verði umfram væntingar.

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, segir þessar breytingar endurspeglar þá þröngu stöðu sem ríkissjóður sé í. Hann segir það þó enn sína skoðun að matsfyrirtækin séu of svartstýn í spám sínum fyrir Ísland. Ríkið sé ekki mjög skuldsett í alþjóðlegu samhengi, fjárlagahallinn sé

minni en spád hafi verið og minni en víða í nágrannalöndunum.

Tvennt þarf til að koma svo ástandið taki að lagast á ný, segir Gylfi. Til að byrja með þurfi að koma áætlan Alþjóðagjaldeyrisjóðsins á skrið á nýjan leik, og ljúka annarri endurskoðun áætlunarinnar. Þá hafi Icesave-málið mikil áhrif á láns hæfismatið, og löngu ljóst að koma þurfi því máli í höfn.

Lækkandi láns hæfismat og versnandi horfur hafa óveruleg áhrif, segir Gylfi. Hvorki ríkið né aðrir hafi verið að sækja fé á erlenda markaði frá hrúni, svo skammtímaáhrifin verði ekki mikil. Ákvarðanir greiningarfyrirtækjanna gætu þó torvelað fjármögnun þeirra orkufreku uppbyggingarverkefna sem fara á í hér á landi á árinu, að mati Gylfa.

Gylfi segir töfina af því að hafa ekki lokið Icesave-málinu þegar búna að kosta íslenskt þjóðarþú tugi milljarða króna. Kostnaðurinn komi ekki allur fram strax, en fyrirtæki eigi eftir að greiða hærra vexti lengur af erlendu fjármagni þar sem dregið hafi verið að ljúka málinu.

bjrjann@frettabladid.is

# ÚTSALA

**Smellurammar** 10x15 kr. 100.-  
20x25 kr.250.- og 40x50 kr. 800.-

**Myndir** frá kr. 2.500.-  
**Málverk** frá kr. 5.000.-

**Karton m. glugga**  
kr. 200-600.-

**Innrömmun 20% afsláttur**  
**Sérskorinn karton 20% afsláttur**

**Tré og álammar**  
50-60% Afsláttur

**Álammar**  
21x30 kr. 1.200.-  
og 59x67 kr. 1.800.-

**Íslensk grafík**  
Tolli - Bragi - Jón Reykdal - Þórður Hall o.fl.

Opið virka daga  
kl. 9-18  
Laugardag  
kl. 11-15

**RAMMA**  
**MIÐSTOÐIN**  
Síðumúla 34 - Sími 533 3331

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24, alla virka daga frá kl. 9-17.

...góðar fréttir fyrir umhverfið



### Grafísk hönnun

Vinsælt og hagnýtt nám fyrir skapandi fólk. Hentar einnig vel þeim sem vilja hanna sínar eigin auglýsingar og bæklinga. Kennir er á mest notuðu hönnunarforritin.

- Photoshop CS4
- Illustrator CS4
- InDesign CS4

Einnig læra þátttakendur að ganga frá verkefnum sínum í Acrobat Distiller (PDF)

**Kvöldnám hefst 8. apríl og lýkur 1. júní.**  
**Lengd 105 std. Verð kr. 129.000,-**  
**Allar kennslubækur innifaldar**



### Vefsíðugerð 2 – Framhald

Námskeið ætlað þeim sem vilja bæta enn frekar við kunnáttu sína við gerð faglegra vefsvæða og læra betur á Dreamweaver ásamt því að læra að setja inn bannera og hreyfimyndir á vefi.

**Námskeiðið er tvískipt:**

#### • Dreamweaver

Farið er ítarlega í Dreamweaver og unnið með t.d. Layout, Forms og Data. Einnig er farið í Dreamweaver með tilliti til HTML og CSS og fleiri atriði kynnt til sögunnar.

#### • Flash

Farið er ítarlega í Flash og unnið með myndir, texta, hnappa og hreyfimyndir.

**Lengd 42 std. Verð kr. 49.000,-** Hefst 12. apríl og lýkur 5. maí.  
 Kennir er mán og mið (morgun- og kvöldhópar)



### Skrifstofuskólinn

#### Navision – fjárhagsbókhalð

Nám ætlað þeim sem hafa einhvern bókhaldsgrunn að byggja á eða hafa t.d. lokið bókhaldsáföngum í handfærðu bókhaldi í framhaldsskóla. Aðalmarkmið námskeiðs að þjálfar fólk til starfa við tölvubókhalð í Navision og kenna meðferð bókhaldsgagna í Navision. Sjá ítarlega námslýsingu á heimasíðu.

**Námskeið hefst 14. apríl og lýkur 3. maí. Kennir er þrisvar í viku.**  
**Morgun og kvöldnámskeið í boði. Lengd 42 std. Verð kr. 54.000,-**

Ath. möguleika á niðurgreiðslu fyrir atvinnulausa og endurg. stéttarfélag, kynntu þér málið.

## Tölvunámskeið fyrir eldri borgara 60+



### » Grunnnámskeið

**30 kennslustd. tölvunámskeið fyrir algjöra byrjendur 60+.**

Hæg yfirferð með reglulegum endurtekningum í umsjá þolinmóðra kennara. Ritvinnsla, internetið og tölvupóstur.

• **Hefst 14. apríl og lýkur 5. maí.**

Kennir er þriðjudaga og fimmtudaga kl. 13-16. Verð kr. 25.000,-

### » Framhald

30 kennslustd. námskeið. Hentar þeim sem lokið hafa grunnnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.

• **Hefst 15. apríl og lýkur 5. maí.**

Kennir er mánudaga og miðvikudaga kl. 13-16. Verð kr. 25.000,- (kennslubók innifalin)

### » Stafrænar myndavélar 60+

**Fyrir þá sem hafa lokið framhaldsnámskeiðinu eða hafa sambærilega undirstöðu.**

Þátttakendur nota eigin myndavél og læra notkun og stillingu hennar ásamt meðferð stafræna ljósmynda í tölvu. M.a. færa myndir úr myndavél í tölvu, flokkun, einfaldar lagfæringar, prentun og sendingar mynda í tölvupósti.



• **Námskeið hefst 19. apríl og lýkur 28. apríl. (Mán & mið kl. 13-16)**  
 Lengd námskeiðs 18 kennslustd. Verð kr. 15.000,- (Kennsluhefti innifalið)



Stök forrit	Stundafjöldi	Hefst	Verð
Illustrator	31 std	27. apríl	44.000,-
InDesign	31 std	18. maí	44.000,-
Flash	21 std	12. apríl	27.000,-
Dreamweaver frh	21 std	26. maí	27.000,-
Exchange Server 2010	50 std dagnámskeið 1	7. apríl	245.000,-
Exchange Server 2010	50 std dagnámskeið 2	6. maí	245.000,-
Exchange Server 2010	50 std kvöldnámskeið	5. maí	245.000,-
System Center Configuration	50 std	29. maí	245.000,-
Sharepoint Site Owner	20 std	4. maí	98.000,-



Learning Solutions  
 Networking Infrastructure Solutions





## Hver er svona lítil og sæt?

Ótrúlega lítil og nett Dell Inspiron Mini

Innifalið:

- Netfrelsi frá Vodafone
- Innbyggt 3G netkort
- 5 GB gagnamagn innifalið í 1 mán.

**0 kr. útborgun**

og 6.990 kr. á mán. í 12 mán.  
eða 79.990 kr. staðgreitt.

Nánari upplýsingar á [vodafone.is](http://vodafone.is)  
og í síma 1414.

power to you



SVONA HLÆJA DJÁKNAR Hláturinn er fyrst og fremst félagslegt fyrirbæri, segja þeir sem krufið hafa fyrirbærið.

NORDICPHOTOS/AFP

# Hláturvísindi eru ekkert gamanmál

Þegar vísindamenn koma sér fyrir í verslunarmiðstöðvum til að fylgjast með fólki hlæja eru þeir ekki á höttunum eftir bröndurum. Þeir eru enn að reyna að átta sig á þessu frumstæða fyrirbæri sem dregur úr áhyggjum og þunglyndi.

**VÍSINDI. AP** Hlátur er frumstætt atferli og fyrsta tjáningarform okkar. Apar hlæja. Hundar og rottur hlæja. Og smábörn byrja að hlæja löngu áður en þau læra að tala.

Enginn þarf að kenna okkur að hlæja. Við byrjum bara að hlæja, stundum ósjálfrátt og jafnvel gegn vilja okkar.

Kannski kemur það á óvart að einungis í tíu til fimmtán prósent tilvika sprettur hláturinn af því að einhver hafi sagt eitthvað fyndið. Þetta fullyrðir þó taugasérfræðingurinn Robert Provine, sem hefur áratugum saman rannsakað hlátur.

Hann segir hlátur sjaldnast vera viðbrögð við brandara, heldur viðbrögð manna í félagslegum aðstæðum. „Hlátur er fyrst og fremst félagslegt fyrirbæri,“ segir hann. „Forsenda hláturs er önnur manneskja.“

Provine er prófessor við háskólann í Maryland. Hann segist hafa krufið hláturinn og komist að kjarna hans.

„Allir tungumálahópar hlæja „ha ha ha“ nokkurn veginn eins,“ segir hann. „Hvort sem menn tala mandarín-kínversku, frönsku eða ensku, þá skilja allir hlátur. Það er ákveðinn mynsturgjafi í heilanum sem framleiðir þetta hljóð.“

Hvert „ha“ tekur um það bil fimmtánda part úr sekúndu. Ef menn hlæja hægar eða hraðar en það, þá hljómar það ekki eins og hlátur.

Heyrnarlausir hlæja án þess að heyra og fólk í síma hlær án þess að sjá, segir Provine, og vill með þessu sýna fram á að hlátur er ekki byggður á einu skilningarviði heldur á félagslegum samskiptum.

Hláturinn er ekki heldur bundinn við manneskjur, því simpansar kitla hver annan og hlæja meira að

segja þótt annar simpansi þykist bara kitla þá.

„Einmitt það kemur sterklega til greina sem elsti brandarinn,“ segir Provine. „Platkitlið, það er virkilega frumstæður húmor.“

Annar hláturfræðingur, Jaak Panksepp, sálfræðiprófessor við Bowling Green-háskólann, hefur einnig rannsakað rottur sem hlæja þegar hann kitlar þær. Og þeim finnst það greinilega skemmtilegt því þær koma aftur og aftur til prófessorsins þegar hann kitlar þær.

Með því að rannsaka rottur hefur vísindamönnum tekist að átta sig á því hvað gerist í heilanum þegar við hlæjum. Hláturinn framkallar í heilanum efni sem dregur úr áhyggjum og þunglyndi.

„Þetta snýst um ánægjuna, jákvæða þátttöku í lífinu,“ segir Panksepp. [gudsteinn@frettabladid.is](mailto:gudsteinn@frettabladid.is)

**Skoraðu á þig og taktu skrefið!**

MBA-nám við Háskóla Íslands

Kynningarfundur um MBA-nám á morgun, fimmtudaginn 8. apríl, kl. 17.00–18.00.

Næstu kynningarfundir:

- Miðvikudaginn 21. apríl kl. 11.40–12.30
- Mánudaginn 3. maí kl. 11.40–12.30

Fundirnir verða haldnir á Háskólatorgi, stofu 101. Allir velkomnir.

[www.mba.is](http://www.mba.is)

UNIVERSITÄTIS ISLANDIAE SIGILLUM  
HÁSKÓLI ÍSLANDS



Pjóðskrá og Fasteignaskrá:  
**Sameinast í  
Pjóðskrá Íslands**

**STJÓRN MÁL** Pjóðskrá og Fasteignaskrá Íslands sameinast í nýja ríkisstofnun; Pjóðskrá Íslands, hinn 1. júlí verði frumvarp þar um að lögum. Byggir það á tillögum samráðshóps dómsmála- og mannréttindaráðherra.

Tölvudeildir Pjóðskrár og Fasteignaskrárinnar hafa þegar verið sameinaðar.

Vonir standa til að sparnaður hljótist af sameiningunni til langs tíma auk þess sem hin nýja stofnun geti annast önnur verkefni fyrir ríkið. - bps

Stjórnarformaður segir sameiginlegt mat hafa kostað íbúa miklar fjárhæðir:  
**Mati Þeistareykja lokið í júlí**

**VIRKJANIR** Stefnt er að því að sameiginlegu mati á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda við Þeistareyki ljúki í júlí, að sögn Bergs Elíasar Ágústssonar, stjórnarformanns Þeistareykja og bæjarstjóra Norðurbings. Hann segir tafir vegna sameiginlegs mats hafa haft mikil áhrif á verkefnið og verið kostnaðarsamar.

„Öll orka okkar og allir fjármunir hafa farið í að klára þetta sameiginlega mat, á fjórðum af átta framkvæmdaþáttum sem um ræðir. Okkar hendur eru náttúrulega bundnar þangað til því er lokið og



**ÞEISTAREYKIR** Bergur Elías Ágústsson er ósáttur við sameiginlega umhverfismatið. Það hafi haft kostnað í för með sér og sé alls ekki heildstætt.

þessi töf hefur kostað íbúa sveitarfélagsins gríðarlegar fjárhæðir, því miður.“ Vegna matsins hafi ekki

verið unnt að ljúka rannsóknarborholum og því sé óljóst hve mikil orka er á svæði. Því hafi ekki verið hægt að ræða við mögulega kaupendur. „Við höfum náttúrulega áhugasaman kaupanda, en það er spurning hvort hann er þóknanlegur,“ segir Bergur og vísar þar til Alcoa.

Bergur segir sérkennilegt að matið hafi ekki tekið til allra framkvæmdaþátta, heldur aðeins línanna Þeistareykja, Kröflu II og álvers á Bakka. Fyrir utan standi stórir þættir eins og Bjarnarflag, vegagerð og Höfn. Sameiginlega matið sé því ekki heildstætt. - kóp

Gallerí Stúdíó Stafn:  
**Viðurkenning  
fyrir heiðarleik**

**MENNING** Viktor Smári Sæmundsson, eigandi Stúdíós Stafns, hefur fengið viðurkenningu Myndstefs, samtaka myndhöfunda á sviði höfundarréttar, fyrir heiðarlega viðskiptahætti við endursölu listaverka.

Erfitt hefur reynt að innheimta svokallað fylgiráttargjald. „Við höfum verið að kæra og komumst ekkert áfram svo við ákváðum að fara hina leiðina. Við tókum út þann mann sem hefur staðið heiðarlegast að þessum málum,“ segir Knútur Bruun hjá Myndstefi. - þeb



**SKÓLABÖRN** Ætlunin er meðal annars að auðvelda skólabörnum að komast leiðar sinnar í skóla og tómstundir.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Borgarfulltrúar í Reykjavík:  
**Vilja draga úr  
umferðarhraða**

**SAMGÖNGUMÁL** Reykjavíkurborg ætlar að grípa til aðgerða til þess að draga úr umferðarhraða í hverfum borgarinnar. Þetta var samþykkt einróma á fundi borgarstjórnar í gær.

Aðgerðirnar felast í því að skoða gönguleiðir barna á leið í skóla eða tómstundir sérstaklega. Þá verða gerðar áætlanir um lækkun hámarks hraða á götum sem börn þurfa að fara um. Forritun gönguljósa verður einnig breytt þannig að ljósin stöðvi bílaumferð þegar ýtt sé á gönguljósahnapp, í stað þess að vegfarendur bíði eftir samstillingu ljósa fyrir bílaumferð. - þeb

Umhverfisráðherra:  
**Farfuglaheimili  
fá Svansvottun**

**UMHVERFISMÁL** Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra afhenti Farfuglaheimilinum í Laugardal og á Vesturgötu Svanninn, vottun norræna umhverfismerkisins.



**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR**

Fram kom í máli umhverfisráðherra að Svansleyfin á Íslandi eru með þessu orðin sjö talsins, auk þess sem tólf aðrar umsóknir hafa borist Umhverfisstofnun.

Farfuglaheimilið í Laugardal fékk Svansvottun árið 2004, og var því verið að endurnýja leyfið með vottuninni í gær. Farfuglaheimilið á Vesturgötu var hins vegar opnað fyrir um það bil ári og hlaut nú vottun í fyrsta skipti. - þeb

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Tvær líkamsrásir kærðar**

Tvær líkamsrásir voru kærðar til lögreglunnar í Vestmannaeyjum eftir páskana. Báðar áttu árástirnar sér stað aðfaranótt 3. apríl. Í öðru tilfallinu var dyrvörður sleginn af gesti Hallarinnar, en hin átti sér stað í heimahúsi. Árástirnar voru báðar minniháttar.

**MEIRI VERÐLÆKKUN FRÁ AUGLÝSTUM VERÐUM Í BÆKLING**

# ToysRUs

**TAKMARKAÐ MAGN!**

## ÞAÐ ER VOR Í LOFTI!

**HEILDARVERÐ**  
TRAMPÓLÍN + ÖRYGGISNET

366 CM

**48.998**

SPARIÐ 10.000

460673  
**TRAMPÓLÍN**  
Gegnheil stálgrind úr 45 mm galvanhúðuðum stálrörum og gegnheilum fótum. Slitsterkur nælondúkur með sterkum 3,2 mm gormum með hlífum. Veljið stærð: : 366 cm. Venjulegt verð 35.999

460692  
**ÖRYGGISNET**  
Veljið stærð: 366 cm. Venjulegt verð 22.999 -

**MUNIÐ EFTIR ÖRYGGISNETINU!**

Trampólín er skemmtilegt leiktæki sem veitir krökkum ánægjulega hreyfingu. Við mælum með því að þú kaupir öryggisnet fyrir trampólín frá 240 cm og stærri, til að koma í veg fyrir að börn slasist við leik.

591221  
**14" BEN 10 REIÐHJÓL**  
Þrískipt fótstig, handbremsa að framan, fótbremsa að aftan, hjálpardekk, endurskinsdekk. Venjulegt verð 23.999

Sæðishæð  
48-56 cm

14"

**18.999**

SPARIÐ 5.000

591078  
**12" CARS REIÐHJÓL**  
Þrískipt fótstig, handbremsa að framan, fótbremsa að aftan, hjálpardekk og bjalla. Venjulegt verð 21.999

Sæðishæð  
41-46 cm

14"

**14.999**

SPARIÐ 7.000

**KÓPAVOGUR: Smáratorg sími 550 0800**  
**GRAFARVOGUR: Blikastaðavegur sími 585 0600**  
**AKUREYRI: Glerártorg sími 461 4500**

Tilboðin gilda til og með 11.04.2010. VSK er innifalinn í verði. Fyrirvarar eru gerðir vegna mögulegra prentvillna.



1. Hvað heitir forstjóri Sjúkratrygginga Íslands sem heilbrigðisráðherra hyggst áminna?
2. Hvað heitir félagið sem áður hét Félag ungra lækna?
3. Hvað er bilið stórt sem brúa þarf á fjárlögum fyrir næsta ár?

SVÖRIN ERU Á Síðu 46

# Hlutverk umboðsmanns skuldara verður mun veigameira en Ráðgjafarstofunnar: Veitir aðstoð og rekur erindi skuldara

**ALÞINGI** Embætti umboðsmanns skuldara er ætlað mun viðameira hlutverk en Ráðgjafarstofa um fjármál heimilanna hefur haft með höndum. Embættið verður reist á grunni Ráðgjafarstofunnar og tekur til starfa við samþykkt frumvarps félags- og tryggingamálaráðherra þar um.

Meðal þess sem breytist er að umboðsmaður skuldara á að gæta hagsmuna skuldara og bregðast við þegar brotið er á þeim. Þá á hann að hafa milligöngu um samskipti og samninga við lánardrottna með hagsmuni skuldara að leiðarljósi.



ÁRNI PÁLL ÁRNASON

Starfsmönnum Ráðgjafarstofunnar verða boðin störf hjá nýja

Samkvæmt frumvarpinu getur umboðsmaður krafist stjórnvöld, fyrirtæki og samtök um allar þær upplýsingar sem hann telur nauðsynlegar til að hann geti sinnt hlutverki sínu, jafnvel þó lög mæli fyrir um þagnarskyldu.

Lánastofnunum verður gert að standa straum af kostnaði við rekstur umboðsmanns skuldara. Áætlað er að árlegur rekstrarkostnaður nemi 330 milljónum króna auk þess sem stofnkostnaður á þessu ári verði 33 milljónir.

Samkvæmt frumvarpinu eiga lánastofnanir að greiða gjöld vegna starfsmanna beint til umboðsmanns. Fjármálaráðuneytið hefur gert athugasemd við þá tilhögun og telur rétt að gjöldin renni í ríkissjóð og fjármunum verði veitt til embættisins á fjárlögum hverju sinni.

- bps

# Hjálpartækjaleiga stofnuð: Hjálpar blindum nemendum

**FÓLK** Blindrafélagið hefur komið á fót hjálpartækjaleigu fyrir blinda og sjónskerta. Leigunni er meðal annars ætlað að veita skólum leigu á hjálpartækjum fyrir blinda og sjónskerta nemendur, í stað þess að þurfa að ráðast í dýrar fjárfestingar á tækjum. Þannig geti skólar landsins átt auðveldara með að uppfylla skyldur sínar gagnvart blindum og sjónskertum nemendum og tryggt jafnt aðgengi þeirra að menntun.

- þeb

## Brown boðar til þingkosninga: Kosningar í byrjun maí

**BRETLAND** Gordon Brown, forsætisráðherra Bretlands, tilkynnti í gær að þingkosningar fari fram í landinu 6. maí næstkomandi. Brown gekk á fund Elísabetar II Bretadrottningar í gærmorgun og bað hana að leysa upp þingið og boða til kosninga.



GORDON BROWN

Óvissa er um stöðu stjórnmalaflokkanna þar sem skoðanakannanir eru misvísandi. Flestar benda þær til þess að Íhaldsflokkurinn hafi forskot.

Hins vegar er það sagt vera allt frá tveimur prósentum upp í tíu. Ef hvorugur flokkurinn nær meirihluta gætu Frjálslyndir lent í oddastöðu.

Einnig er sá möguleiki fyrir hendi að það verði stjórnarkreppa sem staðið gæti nokkra mánuði.

- ót

## Annríki hjá lögreglu á Selfossi: Líkamsárásir og tryggingasvik

**LÖGREGLUMÁL** Lögreglan á Selfossi hefur til rannsóknar þrjár líkamsárásir sem áttu sér stað um páskahelgina. Tvær árássanna áttu sér stað á skemmtistaðnum 800 bar en sú þriðja í heimahúsi.

Þá hefur lögreglan til rannsóknar kæru tryggingafélags á hendur tveimur mönnum. Mennirnir eru sakaðir um að hafa sviðsett árekstur og síðan reynt að fá bætur frá tryggingafélaginu. Mennirnir hafa verið yfirheyrðir af lögreglu. Niðurstaða málsins liggur ekki fyrir en rannsókn mun að sögn ljúka innan skamms.

# Fasteignaskattur og útsvar hækkaði mest á Álftanesi

Sextán sveitarfélög hækkuðu fasteignaskatta milli ára. Hækkunin á Álftanesi nemur 42,86 prósentum en sveitarfélagið er með hæsta útsvarið og hæstu fasteignaskattana. Átta sveitarfélög hækkuðu útsvarið.

**SKATTAR** Sextán sveitarfélög á landinu innheimta hærra hlutfall af fasteignamati íbúðarhúsnæðis í skatt á þessu ári en þau gerðu í fyrra.

Álftanes sker sig úr hvað hækkunir varðar, þar er fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði nú 0,4 prósent af fasteignamati en var 0,28 prósent árið 2009. Hækkunin er 42,86 prósent. Til hennar var gripið vegna þeirra miklu fjárhagserfiðleika sem Álftanes á nú við að eiga. Eins og kunnugt er hefur sveitarfélagið verið svipt eigin fjárföræði og því skipuð sérstök fjárhagsstjórn.

Af öðrum stærri sveitarfélögum hækkaði Árborg fasteignaskatt um 26,8 prósent, Kópavogur um 8,11 prósent, Akranes um 4,8 prósent og Akureyri um 4 prósent.

Álftanes er einnig með hæsta útsvar á landinu, 14,61 prósent. Almennt hámarksútsvar er 13,28 prósent en vegna fjárhagserfiðleikanna hefur er lagt sérstakt tíu prósent álag á útsvar Álftanesinga. Fimm prósent álag vegna fjárhagserfiðleika er lagt á útsvar Bolvíkinga. Þar er prósentan nú 13,94 prósent.

Aðeins 16 af 77 sveitarfélögum í landinu eru með útsvarsprósentu undir 13,28 prósent hámarkinu. Íbúar þriggja fámennra hreppa greiða lágmarksútsvar, 11,24 prósent, það eru Skorradalshreppur, Ásahreppur og Helgafellssveit. Prettán sveitarfélög eru á bilinu 11,24-13,28 prósent.

Fyrir utan Álftanesinga hækkuðu sjö sveitarfélög útsvarsprósentu sína milli ára 2009 og 2010. Í þessum hópi eru Grinda-

### ÚTSVARSPRÓSENTA

Átta sveitarfélög hækkuðu útsvarsprósentu sína frá 2009 til 2010.

Sveitarfélag	2009	2010	Hækkun
Álftanes	13,28	14,61	10%
Grindavík	13,03	13,28	1,9%
Mosfellsbær	13,03	13,19	1,2%
Sandgerði	12,7	13,1	3,1%
Vogar	13,03	13,28	1,9%
Eyja- og Miklaholtshr.	12,8	13,03	1,8%
Svalbarðshreppur	13	13,28	2,1%
Ölfus	13,03	13,28	1,9%

Sextán sveitarfélög hafa útsvarsprósentu undir leyfðu hámarki.

Sveitarfélag	2010
Seltjarnarnes	12,10
Reykjavík	13,03
Garðabær	12,46
Kjósarhreppur	12,53
Garður	13,03
Skorradalshreppur	11,24
Hvalfjarðarsveit	13,03
Helgafellssveit	11,24
Arnarneshreppur	13,0
Tjörneshreppur	12,85
Fljótaldshreppur	12,0
Ásahreppur	11,24
Grimnes- og Grafningshreppur	12,74
Mosfellsbær	13,19
Sandgerði	13,10
Eyja- og Miklaholtshreppur	13,03
Ólágmarksútsvarsprósentu	
Óhámarksútsvarsprósentu	

### FASTEIGNASKATTUR

Sveitarfélag	2010	2009	Breyting
Akranes	0,325	0,31	4,84%
Akureyri	0,3328	0,32	4,00%
Breiðdalshreppur	0,625	0,5	25,00%
Dalvík	0,44	0,4	10,00%
Djúpavogshreppur	0,625	0,55	13,64%
Fjallabyggð	0,44	0,4	10,00%
Grundarfjarðarbær	0,4	0,34	17,65%
Húnavatnshreppur	0,43	0,36	19,44%
Kópavogur	0,28	0,259	8,11%
Mýrdalshreppur	0,5	0,56	-10,71%
Reykholahreppur	0,5	0,45	11,11%
Súðavíkurhreppur	0,42	0,45	-6,67%
Álftanes	0,4	0,28	42,86%
Árborg	0,35	0,276	26,81%
Vopnafjarðarhreppur	0,5	0,4	25,00%
Þingeyjarsveit	0,625	0,5	25,00%

vík, Vogar, Svalbarðshreppur og Ölfushreppur. Íbúar þeirra greiða hámarksútsvar í ár en voru undir þeim mörkum á síðasta ári.

Upplýsingar um helstu breytingar sveitarfélaga á útsvari og fasteignaskatti er að finna í töfl-

unum með fréttinni. Betri sam- anburður fæst við það að bera saman hækkunir milli ára en álagningarprósentu. Álagningin er hlutfall af fasteignamati, sem aftur endurspeglar áætlað staðgreiðsluverð eigna. Sá sem býr í

sveitarfélagi eins og Kópavogi þar sem skatturinn er 0,28 prósent af fasteignamati greiðir því líklegra fleiri krónur í skattinn af en íbúi í Breiðdalshreppi mundi greiða af sambærilegri eign þótt skatturinn þar sé er 0,625 prósent.

- pg

Framlagið þitt greiðir hjúkrun og áfallahjálpar. Það hjálpar fólki að takast á við framtíðina. Á regntímanum framundan þarf fólkið skjól og sáðkorn í næstu uppskeru. Við leggjum til byggingarefni og útvegum frá. Við styðjum munaðarlausu börnin og þá sem örkuhlást hafa eða eru fatlaðir. Íbúar Haítí treysta á umheiminn. Þú ert umheimurinn.

## Hjálpum Haítí

Við hvetjum þá sem geta til að greiða valgreiðslu sem send hefur verið í heimabanka

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsíma 907 2003. Hvert símtal gefur 2.500 kr.

Söfnunarreiðingur er: 0334-26-886, kt. 450670-0499

Hjálparstarf Kirkjunnar  
www.help.is

Púsundur Þjóðverja mótmæla:  
**Stríði í Afgan-  
istan mótmælt**

**ÞÝSKALAND, AP** Púsundur Þjóðverja tóku þátt í mótmælagöngum um páskana gegn stríðinu í Afgan-istan.

Misfjöldmenn mótmæli voru haldin í tugum borga og bæja víðs vegar um Þýskaland, og segja skipuleggjendur mótmælanna að samtals hafi tugir þúsunda tekið þátt.

Á föstudag létu þrír þýskir hermenn lífið í Afganistan, en sama dag urðu þýskir hermenn sex Afgönum að bana, að sögn fyrir slýsni. -gb

Þingmenn úr öllum flokkum telja nauðsynlegt að treysta þrískiptingu valdsins:

**Ráðherrar geti kallað til varamenn**

**ALÞINGI** Ráðherrar geta kallað til varamenn til setu á Alþingi verði frumvarp nítján þingmanna úr öllum flokkum að lögum.

Í því er gert ráð fyrir að þingmaður geti, meðan hann gegnir ráðherraembætti, ákveðið að sitja á Alþingi samkvæmt embættisstöðu sinni sem ráðherra en ekki þingmaður. Missir hann því atkvæðisrétt en getur tekið þátt í umræðum.

Flutningsmenn telja þetta ráðslag til þess fallið að styrkja ákvæði stjórnarskrárinnar um þrískiptingu valdsins enda séu skilin á milli löggjafarvaldsins og framkvæmdarvaldsins óljós. Í greinargerð er bent á að fyrir þinginu liggja frumvarp um breytingu á



**FRÁ ALÞINGI** Í nýju frumvarpi er gert ráð fyrir að þingmaður sem verður ráðherra geti setið á þingi sem ráðherra en ekki þingmaður.

stjórnarskrá þess efnis að skýrt verði kveðið á um að þingmaður sem skipaður verði ráð-

herra skuli víkja úr þingsæti á meðan hann gegnir ráðherraembætti og varamaður hans taka sæti hans á meðan. „Verði það frumvarp samþykkt getur breytingin eðli máls samkvæmt ekki tekið gildi fyrr en á nýju kjörtímabili. Það frumvarp sem nú er lagt fram gerir þeim sem nú er kjósa kleift að hafa þennan háttinn á strax á þessu kjörtímabili,“ segir í greinargerðinni.

Í frumvarpinu er miðað við að ráðherra sem ákveður að kalla til varamann haldi kjörum sínum. Í því felst að útgjöld Alþingis aukast sem nemur þingfararkaupi og öðrum greiðslum til varaþingmannsins.

- bps



**SNJÓFLÓÐAÆFING** Frá æfingu Landsbjargar á viðbúnaði vegna snjóflóða árið 2008. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Snjóflóð féll á skíðasvæði:  
**Braut veðurat-  
hugunarstöð**

**SNJÓFLÓÐ** Skemmdir urðu á mannvirkjum þegar snjóflóð féll á skíðasvæðinu á Siglufirði um kvöldmat á páskadag. Nýlega var búið að loka svæðinu.

Flóðið féll meðal annars á lyftuskúr á milli barnabrautar og sonefndrar T-brautar auk þess sem það braut niður sjálfvirka veðurathugunarstöð.

Að kvöldi mánudags féllu svo tvö flóð milli Ólafsfjarðar og Dalvíkur og þurftu björgunarsveitir að aðstoða fólk úr tveimur bílum sem óku inn í flóðin.

Súðavíkurvegur var svo lokaður framán af morgni í gær vegna snjóflóðs sem þar féll. - óká

Kjúklingur innkallaður:  
**Grunur um  
salmonellu**

**HEILBRIGÐISMÁL** Grunur leikur á að salmonellu-smit sé að finna í kjúklingi framleiddum af Matfugli ehf. Frekari rannsóknir munu fara fram en þangað til þykir fyrirtækinu rétt að innkalla vöruna.

Um er að ræða kjúkling með rekjanleikanúmerið 215-10-08-1-03. Í samræmi við innra eftirlit fyrirtækisins og í samráði við heilbrigðisyfirvöld hefur verið unnið að innköllun vörunnar.

Hafi fólk fest kaup á kjúklingi með fyrrnefndu númeri má skila vörunni í viðkomandi verslun eða beint til Matfugls.

Fyrirtækið tekur jafnframt fram að kjúklingurinn er hættulaus fari neytendur eftir leiðbeiningum um eldamennsku, steiki í gegn og gæti þess að blóðvökvi fari ekki í aðra vöru.

**LÖGREGLUFRÉTTIR**

**Margir teknir**

Átján manns voru teknir fyrir ölvunarakstur á höfuðborgarsvæðinu um páskana. Þá voru níu teknir fyrir að aka undir áhrifum fíkniefna. Ellefu þeirra sem voru stöðvaðir höfðu þegar verið sviptir ökuleyfi.

**UTANRÍKISMÁL**

**Afhenti trúnaðarbréf**

Gunnar Snorri Gunnarsson hefur afhent Ivo Josipovic, forseta Króatíu, trúnaðarbréf sem sendiherra Íslands gagnvart landinu. Það gerði hann á fundi þeirra hinn 1. apríl síðastliðinn.

**Fermingargjöf  
sem *vex***

*Hafðu samband*  
sími 444 7000 \* arionbanki.is

— *Framtíðarbók* Arion banka

Framtíðarbók Arion banka er góð gjöf frá þeim sem vilja leggja traustan grunn að framtíð fermingar barnsins.

Framtíðarbók er verðtryggður innlánsreikningur sem gefur hæstu vexti almennra verðtryggðra innlánsreikninga. Innistæðan er laus til úttekta við 18 ára aldur.

**DOGMA**

Öll fermingarbörn sem leggja 25 þúsund kr. eða meira inn í Framtíðarbók fá bol að eigin vali úr versluninni Dogma.

Nánari upplýsingar fást hjá þjónusturáðgjöfum í útibúum Arion banka eða á arionbanki.is.

**Arion banki**

Eitt atvinnusvæði eða ekki?

## Ríkið úti að aka

**E**kki löngu fyrir áramót samþykkti ríkisstjórnin að skipta landinu í sjö svæði við gerð sóknaráætlana í landshlutum. Eitt þeirra er svokallað Suðvestursvæði, eða stór-höfuðborgarsvæðið. Skiptingin er hluti af svokallaðri Sóknaráætlun 20/20.

Til margra ára hefur verið yfirlýst stefna stjórnvalda að stór-höfuðborgarsvæðið skuli verða eitt atvinnusvæði, en endahnúturinn í þeirri þróun átti að vera gerð Suðurstrandarvegur til að tengja Suðurnesin og Suðurlandið.

Fullt af fólki hefur tekið alvarlega þessar ráðagerðir ríkisins og eru þeir ófáir sem sækja vinnu á milli byggðarlaga á þessu svæði, hvort heldur það er frá Selfossi og Hveragerði til Reykjavíkur, eða öfugt.

„Lagt er til að sóknaráætlun fyrir höfuðborgarsvæðið nái til alls suðvesturhorn landsins, þ.e. hins hefðbundna höfuðborgarsvæðis en jafnframt Reykjaness í vestri, Árborgarsvæðis í austri og Akraness/Borgarfjarðar í norðri. Þetta styðst við þau rök að í raun er svæðið að verulegu leyti eitt atvinnusvæði sem verður að skoða heildstætt,“ segir í tillögu um svæðaskiptingu sóknaráætlunarinnar. Bent er á að

### SKOÐUN

Óli Kristján Ármannsson  
olikr@frettabladid.is



verulegur munur sé á íbúafjölda á hvern ferkílómetra á suðvestursvæðinu og á öðrum landssvæðum. Á suðvestursvæðinu séu 80 til 200 íbúar á hvern ferkílómetra, en annars staðar séu á hvern ferkílómetra 0,5 til 1,26 íbúar.

Nú má spyrja hvers það eigi að gjalda það fólk sem tekið hefur alvarlega fyrirætlanir stjórnvalda og jafnvel flutt búferlum með það í huga að sækja vinnu á milli byggðarlaga á þessu svæði. Fólk sem sækir vinnu yfir Hellisheiði þyrfti þá að greiða um 100.000 krónur árlega í veggjöld ofan á allt annað.

Slíkar hömlur á uppbyggingu svæðisins sem eitt atvinnusvæði hljóta að teljast stefnubreyting af hálfu stjórnvalda og vaknar spurningin um það hvort þeir sem reitt hafa sig á fyrri fyrirætlanir geti sótt bætur vegna forsendubrests.

Þá kemur fram í viðtali blaðsins við Runólf Ólafsson, framkvæmdastjóra Félags íslenskra bifreiðaeigenda, í dag að á þessu ári sé ráð fyrir því gert að 13,5 milljarðar króna fari í viðhald og nýframkvæmdir í vegagerð. Á sama tíma er gert ráð fyrir að tekjur af bensínjaldinu einu verði á milli 16 og 17 milljarðar. Þó er bundið í lög að olíu- og bensínjald skuli að fullu renna til vegagerðar, utan hálf prósentis sem ríkið fær til að standa undir umsýslu. Heldur þykir manni hart að uppi skuli ráðagerðir um sérstaka vegatolla á sama tíma og segja mætti að ríkið standi í skuld með lögbundin framlög.

Þá er vert að hafa í huga það sem Runólfur bendir á að skatttekjur ríkisins af bílum hafi verið meiri heldur en kostnaður vegna þeirra. „Við teljum að miðað við núverandi aðstæður sé það brot á jafnræðisreglu og ekkert annað en viðleitni til þess að auka skatta að koma með svona viðbótargjaldheimtu eins og þessar hugmyndir ganga út á,“ segir hann.

Hafi yfirstandandi efnahagshörmungar eitthvað kennt okkur þá ætti það að vera að ekki borgar sig að teygja sig um of í fjárfestingum. Hafi þjóðin ekki efni á vegafarmkvæmdum án stórauðinnar skattheimtu, þá væri kannski ráð að bíða með þær.

### FRÁ DEGI TIL DAGS

#### Eitthvað gott í imbanum?

Starf ráðherra og starfsfólks ráðuneyta er viðamikilið, ekki síst í miðri kreppu. Meðal annars þarf að svara fyrirspurnum þingmanna sem geta verið kúnstugar. Sigríður Ingibjörg Ingadóttir, þingmaður Samfylkingarinnar, spurði til dæmis Katrínu Jakobsdóttur menntamálaráðherra um ýmislegt varðandi Ríkisútvarpið, hver væru starfsvið þess og hverjir stjórnir þeim, hvaða innlendu þættir séu á dagskrá og hverjir hafi umsjón með þeim, svo eitthvað sé nefnt. Þetta má allt saman finna á

heimasíðu Ríkisútvarpsins. Nær hefði verið að spyrja hvort eitthvað gott hefði verið í sjónvarpinu.

#### Lengur en skólabörnin

En það er kannski ekki nema von að þingmenn hafi tíma til ítarlegra fyrirspurna um atriði sem sæmlega gügg-læst fólk flettir upp á korteri. Þeir eru jú enn í páskafríi. Í dag hefst skólinn hjá grunnskólabörnunum, en þingmenn mæta í vinnu á mánudag í næstu viku.

#### Fyrir atvinnulausa

Nokkuð var rætt um 230 milljóna króna styrk Reykjavíkurborgar til Golfklúbbs Reykjavíkur í borgarstjórn í gær. Fulltrúum minnihlutans þótti þetta skjóta skökku við, á meðan skorið væri niður á ýmsum öðrum sviðum. Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, forseti borgarstjórnar, taldi hins vegar golfvöllinn vera mikilvægt tómstundasvæði fyrir atvinnulausa. Þetta er allrar athygli vert og til upplýsingar kostar árskort hjá golfklúbbumunum, fyrir félagsmenn 21 til 66 ára, 75 þúsund krónur. Góða skemmtun.

kolbeinn@frettabladid.is



### HALLDÓR



## Bætt heilsa – betra loft

### Heilbrigðismál



Álfheiður Ingadóttir  
heilbrigðisráðherra



Svandís Svavarsdóttir  
umhverfisráðherra

Alþjóðaheilbrigðisdagurinn er haldinn 7. apríl á hvert. Að þessu sinni er hann tileinkaður áhrifum þéttbýlismyndunar á heilbrigði fólks. Í fyrsta sinn í sögunni býr meirihluti mannkyns í borgum, sem felur í sér nýjar áskoranir. Víða í stærstu borgum heims er fátækt landlæg, vatnsskortur mikill og hreinlæti ábótavant, svo smitsjúkdómar vaða uppi. Þar sem velmegun ríkir hins vegar hafa lífsstíllssjúkdómur, svo sem offita og sykursýki, skotið rótum, vegna streitu og óheilbrigðs lífennis.

Hér á landi er ekki öll vandamál borgarlífsins að finna. Það má þakka hreinu og nægu vatni – sem og öflugu velferðarkerfi, sem tryggir Íslendingum einhver mestu lífsgæði á byggðu bóli. En einu þeirra getum við ekki litið framhjá: Mengun af völdum umferðar er alvarlegasta umhverfisvandamál okkar borgarbúa og hefur veruleg áhrif á heilsu manna.

Þegar horft er yfir Reykjavík á kyrrlátum vetrardegi blasir vandinn við. Þótt hér séu engin iðnaðarverfi með skorsteinum sem spúa eimyrju yfir borgina er talsvert um mengunarvalda

í loftinu. Munar þar mest um svifrykið sem spænist undan bílaflofanum og útblásturinn sem frá honum kemur.

Loftmengun sést sjaldnast með berum augum en hún mælist reglulega yfir viðmiðunarmörkum á höfuðborgarsvæðinu. Þessi mengun getur stuðlað að nýmyndun öndunarfarasjúkdóma á borð við berkjubólgu og aukid einkenni hjá astmasjúklingum. Höllustum fæti standa yngstu börnin; öndunarfæri þeirra eru óþroskuð og viðkvæm.

Í telfni af alþjóðaheilbrigðisdeginum hefur verið ákveðið að hefja samstarf heilbrigðisráðuneytis og umhverfisráðuneytis til bættra loftgæða og lýðheilsu. Fyrst verður safnað saman þeim upplýsingum sem fyrir liggja um loftgæði, mengun og öndunarfærasjúkdóma hér á landi. Þvínæst verða lagðar til tímasettar, skýrar aðgerðir um vöktum umhverfisþátta, úrbætur í mengunarmálum og leiðir til að gera fólk meðvitað um áhrif loftmengunar á heilsuna. Með þessu vonumst við til að geta varið börn fyrir sjúkdómum sem stafa af óæskilegum áhrifum loftmengunar og með tímanum að bæta heilbrigði allra sem búa í þéttbýli.

FRÉTTABLAÐIÐ  
ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar ehf. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUFLAGSSTJÓRI: Ari Edwald  
RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinunn Stefánsdóttir steinunn@frettabladid.is  
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnaböndum án endurgjalds. ISSN 1670-3871



### Aðalfundur Ljóssins

Endurhæfingar og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda og aðstandendur

Ágæti félagsmaður

Aðalfundur Ljóssins verður haldinn 19. apríl nk. kl. 16:30 að Langholti 43, 104 Rvk.

#### Dagskrá:

Venjuleg aðalfundarstörf  
Hvetjum alla félagsmenn til að mæta

Með kveðju  
Stjórn Ljóssins

# Kallað eftir rökum

Hluti af stofnanaveldinu íslenska – sá hinn sami og vildi ljúka Icesave-samningunum sem fyrst í sumar – leggur sig nú í líma við að sýna fram á að frestun samninganna hafi valdið okkur ómældu tjóni. Reyndar ekki alveg ómældu – í eiginlegri merkingu – því sumir hafa reiknað meint tjón af nokkurri nákvæmni. Hér eru á ferðinni auk Fréttablaðsins, fræðimenn, núverandi og fyrrverandi við Háskóla Íslands, hagdeild ASÍ, nokkrir starfsmenn Seðlabankans og stjórnmalamenn, núverandi og fyrrverandi.

Þessir aðilar eiga það flestir sammerkt að vitna óspart hver í annan og gera þannig fullyrðingu eins að eigin rökstuðningi, án þess þó að fullyrðingin hafi verið annað en getgátur einar.

## 900 milljarðar!

Þó eru á þessu undantekningar. Tölfræðingur nokkur gaf sér þannig að hagvöxtur á síðasta ári hefði orðið þremur prósentustigum meiri en raunin varð, ef gengið hefði verið frá Icesave án nokkurra tafa. Þetta út af fyrir sig er sérkennilegur líkindareikningur því þetta hefði þýtt að Ísland hefði búið við meiri hagvöxt en flest grannríki okkar, sem varla getur talist líklegt í kjölfar efnahagshrunsins. Hvað um það. Fræðingurinn reiknaði þennan hagvaxtarávinnninginn í ókominn tíma og núvirti síðan með þeirri niðurstöðu að Ísland væri að tapa 75 milljörðum á mánuði á Icesave-töfinni, alls 900 milljörðum á heilu ári. Ég verð að játa að þessar reikningsaðferðir eru ofar mínum

skilningi. Með því að gefa sér sambærilegar forsendur mætti finna út að einstaklingur sem yrði af 10 þúsund króna mánaðarlegum greiðslum í eitt ár (og sá tekjustraumur yrði reiknaður inn í ókominn tíma og núvirtur með sama hætti) myndi tapa 200 þúsund krónum á mánuði!

## ASÍ sér bara stóriðju

Síðan eru það útreikningar Alþýðusambands Íslands sem fann það út að Icesave-töfin kostaði 50 milljarða á ári. Að sögn Fréttablaðsins reiknaði hagdeild sambandsins þetta út fyrir blaðið. Í umfjöllun þess

## Efnahagsmál

Ögmundur Jónsson  
alþingismaður



við nú að kynnast eftir framkvæmdirnar við Kárahnjúka og á Reyðarfirði, sem höfðu í för með sér innflutning á vinnuafli og víðtæk ruðningsáhrif en ekki þá varanlegu atvinnusköpun sem vænst var – af margra hálfu. ASÍ, samkvæmt frásögn Fréttablaðsins, tengir Icesave-

endurnýja traust fjárfesta? Er þetta ekki vandinn fremur en töf á Icesave?

## Þegar staðhæfing verður að sannleika

Í framhaldinu tekur ritstjóri Fréttablaðsins upp þráðinn og vísar í málflutning ASÍ og fleiri. Yfirlýsingar þessara aðila verða að sannleika í leiðarskrifum Ólafs Þ. Stephensen ritstjóra. Margir þessara álitsgjafa sem hann og aðrir vísa í, halda því staðfastlega fram að Icesave-töfin hafi dregið úr trúverðugleika okkar á erlendum lánamörkuðum. Þetta held ég að hljóti að vera rangt. Skal ég þó játa að það byggji ég á líkindum. Og líkindin eru þessi: Ríki getur varla orðið trúverðugra með því að skuldsetja sig yfir þau mörk sem meira að segja Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur lýst vafasöm! Það sem er hins vegar handfast við töfina á frágangi Icesave er að skuldbindingar ríkissjóðs koma til með að verða miklu minni en á horfðist.

Bretar og Hollendingar vilja enn að íslenskir skattgreiðendur borgi og það með vöxtum en nú samkvæmt því sem þeir kalla „cost of funding“, þ.e. fyrir útlagðan kostnað þeirra sjálfra. Þetta þýðir að ekki á lengur beinlínis að græða á Íslendingum! Dregur þessi breyting úr trúverðugleika Íslands? Hvað skyldi háskóla- og prófessorum, hagdeild ASÍ, stjórnmalamönnum, núverandi og fyrrverandi og ritstjóra Fréttablaðsins þykja um það? Fróðlegt væri að heyra viðhorfin og þá ekki síður heyra rökinn.



Ríki getur varla orðið trúverðugra með því að skuldsetja sig yfir þau mörk sem meira að segja Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hefur lýst vafasöm!

kemur fram að forsendurnar eru fyrst og fremst bundnar stóriðju, frestun á álveri í Helguvík og endurnýjun í Straumsvík. Ég tel að hér skorti tvennt. Í fyrsta lagi að skýra betur hvernig töf á Icesave valdi því að ekki er hægt að endurnýja búnað í Straumsvík. Sama gildir um Helguvík, þar er það óvissa um orkuöflun sem öðru fremur veldur töfum. Í öðru lagi þyrfti að fá útlístanir Alþýðusambandsins á áhrifum þessara stóriðjuframkvæmda eftir að uppbyggingu lýkur. Slíkum langtímaáhrifum erum

## AF NETINU

### Krefjumst rannsóknar á morðum í Írak

Þó að ég hafi verið passivur félagi í Samtökum hernaðarandstæðinga (áður Samtökum herstöðvarandstæðinga) u.þ.b. frá sjálfræðisaldri eða líklega í nær aldarfjórðung er ég líka borgari í sjálfstæðu ríki sem studdi móralskt og með aðstöðu sinni innrás í Írak – enda þótt réttilega hafi verið efast um lögmæti þeirra ákvarðana samkvæmt íslenskum stjórnskipunarreglum; það mál er óútklætt enn. Auk þess er ég félagi í flokki þar sem þáverandi formaður og utanríkisráðherra samþykkti þessa aðild íslenska ríkisins. Ég er líka sekur um að hafa hvorki beitt mér gegn innrásinni í Írak – hvorki fyrr né síðar, a.m.k. ekki aktivt. Ég verð að bæta úr því.



blog.eyjan.is/gislit  
Gisli Tryggvason

### Ráðherrakapall

Ég held að það verði að fara mjög varlega í að skipta utanþingsráðherrum út fyrir pólitískt kjörna ráðherra. Ragna Árnadóttir og Gylfi Magnússon stýra ráðuneytum sem mikil mæðir á um þessar mundir. Bæði bera þau ábyrgð á að endurskoða löggjöf og reglugerðir er varðar ábyrgð og leikreglur markaðarsins og mikilvægt að þeirra störf séu hafin yfir pólitískan hráskinnaleik sem oftast en ekki viðgengst á alþingi. Það sýnir sig auk þess að ánægja þjóðarinnar er mest með þeirra störf, þá líklega vegna þess að gagnvart þeim er erfiðara að hlaupa í skotgrafimar fyrir pólitíska andstæðinga ríkisstjórnarinnar.



blog.eyjan.is/gudridur  
Guðrún Arnadóttir

airgreenland.com



## Fetaðu í fótspor Eiríks rauða á Grænlandi

Uppgötvaðu Grænland. Skelltu þér í rannsóknarleiðangur um rústir Hvalseyjarkirkju, Bröttuhlíðar og Garða á hinu stórbrotna og fallega Suður Grænlandi. Þú getur siglt milli bæja um fagra firði þar sem ísjakar fljóta um. Þú hefur val um að búa á hóteli í bænum eða feta fjallstiga og gista í heimagistingu fjárhirða.

FLUG FRÁ KEFLAVÍK TIL NARSARSUAQ, ÖNNUR LEIÐIN FRÁ AÐEINS **22.844,- ISK\***

Skattar og gjöld innifaldir.

\*955 DKK. Miðað við VISA kortagengi 16.03.10: 23.92 ISK = 1 DKK, með fyrirvara um breytingar á gengi ISK.

50  
1960-2010

air greenland



MAGNÚS ÞÓR JÓNSSON FÆDDIST  
PENNAN DAG ÁRIÐ 1945.

„Ef ég væri ekki bundinn af  
markaðnum gæti ég nánast  
gefið út plötu svona á mán-  
aðarfresti.“

Listamaðurinn Magnús Þór  
Jónsson, eða Megas, hefur  
fengist við ritstörf og mynd-  
list um ævina en er þó þekkt-  
astur fyrir tónlist sína.



# tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST: 7. APRÍL 1906

## Eldgos leggur Napólí í rúst

Eldfjallið Vesúvíus, sem rís fyrir ofan Napóllíflóann á Ítalíu, er eitt þekktasta eldfjall í heimi enda hefur mikil eldvirkni verið í fjallinu alla tíð.

Eitt þekktasta gosið varð árið 79 eftir Krist. Þá eyðilögðust borgirnar Pompei, Stabiae og Herculaneum og um 2.000 manns létu lífið. Eftir 1631 hefur fjallið gosið nokkuð reglulega og með eftirminnlegum afleiðingum 7. apríl árið 1908 þegar það lagði borgina Napólí í rúst. Það ár stóð til að halda Sumarólympíuleikana í Róm en þeir voru fluttir til London vegna þess hversu miklu tjóni gosið olli í Napólí.

Vesúvíus hefur gosið 32 sinnum svo vitað sé, síðast með miklum látum árið 1944.

Rannsóknir á gosvirkni Vesúvíusar hófust á 18. öld og allt frá 1845 hafa rannsóknastöðvar verið þar til að fylgjast með virkni þess.

Heimild: www.wikipedia.org.



MERKISATBURÐIR

- 1795 Frakkar taka upp metra-kerfið til lengdarmælinga.
- 1906 Í aftakaveðri farast þrjú skip á Faxaflóa: Ingvar með 20 manna áhöfn á Hjallaskeri við Víðey, Emilie með 24 mönnum og Sophie Wheatly vestur undir Mýrum. Öll skipin eru frá Reykjavík.
- 1939 Ítalir ráðast inn í Albaníu.
- 1943 Laugarnesspítali í Reykjavík brennur til kaldra kola.
- 1948 Alþjóðaheilbrigðisstofnunin stofnuð af Sameinuðu þjóðunum.
- 1963 Júgóslavía er lýst sósíalísta lýðveldi og Jósip Broz Titó útnefndur forseti til lífstíðar.

### AFMÆLI



FRANCIS  
FORD COPPOLA  
kvikmyndagerðar-  
maður er 71  
árs.



RUSSEL  
CROWE  
leikari er 46  
ára.



JACKIE  
CHAN  
leikari er 56  
ára.



GERHARD  
SCHRÖDER,  
fyrirverandi  
kanslari  
Þýskalands,  
er 66 ára.



Hervör Jónasdóttir, nýkjörinn formaður Hvítabandsins, er hér fremst í flokki en með henni í stjórn eru frá vinstri: Margrét Albertsdóttir, Dóra Ólafsdóttir, Ragnhildur Jónasdóttir, Kristrún Ólafsdóttir og Þorbjörg Guðmundsdóttir. Á myndina vantar Auði Maríu Aðalsteinsdóttur.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

HVÍTABANDIÐ: FAGNAR 115 ÁRA AFMÆLI

## Sagan sýnir hvar skórin kreppir

Hvítabandið, sem starfar undir kjörorðunum Fyrir Guð, heimilið og þjóðina, fagnar 115 ára afmæli sínu um þessar mundir. Það var í upphafi bindindisfélag en hóf snemma umfangsmikið líknarstarf og hefur staðið fyrir hjálparstarfi í Reykjavík alla tíð. Hvítabandið er næstelsta kvenfélagið í Reykjavík, þó það sé einnig opið fyrir körlum í dag, og varpar saga þess skýru ljósi á hlutverk kvenna í mótun félags- og heilbrigðismála á Íslandi.

„Það hefur vitanlega mikið breyst á þessum langa tíma en enn er þó þörf á sameiginlegu átaki í alls kyns velferðarmálum og sýnir saga félagsins hvar skórin kreppir hverju sinni,“ segir Hervör Jónasdóttir, nýkjörinn formaður Hvítabandsins sem hefur verið félagskona frá því 1966. Stofnandi Hvítabandsins á Íslandi var Ólafía Jóhannsdóttir en Hvítabandið, eða samtökin White Ribbon, eru líka starfrækt víða um heim. Ólöf varð síðar þjóðhetja í Noregi þar sem hún kom götukonum til hjálpar.

„Hvítabandskonur vildu frá upphafi bæta hag og heilsu bæjarbúa í Reykja-

vík og lögðu víða fram hjálparhönd. Þær tóku að sér heimahjúkrun, heimilishjálpar og deildu út mat og fötum. Eins var Hvítabandið fyrsta félagið sem lét sig varða heilsu og velferð barna áður en þau komust á skólaaldur. Það gerðu þær meðal annars með því að brýna fyrir mæðrum að gefa börnum sínum lýsi, hvetja til aukins hreinlætis og koma á fót ljósastofum til að koma í veg fyrir beinkröm,“ segir Hervör.

Margir tengja Hvítabandið við sjúkrahúsið á horni Skólavörðustígs og Kára- stígs sem það lét reisa á eigin kostnað árið 1932. „Það var byrjað að grafa fyrir grunni hússins í byrjun árs og eftir níu mánuði, eða eina meðgöngu, var það risið frá jörðu. Kristinn Björnsson var fyrsti yfirlæknirinn en Hvítabandskonur saumuðu öll rúmföt og allan fatnað á starfsfólki sjálfar,“ lýsir Hervör.

Sjúkrahús Hvítabandsins var rekið sem almennur spítali en átti snemma í kröggum. „Reykvíkingar voru fúsir til að leggja spítalanum lið á meðan hann var í byggingu en eftir að hann var risinn var erfiðara að leita styrkja. Hvíta-

bandskonur reyndu í tvígang að gefa Reykjavíkurbæ sjúkrahúsið en bæjarstjórn Reykjavíkur hafði markað þá stefnu í lok 19. aldar að rekstur sjúkrahúsa væri ekki í verkahring bæjarins. Hún tók þó að lokum við sjúkrahúsinu árið 1942 og má segja að Hvítabandskonum hafi með seiglu tekist að breyta stefnu í heilbrigðismálum borgarinnar, en Sjúkrahúsið við Skólavörðustíg var fyrsta almenna sjúkrahúsið sem yfirvöld í höfuðstaðnum ráku.“

Hervör segir að bindindismál og geðvernd hafi alla tíð verið Hvítabandskonum hugleikin „Í dag er Hvítabandið svo einn sterkasti bakhtar! Dyngjunnar sem er áfangheimili fyrir konur sem hafa lokið áfengismeðferð. Þar er þörfin ávallt til staðar og alltaf fullt.“

Helsta fjáröflun Hvítabandsins er rekstur krambúða í þjónustukjörnunum að Aflagrandi og Furugerði. Í tilfni afmælisins stendur til að styrkja Dyngjuna auk þess sem halldinn verður afmælisfundur á Hallveigarstöðum, Túngötu klukkan 20 í kvöld.

vera@frettabladid.is



Eiginmaður minn,  
**Eiríkur Sigurjónsson**  
frá Sogni í Kjöls,

síðast til heimilis að Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði, sem lést á St. Jósefsspítala þann 25. mars sl. verður jarðsönginn frá Hafnarfjarðarkirkju 8. apríl kl. 13.00. Þeim sem vilja minnast hans er bent á Landssamtökin Proskahjálpar.

Guðný Gísladóttir



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir,  
amma og langamma,  
**Ásdís Árnadóttir**

lést á Elliheimilinu Grund þann 31. mars síðastliðinn. Útförin auglýst síðar.

Árni H. Karlsson  
Sigurður G. Karlsson  
Davið K. Karlsson  
Gauja S. Karlsdóttir

Guðrún Svava Svavarsdóttir  
Kolbrún E. Júlíusdóttir  
Björgvín Högnason  
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,  
**Björgvin Haraldur Ólafs**  
snikkari, Melteig 19, Garði,  
áður Aðalgötu 34, Suðureyri,

er látinn. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Sigurður Jóhann Ólafs  
Kristinn Karl Ólafs

Sigurjóna Sigurbjörnsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.



Ástkær eiginnmaður minn og besti vinur,  
faðir, tengdafaðir, afi og langafi,

**Einar Þ. Einarsson**  
loftskeytamaður,  
Kirkjuvöllum 5, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut 31. mars. Að ósk hins látna fer jarðarförin fram í kyrrþey.

Ingveldur Hjaltsted

Einar Einarsson  
Lárus Einarsson  
Þuríður Einarisdóttir

Steinunn R. Sigurðardóttir  
Matthildur Þórðardóttir  
Halldór Harðarson

barnabörn og langafabörn.



Ástkær eiginkona mín og systir,

**Milone Baterna Pettypiece**  
Asparfelli 8,

lést á líknardeild Landspítalans í Kópavogi laugardaginn 3. apríl. Sálumessa verður sungin í Landakotskirkju föstudaginn 9. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir en þeir sem vildu minnast hennar láti Krabbameinsfélagið njóta þess.

Geoffrey M. Pettypiece  
Lea Baterna Jónsson

# Mósaíklistaverk sýnd í Gerðubergi

Alice Olivia Clarke mósaíkhönnuður verður gestur á handverkskaffi aprílmánaðar í Gerðubergi í kvöld. Clarke mun þar segja frá listamannsferli sínum og kynna mósaík fyrir gestum. Samhliða því opnar hún sýningu á mósaíkverkum sínum á kaffihúsinu undir yfirskriftinni Brautir. Verkin þykja að mörgu leyti frábrugðin fyrri verkum Alice sem einkennast gjarnan af mikilli litadýrð.

Alice hefur búið og starfað á Íslandi frá árinu 1993. Hún rekur vinnustofu í Hafnarfirði og kennir námskeið í mósaíkgerð. Meðal nýlegra verka eftir Alice má nefna Tré lífsins í Hafnarfjarðarkirkju, sem er verk í þróun og unnið í samstarfi við fermingarbörn næstu árin. Af öðrum verkum eftir Alice má nefna veggverk á Bókasafni Hafnarfjarðar og tvær veggmyndir á Kaffi Ólíver í Reykjavík.

Erindið í kvöld hefst klukkan 20 og er aðgangur ókeypis. Sýningin Brautir verður svo höfð opin á opnunartíma kaffihússins, virka daga klukkan 10-16 og um helgar frá klukkan 13-16. Hún stendur til 1. september.



**HEILLANDI HEIMUR** Alice Olivia Clarke ljóstrar upp töfrunum sem felast í gerð mósaíklistaverka á handverkskaffi í Gerðubergi í kvöld.



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**Yngvi Þorsteinsson**  
frá Drangshlíðardal,

áður til heimilis á Hellu og nú síðast Hvassaleiti 6, Reykjavík, lést á Landspítalanum við Hringbraut, föstudaginn 2. apríl.

Guðlaug Sæmundsdóttir  
Guðlaug Yngvadóttir  
Þorbjörg Yngvadóttir  
Elin Yngvadóttir  
og afastrákar.

Steinar Gíslason  
Davið Sigurðsson  
Guðrún S. Helgadóttir



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir, amma og langamma,

**Soffía Sigurlaug Lárusdóttir**  
Hólbraut 25, Skagaströnd,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Blönduósi 31. mars sl. Útför hennar fer fram frá Hólaneskirkju á Skagaströnd fimmtudaginn 8. apríl, kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnst hennar er bent á Sjúkrahjól Höfðakaupstaðar, s.: 895 2690 / 862 3876.

Guðmundur Jóhannesson  
Lárus Ægir Guðmundsson  
Helga J. Guðmundsdóttir  
Guðmundur Guðmundsson  
Ingibergur Guðmundsson  
Karl Guðmundsson  
Lára Guðmundsdóttir  
og barnabörn og barnabarnabörn.

Eðvarð Hallgrímsson  
Sigurlaug Magnúsdóttir  
Signý Ósk Richter  
Gunnar Svanlaugsson



Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**Jónína Sigurðardóttir**  
Egg, Skagafirði,

lést á Heilbrigðisstofnuninni á Sauðárkróki miðvikudaginn 31. mars. Útför hennar verður gerð frá Sauðárkrókskirkju föstudaginn 9. apríl klukkan 11.00. Jarðsett verður að Ríp.

Þórður Pálmar Jóhannesson  
Ingibjörg Jóhanna  
Jóhannesdóttir  
Pálína Sigríður  
Jóhannesdóttir  
Elín Gerður Jóhannesdóttir  
Sigurður Jóhannesson  
og ömmubörn og langömmubörn.

Sigurbjörg Valtýsdóttir  
Simon Eðvald Traustason  
Bjarni Eyjólfur Guðleifsson  
Stefán Ævar Ívarsson  
Annie Beraquit



Okkar ástkæri,  
**Adolph Bergsson,**  
Jörundarholti 196, Akranesi,

andaðist á heimili sínu 3. apríl. Útförin fer fram frá Akraneskirkju, þriðjudaginn 13. apríl kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hans er bent á reikning til styrktar börnum hans. Kt. 250270-4379. Banki: 0552-14-401100.

Helga Björg Helgadóttir  
Rakel Adolphsdóttir  
Andri Adolphsson  
Auður María Adolphsdóttir  
Alexandra Lif Adolphsdóttir  
Hildigunnur Gestsdóttir  
Ingibjörg Sigurðardóttir

Andri Egilsson  
Bergur Adolphsson  
Helgi Björgvinsson



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Jakob Svavar Bjarnason**  
Miðtúni, Hvammstanga,

lést 30. mars á Heilbrigðisstofnun Vesturlands, Hvammstanga.

Ingvar Helgi Jakobsson  
Ingibjörg Halldóra Jakobsdóttir  
Ólafur Jakobsson  
Bjarni Viðar Jakobsson  
og barnabörn og barnabarnabörn.

Kristín Einarsdóttir  
Oddur C. G. Hjaltason  
Geirlaug G. Björnsdóttir  
Bergþóra Arnarsdóttir



Elskuleg eiginkona mín, systir, stjúpmóðir, tengdamóðir, amma, langamma og langlangamma,

**Valgerður Jóhannesdóttir**  
Sólvangsvegi 1, Hafnarfirði,

lést hinn 3. apríl á hjartadeild Landspítalans við Hringbraut. Útförin auglýst síðar.

Helgi G. Vilhjálmsson  
Halldóra Hermannsdóttir  
Friðrik Ágúst Helgason  
og aðrir aðstandendur.

Margrét Guðmundsdóttir



Okkar innlegustu þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og blyhubug við andlát elskulegrar eiginkonu minnar, móður okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,

**Fjólu Gísladóttir**  
Sléttuvegi 13.

Gunnlaugur Lárusson  
Stefanía Erla Gunnlaugsdóttir  
Lárus Gunnlaugsson  
Jónína Gunnlaugsdóttir  
Margrét Gunnlaugsdóttir  
Ólöf Kristín Magnúsdóttir  
og barnabörn og barnabarnabörn.

Kristín Jóna Jónsdóttir  
Jón Rafn Gunnarsson  
Carl Möller



Hjartkær bróðir okkar og mágur,  
**Arngrímur Indriði Erlendsson**  
Klettahrauni 17, Hafnarfirði,

verður jarðsönginn í Fríkirkju Hafnarfjarðar í dag, miðvikudaginn 7. apríl kl. 15.00. Blóm eru vinsamlega afþakkuð, en þeim sem vilja minnst hans er bent á Landssamtökin Proskahjálpi.

Sigurfljóð Erlendsdóttir  
Anna G. Erlendsdóttir  
Davið V. Erlendsson  
Vignir Erlendsson  
Steinar R. Erlendsson  
Erla M. Erlendsdóttir

Kristján J. Ásgeirsson  
Inga A. Guðjónsdóttir  
Dagrún E. Ólafsdóttir  
Ólafur Ö. Gunnarsson



Okkar ástkæri,  
**Gunnar Benedikt Weissappel**  
Humlebo 8, Vallensbæk Strand, Danmörku,

lést af slysförum fimmtudaginn 18. mars. Útförin fer fram í dag, miðvikudaginn 7. apríl, í Danmörku að ósk hins látna.

Helga Friðriksdóttir  
Líney Weissappel  
Soffía H. Weissappel  
Eysteinn Hreinsson  
Jón Högni Hreinsson  
Elisabet Weissappel  
Friðrik Örn Weissappel  
og barnabörn.

Guðmundur Arnljótsson  
Jón Ingi Ingimundarson  
Freyja Þorgeirsdóttir  
Örn Baldursson  
Ragnhildur Stefánsdóttir



*Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,*

**Jón Böðvarsson**  
fyrirverandi skólameistari,

lést á Landspítalanum í Fossvogi á páskadag. Útför hans fer fram frá Hallgrímskirkju mánudaginn 12. apríl kl. 13.00.

Guðrún Erla Björgvinsdóttir

Björgvin Jónsson

Böðvar Jónsson

Sigríður Jónsdóttir

Ásthildur Jónsdóttir

barnabörn og barnabarnabarn.

Sigríður Dóra Magnúsdóttir

Jóna Hrefna Bergsteinsdóttir



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Ingibjörg Ólafsdóttir,**  
frá Auðunarstöðum,

sem lést 27. mars sl. á Heilbrigðisstofnuninni á Hvammstanga, verður jarðsungen frá Víðidalstungukirkju mánudaginn 12. apríl kl. 14.00.

Kristín Jóhannesdóttir

Margrét Jóhannesdóttir

Guðmundur Jóhannesson

Guðmundur Gíslason

Kristín Björk

Guðmundsdóttir

Ólöf Jóhannesdóttir

og fjölskyldur.



*Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Birna R. Þorbjörnsdóttir**  
frá Sporði,

Hvammstangabraut 20, Hvammstanga,

verður jarðsungen frá Hvammstangakirkju föstudaginn 9. apríl kl. 15.00.

Ágúst Jóhannsson

Þorbjörn Ágústsson

Jóhanna Sigurða Ágústsdóttir

barnabörn og barnabarnabörn.

Oddný Jósefsdóttir

Guðmundur Vilhelmsson



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Helgi G. Ingimundarson**

Hjallaseli 55, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala 1. apríl síðastliðinn.

Rósa Helgadóttir

Þóra Helgadóttir

Ingimundur Helgason

barnabörn og barnabarnabarn.

Svanhildur Pétursdóttir



*Móðir okkar,*

**Guðrún Theodóra**  
**Sigurðardóttir**

lést á líknardeild Landspítalans að kvöldi skírdags 1. apríl. Útförin verður auglýst síðar.

Sigríður Steinunn, Eiríkur og Sigurður Sverrir Stephensen.

# Hannað í anda Ásmundar

Lokafrestur til að skila inn hugmyndum í hönnunarsamkeppni verslunarinnar Kraum, Listasafns Reykjavíkur og Hönnunarmiðstöð Íslands rennur út á morgun 8. apríl klukkan 17. Þetta er í anda sinn sem þessir aðilar standa fyrir hönnunarsamkeppni þar sem sjónum er beint að ákveðnum listamanni. Á síðasta ári voru verk Errós lögð til grundvallar í samkeppninni en að þessu sinni er óskað eftir tilögum að nýttahlut sem endurspeglar hugarheim og verk myndhöggvarans Ásmundar Sveinssonar.

Verðlaunin eru að verðmæti 500 þúsund krónur en Kraum, Listasafn Reykjavíkur, Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins leggja þau til, auk þess sem hlutur-

inn verður seldur í verslunum Kraums í Aðalstræti og á Kjarvalsstöðum og í safnverslunum Listasafns Reykjavíkur í Hafnarhúsi og Ásmundarsafni. Einnig má gera ráð fyrir því að fleiri munir í samkeppninni verði valdir til sölu á næstu mánuðum.

Gripurinn á að vera hannaður undir áhrifum frá Ásmundi, en má ekki vera eftirlíking af verkum hans. Engar takmarkanir eru á verði vörunnar. Þátttakendur sjá sjálfir um framleiðslu á þeim vörum sem verða fyrir valinu eða finna fyrirtæki til að gera það fyrir sig.

Úrslit keppinnar verða kynnt við opnun sumarsýningar Ásmundarsafns 1. maí 2010.



ÁSMUNDUR SVEINSSON Ásmundur hélt alla tíð tryggð við þá hugmynd að listin ætti erindi til fólksins og ætti heima á meðal þess.

## Farfuglaheimili fær Svan

Farfuglaheimilið í Laugardal og Farfuglaheimilið við Vesturgötu í Reykjavík fengu í gær vottun norræna umhverfismarkisins Svansins, til staðfestingar á góðum árangri í umhverfismálum. Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra veitti leyfið við athöfn í Farfuglaheimilinu í Laugardal.

Farfuglaheimilið í Laugardal hlaut í fyrsta sinn vottun árið 2004 en heimilið leggur áherslu á umhverfisfræðslu og hefur hvatt gesti sína til að taka þátt í umhverfisstarfi. Farfuglaheimilið við Vesturgötu opnaði vorið 2009 og hefur unnið að því að takmarka áhrif rekstursins á umhverfið.

Sigríður Ólafsdóttir, rekstrarstjóri Farfuglaheimilanna í Reykjavík,



REKSTRARSTJÓRI Sigríður Ólafsdóttir segir ferðamenn vilja geta valið þjónustu frá fyrirtækjum sem gera betur í umhverfismálum.

segir ferðamenn vilja geta valið þjónustu frá fyrirtækjum sem gera betur í umhverfismálum. Farfuglar birtu umhverfisstefnu sína

árið 1999 og hafa því verið leiðandi í umhverfisstarfi í ferðaþjónustu á Íslandi í meira en áratug.

- rat

## Hrunið og heimspekin

Félag áhugafólks um heimspeki efnir til fyrirlestraraðar á vordögum undir yfirskriftinni „Hrunið og heimspekin“, en þar verður rýnt í íslenskan veruleika samtímans og síðari ára, eftir hrun, með augum heimspekinna.

Fyrirlestrararnir verða fimm talsins og allir haldnir á fimmtudögum klukkan 17 í Amtsbókasafninu á Akureyri.

Á morgun ríður Páll Skúlason, fyrirverandi rektor Háskóla Íslands, á vaðið með fyrirlestri sínum „Samfélag og ríkisvald: Hvað fór úrskeiðis?“



PÁLL SKÚLASON



*Okkar ástkæri,*

**Jón Trausti Haraldsson**

frá Vestmannaeyjum,

varð bráðkvaddur á heimili sínu þann 31. mars síðastliðinn. Útför auglýst síðar.

Guðmundur Heinrich Jónsson

Sindri Jónsson

Haraldur Trausti Jónsson

Valborg Júlíusdóttir

Þórunn Haraldsdóttir

Hermann Haraldsson

Haraldur Haraldsson

Edda Tegeder



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Agnar Urban**

Heiðarvegi 4, Selfossi,

andaðist á Landspítalanum við Hringbraut 31. mars sl. Útför fer fram frá Hveragerðiskirkju 9. apríl kl. 13.00.

Sigríður Gréta Þorsteinsdóttir

Agnar Þór Agnarsson

Guðlaugur Stefánsson

Hrönn Þorsteins

Friðrika Jóhanna

Sigurgeirsdóttir

og barnabörn.

Karólína Ómarsdóttir

Auður Inga Ólafsdóttir

Magnús Haukur Hannesson

Þorvaldur Guðmundsson



*Elskuleg móðir okkar og tengdamóðir,*

**Jórunn Eyjólfsdóttir**

Dvalar- og hjúkrunarheimilinu Grund, áður Bólstaðarhlíð 41, Reykjavík,

andaðist sunnudaginn 4. apríl sl. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju mánudaginn 12. apríl kl. 15.00. Blóm og kransar eru vinsamlegast afþakkaðir, en þeim sem vilja minnst hennar er bent á að láta Barnspítala Hringins njóta þess.

Eyjólfur Jónsson

Arndís Jónsdóttir

Gunnar Jónsson

og fjölskyldur.

Erla Sigtryggisdóttir



*Elskulegur tengdasonur minn, faðir, tengdafaðir og afi,*

**Guðmundur Árni**

**Bjarnason**

Smárahvammi 2, Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum í Fossvogi miðvikudaginn 31. mars. Útför hans fer fram frá Digraneskirkju föstudaginn 9. apríl kl. 11.00.

Guðríður Guðbrandsdóttir

Þorsteinn Guðmundsson

Júlíana Ósk Guðmundsdóttir

Guðmunda Gyða Guðmundsdóttir

Björg Sigurðardóttir

Ólafur Björn

Heimisson

Gylfi Bergmann

Heimisson

og barnabörn.



ROLEX



M

MICHELSEN

ÚRSMIDIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

# MARKAÐURINN

Sögurnar... tölurnar... fólkíð...

**Svansmerkt prentverk**

**GUDJÓNÓ**

VISTVÆN PRENTSMÍÐJA  
Sími 511 1234 • www.gudjono.is

Miðvikudagur 7. apríl 2009 – 4. tölublað – 6. árgangur

Veffang: visir.is – Sími: 512 5000 **visir**

**Stjórnir fyrirtækja**  
Karlar í mörgum stjórnnum

2



**Ferðapjónusta**  
Nauðsynlegt að jafna strauminn

6-7



**Forstjórabil annó 2010**  
Reynsluakstur á notuðum bíl

10



## Vísitalan við upphafspunkt

Úrvalsvísitalan (OMXI6) rauf 960 stiga múrinn í Kauphöllinni eftir hádegði í gær og hefur hún ekki verið hærri innan dags síðan 17. febrúar í fyrra. Vísitalan hefur hækkað um 17,8 prósent frá áramótum.

Úrvalsvísitalan, sem samantendur af sex veltumestu hlutfélögum sem skráð eru á markað, tók við af OMXI15-vísitölunni í ársbyrjun 2009.

Helmingur félaganna sex eru færeysk. Bakkavör verður tekið úr vísitölunni um miðjan mánuðinn. Ekki liggur fyrir hvaða félag tekur sæti þess.

Úrvalsvísitalan nýja stóð í þúsund stigum á fyrsta viðskiptadegi í fyrra og rauf þúsund stiga múrinn innan tveggja fyrstu viðskiptadaganna áður en hún tók að gefa hratt eftir.

- jab

## ÞRÓUN VÍSITÖLUNNAR

Úrvalsvísitalan frá upphafi árs 2009 til 6. apríl 2010.



## HELST Í ÚTLÖNDUM

**Keyrt á málaferli** Hundruð einkamála hafa verið höfðuð á hendur japanska bílaframleiðandanum Toyota vegna innköllunar bifreiða með bremsugalla. Toyota skoðar nú hvort skárna sé að fallast á 16,4 milljarða dala sekt, sem væri viðurkenning á afgangnum, eða verjast bandarískum stjórnvöldum fyrir dómi, sem hefði í för með sér slæmt umtal.



**Fjárhættuspilarar** Ein af afleiðingum heimskreppunnar er sú að mjög hefur dregið úr umsvifum fjárhættuspilara í Norður-Dakóta, en þar hefur sú iðja verið stunduð af meira kappi en annars staðar í Bandaríkjunum. Á síðasta ári eyddu íbúar og ferðamenn þar 250 milljónum dala í spilavíti, bingó, happdrætti og önnur fjárhættuspil.

**Kæra mútugreiðslur** Franska olíufyrirtækið Total var ákært fyrir mútugreiðslur til Íraks á árunum 1996-2003, þegar olíusölbann Sameinuðu þjóðanna á hendur Írak var í gildi. Þetta kemur fram í ársskýrslu olíufyrirtækisins, sem birt var á föstudag. Rannsóknir hafa staðið yfir árum saman og sér ekki fyrir endann á þeim.

# Lífeyrissjóðir verða af tugmilljörðum

Ætla má að lífeyrissjóðir hafi misst möguleika á tekjum sem nema milli 50 til 100 milljarða króna vegna gjaldeyrishafta.

Pétur Gunnarsson  
skrifar

Ætla má að tekjur lífeyrissjóðanna hefðu verið 50-100 milljörðum króna hærri en raun bar vitni á síðasta ári ef gjaldeyrishöftin kæmu ekki í veg fyrir að þeir gætu nýtt heimildir til að fjárfesta erlendis með svipuðum hætti og síðustu ár.

Þetta er mat heimildarmanna úr lífeyrissjóðakerfinu. Gjaldyrishöftin og skortur á erlendu fé hafa einnig leitt til þess að lífeyrissjóðir hafa ekki getað uppfyllt samninga um að taka þátt í fjárfestingarverkefnum erlendis.

Sjóðirnir eru bundnir með sitt fé hér á landi þar sem lítið er um tækifæri til fjárfestinga, önnur en ríkistryggt skuldabréf.

Erlendar eignir eru um fjórðungur af eignum sjóðanna. Lífeyrissjóðum er heimilt að fjárfesta fyrir helming tekna sinna erlendis. Sú heimild hefur ekki verið nýtt að fullu í gegnum árin. Væru gjaldeyrishöftin ekki til staðar og helmingur teknanna hefði notið markaðsávöxtunar erlendis síðasta ár má ætla að tekjur sjóðanna hefðu orðið 100-150 milljörðum króna hærri en raunin varð síðasta ár.

Að jafnaði hafa um 25 prósent verið fjárfest erlendis. Ef sú væri enn raunin hefðu tekjurnar orðið 50 til 75 milljörðum hærri en raunin varð miðað við markaðsávöxtun.

Við þær aðstæður, sem eru í innlendu efnahagslífi, segja heimildir Markaðarins að forsvarsmenn sjóðanna hefðu viljað nýta sér heimildir til erlendra fjárfestinga í mun meiri mæli en gert var að jafnaði fyrir hrún. Miðað við það sé sennilegt að sjóðirnir



**ÁHYGGJULAUST ÆVIKVÖLD** Lífeyrir hefur hækkað undanfarin ár, enda verðtryggt. Fram undan er hins vegar skerðing greiðslna til lífeyrisþega hjá fjölmörgum sjóðum. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

ir hefðu í raun hagnast um hundrað milljarða króna hærri fjárhæð á erlendum fjárfestingum en raunin varð. „Það er aldrei hægt að fullyrða nákvæmlega hverjar tölurnar væru en það er hægt að fullyrða að þetta hefur haft neikvæð áhrif á sjóðina,“ sagði framamaður í lífeyrissjóðakerfinu. Eins og margir aðrir í hans stöðu sér hann fram á að þurfa líklega að skerða réttindi sinna lífeyrisþega á þessu ári.



## KORTALÁN VALITOR

–Einföld og örugg greiðsludreifing

- Hagstæðar afborganir
- Söluaðilar geta valið um lán með breytilegum vöxtum eða vaxtalaus
- Söluaðilar greiða ekkert þjónustagjald af Kortalánnum
- VALITOR greiðir út til söluaðila annan virkan dag eftir að sala fer fram

Hafðu samband í síma  
**525 2080**  
og kynntu þér málið

**VALITOR** KORTALÁN



## Of háir stýrivextir

Þótt stýrivextir Seðlabankans hafi lækkað um fimmtíu prósent á einu ári eru þeir enn háir í alþjóðlegum samanburði. Aðeins eitt land með þróaðan fjármálamarkað er með hærri vexti en hér. Það er Úkraína, sem flaggar 10,25 prósent stýrivextum. Hæstir eru þeir í Venesúela, eða 16,61 prósent. Stýrivextir í mörgum löndum hafa aldrei verið lægri, svo sem í Singapúr og Japan en þar eru þeir við núllið.

Greining Íslandsbanka hefur upp úr greinargerð peningastefnuféNDAR í Morgunkorninu í gær að

ekki hafi verið samhljómur með nefndarmönnum í peningastefnuféNDAR Seðlabankans fyrir síðustu vaxtaákvörðun.

Í greinargerðinni kemur fram að Már Guðmundsson seðlabankastjóri lagði til fimmtíu punkta lækkan vaxta en þrjú af fimm nefndarmönnum voru á annarri skoðun. Þar af vildi einn lækka vexti um eitt prósentustig. Hinir tveir vildu fara hægar og lýstu yfir áhyggjum af verðbólguhorfum. Á endanum var ákveðið að fara að tillögu seðlabankastjóra. - jab

## Mörg fyrirtæki skoða skráningu

Gangi skráning Haga á hlutabréfamarkað eftir á seinni hluta árs verður hún sú fyrsta hér í tvö og hálf ár, eða síðan Skipti, móðurfélag Símans, var skráð í Kauphöllina í mars 2008.

Lítið hefur verið um nýskráningar á Norðurlöndunum á árinu. Aðeins fjögur fyrirtæki hafa verið skráð hjá Nasdaq OMX á Norðurlöndunum á þessu ári að Danmörku undanskilinni. Þar hefur ekkert félag verið skráð. Skráning færseyska fiskeldisfélagsins Bakkafrósts í norsku kauphöllina nú í mars er önnur skráningin þar.



MARKAÐSUPPLÝSINGAR Mörg fyrirtæki hafa áhuga á skráningu á hlutabréfamarkað á Norðurlöndunum. MARKAÐURINN/VALLI

Norrænir fjölmiðlar segja mörg fyrirtæki skoða skráningu en biða þar til ró færast yfir markaði.

Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar, segir búist við að fimmtán fyrirtæki verði skráð á markað hér á árinu.

Sjö fyrirtæki gegna hlutverki viðurkennds ráðgjafa á First North Iceland-markaðnum í Kauphöllinni og er það vísbending um áhuga á nýskráningum. „Við erum að vinna með nokkrum fyrirtækjum sem eru að íhuga skráningu. Það er auðvitað ekki sjálfgefið að þau fyrirtæki sem eru að skoða skráningu fari alla leið,“ segir Bjarki A. Brynjarsson, framkvæmdastjóri Askar Capital. - jab

### BANKABÓKIN

Samanburður á vaxtatölum bankanna	Hæstu innlánsvextir	Yfirdráttarvextir eru hæstir	Yfirdráttarlán fyrirtækja
Arion banki	Markaðsreikningur 4,30% <sup>A</sup>	14,35% <sup>B</sup>	14% <sup>B</sup>
Íslandsbanki	Vaxtaþrep 5,55%	14,25% <sup>C</sup>	14% <sup>C</sup>
Landsbankinn	Vaxtareikningur 5,60% <sup>D</sup>	14% <sup>E</sup>	14% <sup>E</sup>
BANKI	MP Sparnaður 5,85%	13,95%	12,45 til 13,95% <sup>F</sup>
BYR	PM-reikningur 5,50% <sup>G</sup>	14,35%	13,75 til 15,90% <sup>H</sup>
SPARISJÓÐURINN	Netreikningur 5,70% <sup>I</sup>	15,25%	15,20%

Miðað er við 250.000 króna innlegg og sem skemmsta bindingu. <sup>A</sup>Markaðsreikningur bundinn í tíu daga. <sup>B</sup>Að auki er 3% viðskiptagjald skuldfært mánaðarlega af heimild. <sup>C</sup>Að auki er 5% viðskiptagjald skuldfært mánaðarlega af heimild. <sup>D</sup>Vaxtareikningur bundinn í sjö daga. <sup>E</sup>Að auki er 1,5% heimildargjald skuldfært mánaðarlega af heimild. <sup>F</sup>Fer eftir því hvernig fyrirtækið er metið hjá MP. Aðeins eru greiddir vextir af nýttu heimild. <sup>G</sup>PM er bundinn í tíu daga. <sup>H</sup>Ekkert heimildargjald. <sup>I</sup>0,25% úttektargjald Athugið að ekki er tekið tillit til árgjalds, sem getur fylgt yfirdráttarveikningum.

## Karlar sitja frekar í fleiri en einni stjórn

Um fjögur þúsund einstaklingar sitja í stjórnnum þriggja eða fleiri fyrirtækja. Einn maður á sæti í 35 stjórnnum. Þarf að auka ábyrgð stjórnarmanna segir stjórnarþingmaður.

Brjánn Jónsson  
skrifar

Tæplega fjögur þúsund einstaklingar sitja í þremur eða fleiri stjórnnum íslenskra fyrirtækja, að því er fram kemur í samantekt Creditinfo. Konur eru ólíklegri til að sitja í fleiri en einni stjórn en karlar.

Alls sitja 30.829 einstaklingar í stjórnnum íslenskra fyrirtækja. Meirihluti stjórnarmanna, rúmlega 72 prósent, eru karlar en tæplega 28 prósent eru konur. Rúmlega 9.000 einstaklingar sitja í stjórn fleiri en eins fyrirtækis, og sá sem metið á í stjórnarsetum á sæti í stjórnnum 35 íslenskra fyrirtækja.

Karlar eru mun líklegri til að taka sæti í fleiri en einni stjórn, samkvæmt samantekt Creditinfo. Þannig sitja 3.834 einstaklingar í þremur eða fleiri stjórnnum, en aðeins tæplega ellefu prósent af þeim fjölda eru konur. Hlutfall kvenna minnkar enn meira þegar skoðaðir eru þeir 225 einstaklingar sem sitja í stjórnnum tíu eða fleiri fyrirtækja, en af þeim eru tæplega þrjú prósent konur.

Rúmlega helmingur þeirra einstaklinga sem sæti eiga í stjórnnum íslenskra fyrirtækja eru einnig skráðir framkvæmdastjórnar eða forstjórnar í einhverju íslensku fyrirtæki.

Alls eiga 16.630 framkvæmdastjórnar íslenskra fyrirtækja sæti í stjórnnum annarra fyrirtækja. Af þeim eru tæpur fimmtungur, 20 prósent, konur. Það er talsvert lægra en hlutfall kvenna í stjórnnum fyrirtækja almennt, sem er samkvæmt síðustu mælingu tæplega 28 prósent.

Alls situr 2.981 einstaklingur, sem gegnir starfi framkvæmdastjóra íslensks fyrirtækis, í stjórnnum þriggja eða fleiri fyrirtækja. Af þeim fjölda eru rúmlega átta prósent konur. Þá eiga 199 framkvæmdastjórnar sæti í tíu stjórnnum eða fleiri, og eru aðeins 2,5 prósent af þeim fjölda konur.

Upplýsingar Creditinfo eru ekki flokkaðar eftir því hvort fyrirtækin sem um ræðir séu með starfsemi, eða hvort þau eru svokölluð skúffufyrirtæki með enga



STJÓRN Breyta ætti lögum til að skerpa á ábyrgð stjórnarmanna í fyrirtækjum segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir alþingismaður. Hún reiknar með að leggja fram frumvarp þar að lútandi fljótlega, en segir eftir að útfæra breytingarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

starfsemi. Áætlað er að tæpur helmingur íslenskra fyrirtækja, um 47 prósent, séu óvirk.

„Þetta eru mjög athyglisverðar tölur, það gefur auga leið að einstaklingur sem er í fullu starfi sem forstjóri getur ekki haft yfirsýn yfir það sem er að gerast í stjórnnum fjölda annarra fyrirtækja, fyrir utan að halda heimili og sinna áhugamálum,“ segir Steinunn Valdís Óskarsdóttir alþingismaður, sem situr fyrir hönd Samfylkingar í viðskiptanefnd Alþingis.

„Ég held að leiðin til að breyta þessu sé að skerpa á ábyrgð stjórnarmanna, til dæmis í hlutafélagalögum,“ segir Steinunn Valdís. Hún segir að svo virðist sem stjórnarsetur sé einfaldlega ekki teknar alvarlega. Um leið og skýrt verði kveðið á um ábyrgð stjórnarmanna muni væntanlega draga mjög úr því að fólk setjist í stjórnir nema að vel athuguðu máli, og fólk muni þá sinna stjórnarsetunum af meiri alvöru en nú tíðkist.

Steinunn segist reikna með að leggja fram frumvarp með breytingum fljótlega, en eftir sé að útfæra breytingarnar nákvæmlega.

## Jákvæður kippur í Bandaríkjunum

Dow Jones-hlutabréfavisitalan stóð við ellefu þúsund stiga múrinn í fyrradag. Hún hefur ekki sést á þessum slóðum síðan seint í september 2008 og var þá á hraðri niðurleið. Hæst fór hún í rúm fjórtán þúsund stig í október 2007 og á því enn nokkuð í land.

Bandaríska stórblaðið Washington Post segir efnahagslífið vestra vera að rétta úr kútnum og séu fjárfestar bjartsýnni nú en áður.

Gengi hlutabréfa margra fyrirtækja hefur jafnað sig eftir kreppuna. Þekktast þeirra er hátæknirísinn Apple.

FERSK TÖLVA ÚR KASSANUM Gengi hlutabréfa tæknirísans Apple hefur þrefaldast á rúmu ári.

Gengi hlutabréfa fyrirtækisins hrundi úr tvö hundruð dölum á hlut um áramótin 2008 niður í áttatíu dali ári síðar. Það stendur nú í tæpum 240 dölum á hlut, sem jafngildir þreföldun á rúmu ári. - jab



# VILTU HAGRÆÐA Í LEYFISKAUPUM?

Margra ára reynsla og þekking í Microsoft leyfisráðgjöf

Microsoft  
GOLD CERTIFIED  
Partner

License Delivery  
Licensing Solutions

BETRI  
LEYFISRÁÐGJÖF

Hafðu samband við fagfólk Sími 569 7700 microsoft@nyherji.is

NÝHERJI



Ódýru NORTH flísarnar 33x33 cm margar gerðir

**1.650** kr. m<sup>2</sup>

Granít flísar 45,7x45,7cm

**4.390** kr. m<sup>2</sup>

Vitra Arkitekt WC, seta og innbyggður kassi. Allt settið:

**36.385**

**Ótrúlegt úrval flísa, hreinlætistækja og fylgihluta fyrir baðherbergið í 700 m<sup>2</sup> sýningarsal**

BATHCO borð með handlaug og handklæða-slá, breidd 80cm

**48.800**

Blöndunartæki ekki innifalin

MILAN sturtuhorn 90x90 cm með botni

**27.900**

Veggjós 50W

**5.990**

NAPOLI hitastýrt sturtuset

**29.900**

EURO handklæðaofn króm 50x80 cm (sveigður)

**14.900**

einnig fáanlegir í hvítu á enn lægra verði. Margar stærðir.

Kr. 945      Kr. 1.395

Kr. 745

Settið samtals kr.

**3.085**

TEST gler/króm hillur 30x40x106 cm

**6.895**

Króm tvöfaldur baðkrókur kr.

**1.695**

mikið úrval fylgihluta

VEMAR blöndunartæki

**4.390**

PARIS innrétting með handlaug og spegli. Hvít, wengue og sebra

**24.900**

45x30x35 cm, spegill 45x65 cm

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

TEST baðvígt

**1.695**

Mellerud sturtuhreinsir 0.5L

**1.395**

VITRA Slope blöndunartæki

**8.990**

**Flísa & Bað**

**MARKAÐURINN**

Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laugard. 11-16.

## Bæta danska lestakerfið

Applicon, dótturfélag Nýherja í Danmörku, hefur gert samning við dönsku ríkisjárnbrautirnar (DSB) um umfangsmikla hagræðingu í rekstri fyrirtækisins. Starfsmenn Applicon hér og í Danmörku munu vinna við verkið, að því er fram kemur í tilkynningu.

Haft er eftir Per Falk Jensen, framkvæmdastjóra Applicon í Danmörku, að markaðurinn sé að taka við sér eftir tveggja ára lægd.

Dönsku jarnbrautirnar flytja 168 milljónir farþega á ári og er með áttatíu prósent af lestarsam-



**DÖNSK LEST Á HRADFERÐ** Starfsmenn Applicon hér og í Danmörku munu vinna við hagræðingu á dönsku ríkisjárnbraut-

göngumarkaðinum þar í landi. Um 9.200 manns starfa hjá félaginu.

- jab

## Vestia vill birta upplýsingar

„Það er grundvallaratriði að bankarnir eða eignauslufélögin þeirra birti með reglulegum hætti fjárhagsupplýsingar fyrirtækja sem eru í endurskipulagningu á heimasíðu viðkomandi banka,“ segir Þórður Friðjónsson, forstjóri Kauphallarinnar.

Hann mælti með því á fundi Félags viðskiptafræðinga og hagræðinga á dögum að bankarnir birti bæði ársreikning og sex mánaða uppgjör fyrirtækja í þeirra umsjá ekki seinna en þremur mánuðum eftir lok árs. Annað geti skekkt samkeppnisstöðuna.



**GYLFI MAGNÚSSON** iðskiptaráðherra og fleiri vilja að bankarnir birti fjárhagsupplýsingar fyrirtækja í þeirra umsjón oftar en þeim er skylt að gera.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gylfi Magnússon, efnahags- og viðskiptaráðherra, tók undir með

Þórði og benti á að nú horfi til betri vegar. Málið væri hluti af stjórnarfrumvarpi um breytingar á hlutafélagum.

Eignauslufélög bankanna þurfa ekki að birta upplýsingar um rekstur og efnahag fyrirtækja í þeirra eigu umfram árleg skil til Ársreikningaskrár. „Við erum tilbúin að birta reglulega ákveðnar samandregnar upplýsingar á sex mánaða fresti,“ segir Steinþór Baldursson, framkvæmdastjóri Vestia, eignarhaldsfélags Landsbankans.

- jab

## Grískur auður flýr sökkvandi skip

Auðugir Grikkir og fyrirtæki þar í landi fluttu átta milljarða evra úr landi á fyrstu tveimur mánuðum ársins. Þetta jafngildir 1.380 milljörðum íslenskra króna.

Fjármagnsflóttinn fer í gegnum alþjóðlega banka á borð við HSBC og Societé Générale og hefur féð að mestu verið flutt til Bretlands, Sviss og Kýpur. Breska dagblaðið Financial Times segir Sviss augljósan kost fyrir þá sem vilja koma sér undan hærri skatti á fjármagnstekjur sem vofir yfir þeim löndum Evrópusambandsins sem hafa orðið illa úti í kreppunni.

Blaðið hefur eftir sérfræðingi hjá greiningarfyrirtækinu Credit-Sights, að grískir bankamenn hafi



**MÁLIN RÆDD** George Papandreou, forsætisráðherra Grikklands, ræddi um stöðu efnahagsmála á fundi samtaka grískra fyrirtækja um miðjan síðasta mánuð.

MARKAÐURINN/AP

áhyggjur af þróun mála enda geti þeir lent í fjármögnunarvanda og muni það hafa áhrif út í efnahagslífið, sem ekki er burðugt.

- jab

## Tíðin ágæt fyrir fjárvana frumkvöðla

Frumkvöðlar eru um þessar mundir að búa sig undir fjárfestingum. Fjárfestingar hafa aukist í sprotafyrirtækjum.

Jón Aðalsteinn Bergsveinsson  
skrifar

„Það er fyrst nú eftir hrúnið að ég tek eftir því að áhugi fjárfesta á sprotafyrirtækjum er að aukast. Þau leituðu eftir svo lágum upphæðum áður að fáir litu við þeim,“ segir Eyþór Ívar Jónsson, framkvæmdastjóri Klaks – nýsköpunarmiðstöðvar atvinnulífsins, sem blæs til fjárfestinga undir merkjum Seed Forum á föstudag.

Þetta er ellefta fjárfesting Seed Forum þar sem frumkvöðlar kynna fyrirtæki sín og hugmyndir fyrir fjárfestum. Þing sem þetta er haldið tvisvar á ári, í apríl og október. Á þinginu nú koma fram fulltrúar sjö fyrirtækja, fimm íslenskra og tveggja norskra. Þau eru flest eins til tveggja ára þótt eldri fyrirtæki leynist á milli. Belgingur er yngsta sprotafyrirtækið, um eins árs. Það þróar nákvæmari veðurspár en sést hafa. Rannsóknarvinna hefur staðið yfir lengur.

Eyþór segir nýsköpun hafa verið setta í salt hér í allt að sex ár og því vanti sprotafyrirtæki á vaxtarstigi. Sú þróun skrifast á bankana, sem sugu til sín mikið af fólki fyrir hrun og almennt hagstæðari fjárfestingarkosti í öðru en áhættusömum kaupum í srotafyrirtækjum. Nú horfir til betri vegar, að mati Eyþórs. Hann bendir á að fjárfestingarkostir séu færri nú en áður og fjármagn þurfi að leita í annan farveg. Þá hafa stjórnvöld og opinberar stofnanir



**EYÞÓR ÍVAR** Frumkvöðlar eiga mun auðveldara um vik að leita sér fjármagns nú en áður, að sögn framkvæmdastjóra og helsta skipuleggjanda fjárfestinga Seed Forum.

MARKAÐURINN/GVA

stutt mjög við nýsköpun eftir bankahrúnið, svo sem með skattalegum ívilnunum. Hann segir aðgengi að fjármagni hafa skánað strax í fyrrihaust og bendir á að eitt fyrirtækjanna sem kynnt var á þinginu í október í fyrra hafi landað samningi yfir kvöldverði síðar um kvöldið. Á meðal kunnra srotafyrirtækja sem hafa farið á flug eftir fjárfestingunni Seed Forum eru tölvuleikjafyrirtækin CCP og Gogovic auk tiskuvörufyrirtækisins E-Label og tæknifyrirtækisins Fjölblendis.

## Eftirspurn eftir öðru en innlánnum


Veltusafnið, nýlegur verðbréfasjóður Íslandsbanka sem settur var á markað í september 2009, hefur nú vaxið í tæplega sjö milljarða króna. Þetta endurspeglar eftirspurn eftir öðrum ávöxtunarkostum en innlánnum fyrir skammtímasparnað að mati sérfræðinga Íslandsbanka.

Sjóðurinn er rekinn af Íslands-


sjóðum, dótturfyrirtæki Íslandsbanka. Hann er verðbréfasjóður sem fjárfestir í innlánnum fjármálaafyrirtækja og skammtímasverðbréfum með ríkisábyrgð.

Stuttur meðallíftími fjárfestinga sjóðsins þýðir að gengi sjóðsins sveiflast lítið, og hentar því þeim sem vilja ávaxta fé í skemmri tíma.

- bj



Stefnir - *Ríkisvixlasjóður.*  
Traustur kostur fyrir einstaklinga og fyrirtæki.



ÍSLENSKA STA.LS ARI 49433 03/10

Verðbréfabjónusta Arion banka er söluaðili sjóða Stefnis.

Kynntu þér sjóðina hjá starfsfólki verðbréfabjónustu Arion banka í síma 444 7000, í næsta útibúi eða á arionbanki.is/sjodir

- 90% ríkisvixlar og ríkisskuldabréf / 10% innlán
- Vixlar og stutt skuldabréf með ábyrgð íslenska ríkisins. Sjóðnum er heimilt að fjárfesta allt að 10% í innlánnum.
- Litlar sveiflur í ávöxtun og enginn binditími.
- Hentar þeim sem vilja fjárfesta í þrjá mánuði eða lengur.
- Lágmarkskaup 5.000 kr.
- Enginn munur á kaup- og sölugengi.

Hafðu samband  
sími 444 7000 • arionbanki.is

 Arion banki

Stefnir - Ríkisvixlasjóður er verðbréfasjóður skv. lögum nr. 30/2003, um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Rekstrarfélag sjóðsins er Stefnir hf. Vakin er sérstök athygli á að almennt fylgir áhætta fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum sjóða, t.d. getur fjárfesting rýrnað eða tapast að öllu leyti. Fyrri ávöxtun sjóða gefur ekki áreiðanlega vísbendingu um framtíðarávöxtun þeirra. Nánari upplýsingar um sjóðinn, þ.á m. nánari upplýsingar um áhættu við fjárfestingu í hlutdeildarskírteinum hans, má finna í útbodslýsingu eða útdrætti úr útbodslýsingu sjóðsins, sem nálgast má á [www.arionbanki.is/sjodir](http://www.arionbanki.is/sjodir).

# SÍÐASTA VIKAN

## Allt í steik

framlengt til sunnudagsins 11. apríl

4ra rétta seðill frá 4.990 kr.

1 KRYDDLEGIN KLAUSTURBLEIKJA  
með rússneskri pönnuköku, dillrjóma og piparrótarsósu

2 RJÓMALÖGUÐ HUMARSÚPA  
með Madeira og grilluðum humarhölum

VELDU MILLI FJÖGURRA AÐALRÉTTA

FISKUR DAGSINS  
ferskasti hverju sinni, útfærður af  
matreiðslumönnum Perlunnar (4.990 kr.)

3 BEIKONVAFINN OG FYLLTUR FASANI  
með polentu og kóngasveppasósu (5.590 kr.)

RIB EYE  
með kartöfluturni, Bearnaisesósu  
og steinseljurótarmauki (6.590 kr.)

NAUTALUND  
með grænmetismósaík  
og blönduðum skógarsveppum (7.590 kr.)

4 SÚKKULADIFRAUÐ  
með hindberjahlaupi, ferskum ávöxtum og passionís

Gjafabréf Perlunnar  
Góð tækifærisgjöf!



Allt í steik  
verð frá **4.990 kr.**

Veitingahúsið Perlan  
Sími 562 0200 - Fax 562 0207  
Netfang perlan@perlan.is - Vefur www.perlan.is

Nýr A la Carte hefst 12. apríl

# Nauðsynlegt er að *jafna* straum ferðafólks yfir árið

Í ferðþjónustunni er horft til þess að fara að dæmi Finna sem á krepputímum gripu til þess ráðs að stórefla ferðamennsku yfir vetrartímann. Slíkt sé raunar nauðsynlegt hér á landi til að dreifa álagi á vinsæla ferðamannastaði og byggja upp ferðamannaíðnaðinn sem heilsársatvinnugrein. Óli Kristján Ármannsson tók tali Árna Gunnarsson, formann Samtaka ferðþjónustunnar.

Fyrirtæki í ferðþjónustu búa sig undir metsumar í ferðamennsku, afrakstur uppbyggingarstarfs fyrri ára, óvænts eldgoss og veikrar stöðu krónunnar. Spáð er mikilli fjölgun ferðafólks hér næstu árin. Að áratug liðnum er gert ráð fyrir að 500 þúsund fleiri gestir sæki landið heim á ári hverju en núna gerist. Það er tvöföldun miðað við stöðuna eins og hún er nú.

Árni Gunnarsson, formaður Samtaka ferðþjónustunnar (SAF), segir brýnt að dreifa álaginu og halda áfram að þróa ferðamannaíðnaðinn frá því að byggjast bara upp í kring um sumarvertíð. Í því verkefni þurfi hins vegar margir að leggja á árar og átakið þurfi að vera samtaka. Hann vísar til reynslu Finna í þessum efnum, en á ársfundi SAF undir marslok, tók einmitt til máls fyrrverandi ferðamálastjóri Finna og greindi frá því hvernig var byggð upp vetrarferðamennska þar (sjá hér til hliðar).

Þá segir Árni fleira þurfa til að koma, svo sem marvissari innspýting til uppbyggingar og verndunar á vinsælum ferðamannastöðum með gjaldtöku. Langt er þó frá því að vera sátt um leiðir í þeim efnum.

## VETURINN ER LYKILLINN

„Mér fannst mjög áhugavert að heyra hvernig Finnar fóru í gegn um sína kreppu 1990. Á sama tíma og þeir voru með gífurlegt tap á sínum fjárlögum, útflutningur hrundi og sárvantaði gjaldeyriskjör og störf, þá var lögð áhersla á að leggja aukid opinbert fé í markaðssetningu og svo fjárfest í nýsköpun,“ segir Árni og kveður marga kannast við afrakstur þeirrar vinnu, svo sem hvernig Finnum hafi tekist að eigna sér jólasveininn á sínum tíma. „Núna er veturinn aðalferðamannatíminn hjá þeim, en vetrarferðamennska var varla



Á LEIÐ Í HVALASKOÐUN Á HÚSAVIK Hvalaskoðun er hægt að stunda árið um kring og hafa meðal annars verið gerðar út ferðir frá Reykjavík í allan vetur. Samtök ferðþjónustunnar leggja áherslu á að byggja upp afþreyingu og þjónustu fyrir ferðamenn utan þess tíma sem hingað til hefur verið háannatími. Með því og auknum stuðningi megi laða hingað erlenda ferðamenn og auka gjaldeyriskjör þjóðarinnar árið um kring.

MARKAÐURINN/PIETUR

til í landinu á þessum tíma þegar Finnar ganga í gegn um þessa kreppu.“ Árni bendir á að pólitískt hugrekki hljóti að hafa þurft í Finnlandi til að auka fjárveitingar inn í ferðamannaíðnaðinn, á sama tíma og skorið var niður í velferðarkerfinu, heilbrigðisþjónustu, menntun og fleiri þáttum. „Þeir voru með gífurlegt tap á fjárlögum, en sáu þetta sem leið út úr kreppunni.“

Hér heima viðurkennir Árni að nokkur vandi liggja í því að miklu fleiri erlendir gestir sæki landið heim yfir sumartímann, þótt eitthvað hafi verið gert í því að laða hingað fólk á öðrum árstímum. „Þessari þróun þurfum við að vinna gegn og auka heilsárstúrisma. Og það sýnir sig frá Finn-

landi að það er ekkert lögmál að land á norðurslóðum hafi meiri ferðamennsku yfir sumartímann. Það getur alveg snúist við,“ segir hann og bendir um leið á að gestir sem sæki Finnland heim yfir veturinn skili mun meiru en þeir sem koma að sumarlagi. „Þeir kaupa miklu meiri afþreyingu en hinir, vélsleðaferðir, hundasleðaferðir og alls konar þjónustu aðra.“

## OPINBERAN STUÐNINGI PARF

Árni segir ljóst að fyrirtæki í ferðþjónustu leggi nú þegar mikla fjármuni í markaðssetningu. „Og leggja í dag til miklu meira en hið opinbera. Það hefur hins vegar sýnt sig að með því að hið opinbera komi með greininni inn í þennan pakka, þá verða skilaboðin sterkari og við getum náð meiri slagkrafti og árangri.“

Stuðningur ríkisins segir Árni líka að geti verið sú viðbót sem til þarf til þess að

flugfélög og aðrir sem boðið hafi þjónustu yfir sumartímann, leggi í að bjóða ferðir og þjónustu utan þess tíma sem hingað til hefur verið háannatími. „Töluvert er af flugfélögum, leiguflogi til dæmis, sem bara koma hingað á sumrin og ekki eru í því að þreyja með okkur þórrann. Þau leggja kannski ekki mikið í vörupróun og nýsköpun heldur selja bara náttúruna eins og hún er. En það á við um ferðþjónustuna eins og aðrar greinar að eitthvað stuðningskerfi þarf til að byggja upp nýja þjónustu. Og við horfum til þess að hið opinbera þurfi að taka meiri þátt með okkur. En greinin er að gera mjög mikið og menn eru að auka mikið framboð og leggja meiri peninga í markaðssetningu.“

Og þótt meira þurfi ef til vill til að koma segir Árni heyrast frá félagsmönnum að nokkur árangur sé þegar að nást. „Inn er að koma töluvert mikið meira af bóku-



ÁRNI GUNNARSSON

## Fimmtungur gjaldeyrstekna kemur úr ferðþjónustu

Katrín Júlíusdóttir, ráðherra ferðamála, fjallaði um stöðu ferðþjónustu á aðalfundi SAF.

„Í vændum er mikið ferðamannasumar og hér innanlands erum við í þeirri ánægjulegu stöðu að vangaveltur eru uppi um það hvort við munum anna eftirspurn og geta veitt öllu ferðafólki boðlega þjónustu yfir háannatímann,“ sagði Katrín Júlíusdóttir, ráðherra ferðamála, í ræðu sinni á ársfundi Samtaka ferðþjónustunnar sem fram fór 23. mars síðastliðinn.

Katrín sagði engum detta lengur í hug að gera lítið úr hlutverki ferðþjónustunnar í efnahagslífi landsins. „Þvert á móti er hún nú talin til burðarása atvinnulífsins og ein helsta vaxtargrein næstu tíu ára. Hún aflar um 20 prósentu gjaldeyrstekna

þjóðarinnar,“ sagði hún og benti á að ferðþjónustan hafi halað í kassann 155 milljarða króna í fyrra, en það hafi verið 46 milljarða króna aukning frá fyrra ári. „Raunaukning gjaldeyrsteknanna milli ára telst vera um 21 prósent og það munar um minna.“

Ráðherra sagði að á heildina litid gæti fólk verið ánægt með góðan árangur á óvissutímum. „Þar ræður lágt gengi krónunnar og hagstætt verð sjálfsagt miklu en einnig skjót viðbrögð ferðþjónustufyrirtækja og opinberra aðila við breyttum aðstæðum og góð reynsla ferðamanna af komu hingað til lands.“

Í máli Katrínar kom fram að



KATRÍN JÚLÍUSDÓTTIR Ráðherra ferðamála segir óhætt að horfa til reynslu Finna af uppbyggingu ferðamennsku utan hefðbundins háannatíma.

MARKAÐURINN/GVA

í haust standi til að leggja fram nýja ferðamálastefnu, en í því verkefni leiði saman hesta sína Ferðamálaráð, Ferðamálastofa, Samtök ferðþjónustunnar, ráðu-

neytið og Nýsköpunarmiðstöð. Á þeim vettvangi verði til að mynda leitað svara við spurningunni um hvernig taka eigi á móti mikilli aukningu ferðamanna hingað til lands, en gert er ráð fyrir því að þeim fjölgi úr fimm hundruð þúsundum á ári nú, í eina milljón árið 2020. „Áleitun spurning í þessu efni er hvernig við komum á heilsársferðamennsku á Íslandi til þess að nýta mannvirki og mannskap allt árið og vera í stakk búin til þess að mæta fjölgun ferðafólks,“ sagði hún og vísaði til reynslu Finna í þeim efnum. „Þeim tókst í miðri kreppu að byggja upp vetrarferðamennsku sem skilar þeim nú meiri tekjum heldur en sum-

arvertíðin og er ákaflega fróðlegt fyrir okkur. En Ísland er úthafseyja og ekki hluti af meginlandi eins og Finnland, og við getum ekki yfirfært reynslu annarra nema laga hana að okkar aðstæðum og veðurfari og finna út hvað það er sem getur laðað ferðamenn hingað allt árið.“

Katrín sagði að hér væru tíma-bundið erfiðir tímar, en samsamferki væri milli öflugrar ferðþjónustu og sterks lands. „Samstarf og samráð er nauðsynlegt. Áriðandi er að fara í markaðssetningu, en því fylgir ábyrgð, jöfn dreifing um landið og yfir árið, uppbygging fjölsóttustu staðanna og rannsóknir eru nauðsynlegar.“

- óka



**BOLUNGARVÍKURGÖNG** verða opnuð fyrir almenning um miðjan júlí. Göngin verða 8,7 metra breið og 5,1 km að lengd. Einnig er verið að byggja um 310 metra langa steinsteypta vegskála, 3 km langa vegi og tvær 15 metra langar steinsteyptar brýr.

# ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

Sölufulltrúar **Henny Árnadóttir** henny@365.is 512 5427 **Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447

## VINNUVÉLANÁMSKEIÐ

**Nýtt námskeið**  
hefst 9. apríl n.k.



**Öku- og vinnuvélaskólinn ehf.**  
**Eco Driving**

UPPLÝSINGAR OG INNRIÐUN Í SÍMA 588-1414



## Hiti í bústaðinn



Ryðfrír neysluvatnshitara, hitöld (element), hitastillar, hitastýringar, rafhitara til húshitunar og flest annað til rafhitunar.

Við hjá Rafhitun erum sérfræðingar í öllu sem við kemur rafhitun. Við bjóðum einungis úrvals tæki sem hafa sannað sig með áralangri reynslu.

Rafhitara fyrir heita potta



**Rafhitun**

íslensk  
framleiðsla  
í 20 ár

Kaplahrauni 7a • Hafnarfirði • Sími: 565 3265 • www.rafhitan.is

Hringdu í síma

**512 50 60**

ef blaðið berst ekki



Ingrid Kuhlman, framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar, segir íbúðaskipti vera bæði hagkvæman og fjölskylduvænan ferðamáta.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## Má vakna þegar ég vil

Ingrid Kuhlman, framkvæmdastjóri Þekkingarmiðlunar, hefur ferðast um allan heim með fjölskylduna en hún stundar svokölluð íbúðaskipti gegnum vefsíðuna [www.intervac.com](http://www.intervac.com)

„Við skiljum yfirleitt eitthvað íslenskt eftir í ísskápnum handa fólkinu ef það lendir seint að kvöldi, eins og flatkökur, hangikjöt og skyr og stundum leiðbeiningar með svo fólk viti hvað það er að borða,“ segir Ingrid sem hefur stundað íbúðaskipti undanfarið ár. Hún segir þennan ferðamáta sérstaklega fjölskylduvænan og fara vel með veskið.

„Við höfum gert þetta átta sinnum undanfarið ár og höfum meðal annars farið til San Fransisco, Ástralíu, Sviss, Spánar og Toronto í Kanada. Þessi ferðamáti hefur í rauninni gert okkur kleift að ferðast um allan heiminn án þess það kosti mikið, nema flugfarið. Það er líka svo skemmtilegt að búa ekki í túristahverfi og hitta nágrannana meðan maður slær garðinn eða tæmir sundlaugina fyrir íbúa

hússins. Við lentum til dæmis í því í Toronto að nágrannarnir slógu upp götupartí til að bjóða okkur velkomin í hverfið.“

Á vefsíðum sem halda utan um íbúðaskipti er yfirleitt hægt að skrá inn hvaða lönd eru á óskalistanum að heimsækja og hvenær. Ingrid hefur hins vegar haldið öllum möguleikum opnum og oftar en ekki látið tilviljun ráða hvert fjölskyldan fer í frí eftir því hvaða tilboð berst í gegnum síðuna.

„Við höfum ekki skipt oftar en einu sinni við sama fólk og látum það ráðast hvert við förum. Við ferðumst alltaf öll saman, fjölskyldan, en börnin okkar eru 15 og 17 ára í dag. Við segjum stundum að þetta sé eins og á sex stjörnu hóteli því þarna er allt til alls. Hægt að vakna þegar maður vill og þarf ekki að mæta í morg-

unmat fyrir klukkan níu. Yfirleitt má ganga í allt á heimilinu, leikföng fyrir krakkana, hjól og fleira. Bíllinn er yfirleitt innifalinn líka sem er mjög þægilegt því það kostar sitt að leigja bíl.“

Aðspurð hvort ekki sé óþægilegt að vita af ókunnugum inni á heimili fjölskyldunnar segist Ingrid aldrei hafa lent í vandræðum með skiptin. Þvert á móti sé gott að vita af einhverjum í húsinu og oft hafi tekist ágætis kynni með fjölskyldu hennar og fólkinu sem gistir í húsinu þeirra.

„Við erum enn í sambandi við fólk sem við skiptum við í San Fransisco. Þau lentu í miklu rigningarsumri hér á Íslandi en voru hæstánægð með það því það rignir aldrei þar. Mér finnst þetta frábær leið til að ferðast og til að kynna fólk og ólíkum síðum í hverju landi.“

heida@frettabladid.is



-15% afsláttur

af sumardekkjum og jeppadekkjum!

BÍLKÓ

ATH. OPÍÐ Á LAUGARD. KL. 10-14

Þjónustumiðstöð bílsins | Smiðjuvegi 34 | Rauð gata | [www.bilko.is](http://www.bilko.is) | Sími 557-9110



**La Villa**  
Gistiheimili í Kaupmannahöfn  
Herbergi og studioíbúðir  
í miðbænum  
sími 0045-2848 8905

**Hjólhýsi - Fellihýsi - Aftanívagnar**  
Allar almennar viðgerðir og viðhald.  
Standsetning fyrir sumarið. Skilum vagninum skoðuðum, ef óskað er. Verið klár fyrir sumarið.  
**VelRás**  
Sími 555 6670 - www.velras.is  
Rauðhellu 16 - Vagnhöfða 5

**Rafstilling ehf**  
Viðgerðarþjónusta  
Varahlutir  
Startarar  
Alternatorar  
Flottar og ódýrar  
bilaperur  
Heimilis LED perur  
white og warm white  
Dugguvogi 23 rafstilling@rafstilling.is 597-4997

**FRAMTAK**  
**BLOSSI ehf**  
ÖRFLÓRA  
- með náttúruna á breinu -  
Viðurkennt af embætti  
yfirdýralæknis  
Örflóra er fyrir haughús,  
rotþrær, niðurföll, skólpl  
leiðslur, fituskiljur, fitutanka,  
úti og inni salerni.  
UNISERVICE  
Vesturhrauni 1-210 Garðabæ Sími 535 5850-www.framtak.is

## Geymsluhillur - fyrir alla muni

ALVÖRU Geymsluhillur  
Í bílskúrinn og geymsluna  
fyrir sameignina og dekkinn  
og fyrir fyrirtækin í landinu!  
- auðvelt að smella saman  
- þola mikið álag  
15.720 kr  
+ 10.490  
næsta bíl  
Verð eru án VSK  
Skemmuvegur 6 - Blá gata - Kópavogur  
Sími 511-1100

Skoðaðu nánar á - WWW.RYMI.IS



Smakkað á hákarlinum hjá Péttri í Ófeigsfirði.

MYND/BALDUR

## Enduðum í kaffi og hákarli í Ófeigsfirði

Nokkrir dagar í frí frá fésbók nefnist ævintýraferð fyrir unglinga sem Ferðafélag Íslands efnir til í sumar á Strandir og Hornstrandir. Fararstjórar eru þeir Felix Bergsson leikari og Baldur Þórhallsson prófessor.

Felix er við upptökur á þáttunum Skólahreysti og umkringdur hressum krökkum þegar í hann næst. Það er samt annars konar æskulyósstarf sem stendur til að forvitnast um. Hann ætlar nefnilega með unglingahóp á Hornstrandir í sumar ásamt manni sínum, Baldri Þórhallssyni. Hvað kemur til? „Ja, við Baldur erum dálitlir útivistarmenn og þykir gaman að fara á fjöll. Einhvern veginn hafði mönnum borist það til eyrna hjá Ferðafélagi Íslands þannig að við vorum beðnir um að fara í fyrria með 18 krakka hóp norður á Strandir. Það var alveg rosalega gaman og nú stendur til að endurtaka leikinn 18. til 22. júlí. Í fyrria gistum við í Norðurfirði í Árneshreppi og gengum þaðan. Nú ætlum við þangað líka og dvelja dag um kyrrt, kannski notum við hann til að ganga í Ófeigsfjörð. Síðan liggur leið okkar alla leið í Hornbjargsvita og þar verður gist í tvær nætur og gengið um. Svo siglum við til baka í Norðurfjörð, með viðkomu í Reykjarfirði þar sem við sofum síðustu nóttina eftir að hafa slakað á í lauginni.“

Felix segir ferðina ætlaða krökkum frá 14 ára upp í 17 og veit til þess að hún hafi verið gefin sem fermingargjöf. „Við Baldur hlökkum mikið til að sjá hverjir koma með okkur í þetta skipti,“ segir hann brosandí og lýkur miklu lofsorði á krakkana sem fóru með þeim í fyrria. Viðurkennir að þeir félagar hafi kviðið fyrir þá. „Við sváfum varla síðustu næturnar áður en við fórum og einu sinni leit Baldur á mig og sagði: „Felix, hvað erum við búnir að taka að okkur?“ En svo var þetta stórskemmtilegt. Það kom okkur mest á óvart hvað félagsþroski krakkanna var mikill og hópurinn samstilltur.“

Þeir félagarnir keyrðu sjálfir norður á tveimur Econoline-bílum og gekk vel að sögn Felix. „Við dvöldum í húsi Ferðafélagsins í Norðurfirði, þar var grillað á kvöldin eða eldað og alltaf mikil stemning. Svo var haldið í ævintýraferðir á daginn og unglingarnir voru til í allt sem við buðum upp á. Þetta



Hress hópur í gönguferð í Árneshreppi. Norðurfjörður í baksýn.

MYND FELIX



Áð á leiðinni í Ingólfsfjörð.

MYND/FELIX

gátu alveg orðið krefjandi dagar og veðrið ekkert alltaf upp á það besta en þeir létu það ekki á sig fá. Þeir smurðu nestið sitt á morgnana og venjulega voru þeir komnir út og biðu eftir okkur Baldri, þannig að það var aldrei vandamál að koma þeim á fætur. Skemmtilegast var þegar við gengum yfir í Ingólfsfjörð og Ófeigsfjörð á einum degi og enduðum þar í kaffi og hákarli hjá Péttri og Margréti.“

Nú er sem sagt nýtt ævintýri fram undan í sumar. „Við fórum ekkert á sjó í fyrria en nú ætlum við

að sigla. Það er auðvitað stórkostlegt að sjá þetta svæði af sjó,“ segir Felix og heldur áfram. „Það er allt magnað þarna norður frá, landslag, dýralíf og gróður en í svona ferðum veit maður ekkert hverju náttúran getur tekið upp á. Það verður bara að mæta því og það verður farið mjög varlega. Þeir gera það, þessir krakkar. Þeir koma mjög opnir og hlýða öllu sem þeir eru beðnir um. Þetta er eina gönguferðin sem við Baldur höfum planað í sumar og nú er bara tilhlökkun í okkar huga.“

gun@rettabladid.is





MYND/ARCTIC TRUCKS

James May mun aka sama bílnum og ekið var á í ferð sem hann fór með Arctic Trucks á segulpólinn fyrir þremur árum.

# Top Gear-innslög tekin upp á Fimmvörðuhálsi

Aðstandendur Top Gear-bílaþáttanna, sem sýndir eru á BBC2 sjónvarpsstöðinni, eru væntanlegir til landsins í vikunni og hyggjast taka upp óhefðbundin innslög eins og þeirra er von og vísa við gosstöðvarnar.

James May, einn af stjórnendum Top Gear-þáttanna sem sýndir eru á BBC, er væntanlegur til landsins í vikunni ásamt sjónvarpstökuliði og hyggst búa til innslög um eldgosíð á Fimmvörðuhálsi. Starfsmenn Arctic Trucks munu aðstoða hópin við að komast á staðinn og leggja til sérútbúna bíla og vana menn.

„Það hafa verið nokkur tengsl á milli okkar síðan við fórum með umsjónarmönnum þáttanna og tókuliði á segulpólinn (Magnetic North Pole) árið 2007 þar sem þeir tóku upp efni fyrir þátt sem fékk nafnið Polar Special og fjallaði um fyrsta bílaleiðangur manna á segulpólinn. Þegar gosíð

á Fimmvörðuhálsi hófst gafst síðan tækifæri til að endurtaka leikinn hér heima og höfðu stjórnendur þáttarins því samband, en May mun keyra á sama 38 tommu Toyota Hilux-bílnum og ekið var á segulpólinn fyrir þremur árum,“ segir Hallveig Andrésdóttir, markaðsstjóri Arctic Trucks. Hall-



veig segir ekki ljóst hversu lengi hópurinn muni dvelja hér á landi enda fer það eftir veðurskilyrðum við gosstöðvarnar. Hún á hins vegar von á því að efnið verði nokkuð óhefðbundið eins og Top Gear-manna er von og vísa.

vera@frettabladid.is

Umsjónarmenn Top Gear-þáttanna eru þeir James May, Richard Hammond og Jeremy Clarkson. Að þessu sinni er May einn á ferð ásamt tókuliði.

NORDICPHOTOS/GETTY



## Sérhannaður lögreglubíll

BANDARÍSKUR LÖGREGLUBÍLL MED 300 HESTAFLA BMW-DÍSILVÉL.

Bílaaverksmiðjan Carbon Motors Corp í Indiana í Bandaríkjunum hefur byggt bíl sem nefnist E7 og er hannaður frá grunni sem lögreglubíll. Frá þessu er greint á vef Félags íslenskra bifreiðaeigenda, fib.is. Hinn dæmigerði bandaríski lögreglubíll sem flestir þekkja úr bíómyndum er af gerðinni Ford, Chevrolet eða Chrysler. Nú má þó búast við að hinn nýi sérhannaði lögreglubíll verði áberandi í framtíðinni enda nú þegar búið að panta rúmlega 12 þúsund bíla en gert er ráð fyrir að seld verði 230 þúsund einök af þessum nýja bíl sem líklega verða afhent árið 2013. Vélin í bílnum verður sex strokka 300 hestafla BMW-dísilvél. Burðarvirki hans er heil grind sem klædd er utan með trefjaplastplötum sem auðvelt er að skipta um ef skemmdir verða. Hjólabúnaður og hemlar eiga að þola nánast hvað sem er og er bílnum ætlað að veita farþegum hámarksvernd. Bíllinn hefur verið í þróun frá árinu 2003 og hefur fjöldi lögreglumanna komið að hugmyndavinnu hans. Þeir lögðu meðal annars til að afturdyr bílsins opnuðust fram á við.

- sg

# NÁMSKEIÐ LAUGARDAGINN 10. APRÍL

## Lærðu að rækta kryddjurtir



Auður Ottesen, garðyrkjufræðingur

Auður Ottesen garðyrkjufræðingur verður með námskeið á Krúsku að Suðurlandsbraut 12, laugardaginn 10. apríl 2010 frá kl. 11:00 – 13:00.

Á námskeiðinu verður farið yfir helstu tegundir kryddjurtanna sem ræktaðar eru utandyra eða í eldhúsglugganum, lærum að þekkja nýtingu kryddjurtanna og möguleikana í matseld.

Námskeiðið kostar 3.000 kr. og eru léttar veitingar innifaldar. Skráning fer fram í gegnum netfangið kruska@kruska.is eða á staðnum.



## KRÚSKA

VEITINGASTAÐUR - VERSLUN - TAKEAWAY

Suðurlandsbraut 12 - Sími 557 5880 - www.kruska.is  
Opið alla virka daga frá 11:00 til 20:00

# Vorútsala í FLASH

## 7. -17. apríl

**30-70% afsl. af öllum vörum**  
Nýjar sendingar - ótrúlegt úrval



Laugaveg 54,  
sími: 552 5201

**VÍSIR.IS**  
„...ég sá það á vísi“

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24  
alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn...

...góðar fréttir fyrir umhverfið

**ALLT**

Jóna María Hafsteinsdóttir  
jmh@365.is - sími 512 5473

Henný Árnadóttir  
henny@365.is - sími 512 5427

Þórdís Hermannsdóttir  
thordish@365.is - sími 512 5447

**HELGIN**  
Laugardaga

Smáauglýsingasíminn er opin alla daga kl. 8-17

Smáauglýsingasíminn er **512 5000**  
smaar@frettabladid.is / visir.is

Afgreiðslan er opin:  
alla virka daga 8-17

### BÍLAR & FARATÆKI



Honda CRV 4WD 2.2 Panorama Diesel, 03/2007 Ekin 127þús. Bsk 6grá. Verð 4.100.000.-



Honda Accord 2.0 Sport, 01/2005 Ekin 86þús. Ssk. Verð 1.990.000.- Áhvilandi lán 1.000.000.-



Renault Modus 1.2, 06/2006 Ekin 21þús. Bsk. Verð 1.490.000.- Møguleiki á allt að 90% láni.

**Bilahöllin BILDHÖFÐA 5, 112 Rvk**  
SÍMI: 567 4949  
[www.bilahollin.is](http://www.bilahollin.is)

**bilfang.is**  
S. 567 2000

Skráðu þinn bíl núna með mynd á bilfang.is ef það gerist þá gerist það hjá okkur!

**Bílasalan Bilfang Malarhöfða 2, 110 Rvk.**  
SÍMI: 567 2000  
[www.bilfang.is](http://www.bilfang.is)

## STÓRA BÍLASALAN

Vantar allar gerðir af bilum á skrá og á staðinn vegna góðrar sölu.  
Það er **FRÍTT** að skrá bílinn hjá okkur og það kostar heldur ekkert að láta hann standa hjá okkur. Eru með myndefirlit á planinu.  
**STÓRA BÍLASALAN**

**Stóra bílasalan Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**  
SÍMI: 5861414  
Myndefirlit á plani  
<http://www.stora.is>

Auglýsingasími  
**512 54 01**  
Allt sem þú þarft...



RANGE ROVER SUPERCHARGED, árg.2007, ek. 21þús.km, 396 hö, sjálfsk, ný heilsársdekk, Stór glæsilegur umboðsbíll, hlaðinn búnaði, Ásett verð 11800þús.kr!, billinn er á staðnum

**100 bílar ehf**  
Pverholt 6, 270 Mosfellsbær  
Sími: 517 9999  
Opíð virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16  
[www.100bilar.is](http://www.100bilar.is)

### Bílar til sölu



Til sölu Renault Kangoo árg. '08 1,6 bensín ek. 71þús, ssk, vetrardekk verð 1150 þús. ath. skipti ódýrari gsm 892 7852.



VW POLO, módel 1999, 3. dyra, ekin 109 þús. í góðu standi. Neldg vetrardekk og sumardekk fylgja. Verð 190.000. Upplýsingar í síma 897 2929.

### DÍSEL

Til sölu Toyota Avensis dísel nýskráður 06.02.2002 nýskoðaður 2011 án athugasemda, bílinn er ekin 261.000 en er í góðu standi, búið að skipta um tímaræm og kúplingu. Ásett verð er 890.000 ath skipti á ódýrari upplýsingar í síma 693-5053. Þessi bíll er með D4 vélinni og eyðir ca 7 lítrum á hundraði. Bílinn stendur á Höfðabílum S:577 4747 eða 693-5053.



Til sölu Grand Caravan 2001 ekin 84 þúsund mílur Nýskoðaður 2011, álfelgur og filmur ásett verð 1390 en TILBOÐ 1.090 þúsund ath skipti, upplýsingar í síma 693-5053.

### TILBOÐ 1090



Nissan Patrol GR árg 2004 ekin 119. ARB loftlås að framan, loftdæla, loftkútur, aukatankur, toppgrind, spilengi. 44" á 14" felgum, kassi á afturhurð, smurbók frá upphafi. Verð 4,280. S: 898-2811.



Suzuki Grand Vitara 4x4 árg 2007 ekin 67þús. Sjálfskiptur.ATH skipti á ódýrari. Verð 2.780 S: 8982811.



Subaru Legacy árg. '98 ek. 150þ.km Ssk. Vetrar og sumardekk. Bensín. Mjög góður bíll. V. 390þ. S. 616 2597.

**VARAHLUTIR AUKAHLUTIR**

Sérþöntum vara- og aukahluti fyrir ALLAR gerðir bíla frá Ameríku!

35 ára reynsla í sérþöntum. Einstök tagþekking - hröð þjónusta. Höfum bæði "original" og "after-market" varahluti.

GMC Jeep

Fyrirspurnir á tölvuþósti sendist á: serpontun@benni.is

**Bíllabúð Bennna**  
590 2000



VW POLO, módel 1999, 3. dyra, ekin 109 þús. í góðu standi. Neldg vetrardekk og sumardekk fylgja. Verð 190.000. Upplýsingar í síma 897 2929.

### 0-250 þús.



Golf á tilboði 195 þ. W Golf '97 1400. 5 grá. skoðaður út árið, ekin 140 þ. km. S. 891 9847.



**Sjálfskiptur á 180.000**  
Nissan Primera árg 96 ekin 170 þ km sjálfskiptur rafmagn í rúðum skoðaður 2011 verð aðeins 180.000- stgr upplf síma 861-7600 billinn er í Keflavík



**Toyota sk.2011 á 250 þ**  
Toyota Corolla 1,3 árg'98 ek.145 þús,skoðuð 2011,beinskípt,3ja dyra,eyðir mjög lítill!Útlit ekki 100% ásett verð 380 þús TILBOÐ 250 þús!!! þarf ekki að fara í skoðun fyrir en í ágúst á næsta ári 2011 s.841 8955

### 250-499 þús.



**SJÁLFSKIPTUR GÓÐUR BÍLL!!!**  
MITSUBISHI GALANT 2,5 V6 ssk.árg'98 ek.170 þús,ný skoðaður 2011,góður bíll verð 360 þús s.841 8955

### 2 milljónir +



Toyota Avensis Wagon Sol. Nýskr. 6/2006. Beinskíptur, 5g, 1,8 vél. Ekin 80 þkm. Verð 2.290 kr. S.8926349.

### Bílar óskast

Óska eftir bíl  
Óska eftir bíl fyrir allt að 300.000- stgr. má þarfnast lagfæringa. Skoða allt. Uppl. í síma 899 3939.

Óska e.að kaupa Skoda Octavia árg. 2000 eða yngri. Uppl. í s:866 0471.

### !!! 0-200þús staðgreitt !!!

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 200þús., bílinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri en 98, skoða allt. Hringdu í síma 659 9696.

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar, á ca. 20-120 þús. Stgr. Uppl. í s. 896 6744.

Óska eftir bíl, 30-150 þús. Má þarfnast lagfæringar. Uppl. í s. 868 8565.

### Hópfæribílar



Til sölu 33 sæta Benz Jonckheere árg. '83. Gríndarbíll í góðu standi. Ingi s. 864 6489.

### Mótorhjól



Yamaha YZ250 cc árg. (2005) nýskráð 2006. Kjánalega lítið notað hjól í toppstandi. Uppl. í s. 692 5856. V. 570 þús.

### Kerrur



Galvanhúðuð kerra fyrir 1 fjórhjól. Rennur eru stíllanlegar eftir hentugleika - heildarþyngd 450 kg - burðargeta 300 kg - dekk 8" - Verð kr. 101.000.- Lyfta.is - Njarðarbraut 3 - Reykjanesbær - Sími 421 4037 - [www.lyfta.is](http://www.lyfta.is)

### Fellihýsi



Álbox fyrir tjaldvagna og fellihýsi KE Málmsmíði, Axarhöfða 18. S. 587 0626 & 696 3522. [www.ke.is](http://www.ke.is)

### Hjólbarðar

### Parftu að láta hjólastilla bílinn?

Við notum fullkomna hjólastillitölvu. PITSTOP, S: 565 2121 Hjallahrauni 4, 220 Hafnarfirði.

4 stk. 175/65 14" á Corolla felgum á 20þ. 4 stk. 14" Imprezu felgur á 20þ. 4 stk. 175/70 13" á Accent felgum á 20þ. 2 stk. 195/65 15" á 5 gata álf. á 15þ. 3 stk. 175/70 13" á álf. á 15þ. 4 stk. 175/70 13" á 15þ. Uppl. í s. 896 8568.

Til sölu 4 michelin sumardekk 225/45/17".keyrt 5 þús. km.verð: 90.000. sími: 8468 308.

### Vinnuvélar



VARAHLUTIR-VIÐGERÐIR-ÞJÓNUSTA  
Viðgerðir og varahlutaþjónusta við allar tegundir vinnu- og búvéla. Útvegum notaða/uppgerða varahluti í allar tegundir vinnu- og dráttarvélar t.d. drif, girkassa, mótora o.fl. á hagstæðu verði. Vélfang ehf Reykjavík og Akureyri S. 580-8200



### Bátar



**Handfærarúllur**  
BJ5000 Handfærarúllur. Sjóvélar ehf. 553 3311 [www.sjo.is](http://www.sjo.is)



Rafmagnsfæravindur frá Oilwind teg. 03-16. SENSON ehf. Sími 511-1616. [www.senson.is](http://www.senson.is) [sonson@sonson.is](mailto:sonson@sonson.is)

### Varahlutir

**BILAPARTAR.IS**  
Notaðir TOYOTA varahlutir  
Sími: 587 7659

**Bílapartar ehf**  
S. 587 7659.  
Kaupum Toyota bíla. Opíð virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

**NET-PARTAR**  
Sími: 486 4499 / 486 4477  
[www.netpartar.is](http://www.netpartar.is)

**Bílapartasala**  
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla [www.netpartar.is](http://www.netpartar.is)

**partabílar.is 770-6400**  
Er að rífa Swift 05-09, Grand Vitara '05 Yaris, '05 BMW 525 dísel, '02 Honda Civic '97 Renault Kango, '99, Dodge Carvan, '97 og Nissan Primera, '99, almera, '99, Peugeot 306, '98, Kia Spotage, '00, Jeep Grand Cherokee 4,7, '99 Kaupum bíla í niðurrif.

Allskyns Varahlutir í toyota corollu og yaris. 50þúsund. S. 616 2716.

### VW, Skoda, Audi. S. 534 1045

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifis. Bílabúð, Suðurlhella 10, Hfj.

Er að rífa Focus, '99, Yaris, '00, Hatchback '96, '97 1600, Xli 1300, '94, Escord, '98, Accent, '95 & '97, Impreza, '99, Legacy, '96, Almera, '98, Carina, '97, Vento, '97, Lanos, '99, Elantra, Wagon, '97, Civic, '99, Golf, '95. Kaupi bíla til niðurrifis. S. 896 8568.

### Bíllutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifis.

Varahlutir í VW Golf, Polo, Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Girkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

### Japanskar Vélar Varahlutasala

Erum að rífa MMC Pajero/Montero, '00-'05. L200/Izuzu pick up, '00-'07. Suzuki Vitara/Liana/Swift, '00-'08. Hyundai Santa Fe/Tucson/Starex, '00-'06. Nissan pickup/Almera/X-Trail, '02-'08. VW/skoda, '00-'05. Mazda/Ford, '00-'05. Kia, flestar gerðir. Chevrolet, '05-'06. Citroen C2/C3, '02-'06. og fl. Kaupum bíla. Opíð 08-18. S. 565 3400 & 893 2284. [www.carparts.is](http://www.carparts.is)

### Viðgerðir



### Reiðhjóla, Sláttuvéla Smávélaviðgerðir. Hröð og ódýr þjónusta.

Gerum við allar gerðir af Reiðhjólum og sláttuvélum. Sláttuvélamarkaðurinn ehf S:517-2010 Smiðjuvegi 11.

## ÞJÓNUSTA

### Weislusalir

Weislusalur til leigu með eða án veltínga. Uppl. s. 696 2242.

### Hreingeringar

Hreingeringarþjónusta þvegillinn 5 44 44 46

Hreingeringar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thevgeillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn

### A-Ö Þrif & Hreinlæti Sími 662 0 662

Hreingeringar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

### Garðyrkja

**Garðar Best**  
Sími 698 9334  
Triaklippingar og fellingar, laufahreinsun, stéttahreinsun, þökulagnir, girðingasmíði, jarðvegsvinna og margt fleira. Garðar best ehf s. 698 9334 [gardarbest.is](http://gardarbest.is) neffang: [gardarbest@gardarbest.is](http://gardarbest.is) Facebook: [gardarbest](http://gardarbest.is)

en við sáum í fyrri. Flugfélögin sem eru innan okkar vébanda, Icelandair og Iceland Express eru að auka framboð sitt verulega og svo sjáum við að félög á borð við Air Berlin, Germania, Lufthansa, SAS og jafnvel fleiri sem inn koma yfir sumaríð eru að bæta við sig. Sumarið í sumar lítur því mjög vel út og við höfum miklar væntingar til þess að það skili okkur miklum tekjum.“ Veturinn og vetrartímabilið segir Árni hins vegar að sé helsta áhyggjuefnið. „Við sáum í vetur í fyrsta sinn í mörg ár, eftir miklar tilraunir til þess að lengja ferðamannatímabilið, að aðeins var að draga saman á því tímabili. Það varð smá bakslag í árstíðasveifluþróuninni.“

Þættir sem svo aftur gætu ýtt undir meiri straum ferðamanna utan hefðbundins háannatíma og horft er til segir Árni að séu til dæmis tónlistar- og ráðstefnuhúsið Harpan í Reykjavík og menningarhúsið Hof á Akureyri. „Þeir sem sækja þessi húsi til ráðstefnuhalds eða til annarra hluta koma ekki í júní, júlí, eða ágúst, heldur fremur í september, október þegar ráðstefnur eru haldnar.“ Eins segir Árni horft til þess að byggja upp og bjóða fleiri þætti í afþreyingu allt árið um kring. „Hér eru til dæmis stundaðar jökla göngur allt árið. Hvalaskoðun hefur verið stunduð frá Reykjavík í allan vetur og slíka þætti þarf að ýta undir og efla.“

#### GJALDTAKA SKIPTIR MÁLI

Þá segir Árni ekki nægja að setja fjármuni í markaðssetningu, einnig þurfi að huga að vernding og viðhaldi hér heimafyrir. „Það hefur verið okkur áhyggjuefni að sumar af náttúruperlum landsins eru að verða komnar að þölmörku og jafnvel á sumum tímum yfir þau, svo sem ef horft er til Geysis-svæðisins og Landmannalauga, svo einhver dæmi séu nefnd. Vantað hefur aukið fjármagn til að bæta þar úr og svo inn í þjóð-

garðana okkar. Við höfum búið til stóra þjóðgarða en vantar heilmikið fjármagn til að upplýsingagjöf, stígagerð og annað verði með þeim hætti sem best verður á kosið.“ Árni segir að þótt mismunandi viðhorf hafi verið til gjaldtöku á ferðamannastöðum segist hann sjálfur hafa verið talsmaður þess að haga henni þannig að þeir sem njóti borgi. „Að þeir sem fara á staðinn borgi fyrir þá þjónustu með einum eða öðrum hætti.“

Nefnd sem fjallaði um málið fékk þau skilaboð frá Samtökum ferðaþjónustunnar að skoða fremur hagkvæmar leiðir á borð við þjóðgarðapassa (í anda veiðikortsins) þar sem aðgangur fengist að fleiri en einum þjóðgarði með kaupum á einum passa. „Lykillinn er að hafa þetta einfalt og hagkvæmt, ekki þannig að komið sé upp rúkkunarskúrum út um allar trissur.“

Eins segir Árni að gæta verði að því að gjald sem innheimt sé með þessum hætti verði ekki hluti af almennum skattstofni, heldur skili peningurinn sér beint á viðkomandi staði. Þetta telur Árni mun vænlegri leið en gjaldtöku í ætt við komugjöld til landsins sem leggst jafnt á alla ferðamenn. Reynslan annars staðar frá sýni að það skili meiri árangri að draga úr kostnaði við ferðalagið á staðinn, en bjóða svo upp á fjölbreytta þjónustu gegn gjaldi í landinu sjálfu.

#### VILJA SAMT KASTA KRÓNUNNI

Mikil aukning ferðamanna sem fyrirséð er í sumar segir Árni að skrifist að hluta til á hve Ísland hafi verið áberandi í umræðu á heimsvísu. Þótt fréttir af hrúni fjármálafyrirtækja séu í eðli sínu slæmar hafi gjarnan fylgt fréttunum myndskild af íslenskri náttúru. Þá spili náttúrulega inn í veikt gengi krónunnar. „Menn sjá hér möguleikann á að verð lækki eitthvað í erlendri mynt, en það er kannski skamm-

góður vermir þegar mjög mikið af okkar þjónustu byggir á innfluttri vöru.“ Dæmi um gengisbundnar sveiflur í ferðamennsku séu hins vegar þekkt, svo sem frá Tyrklandi þar sem líran hafi gefið eftir gagnvart evru. Í kjölfarið hafi aukist straumur ferðamanna frá Evrópu til Tyrklands, um leið og samdráttur hefur verið á vinsælum ferðamannastöðum í evrulöndum, svo sem á Spáni.

„En myntin býður upp á sveiflur og við í Samtökum ferðaþjónustunnar höfum verið mjög fylgjandi því að tekin verði upp önnur mynt en krónan. Þótt vermirinn sé skammgóður núna þá eru þessar sveiflur ákaflega erfiðar fyrir alla þá sem í viðskiptum reyna að setja saman áætlanir til lengri tíma. Það er agalega erfitt að vinna með þetta.“

Árni segir ferðamannatímabilið fara í gang þegar á vor mánuðum. „Þó það nái hámarki í júní og júlí, þá er maí strax orðinn mjög sterkur mánuður. En á sumum stöðum á landinu er háönnin ekki nógu löng, kannski ekki nema sex til átta vikur. Þess vegna hef ég einmitt haldið því fram að gífurleg tækifæri séu í vöruþróun og afþreyingu á landsbyggðinni á öðrum mánuðum ársins,“ segir hann og telur að hér sé allt það til staðar sem þurfi til að byggja upp öflugan heilsársferðamannsku. „En til þess þarf öflugan stuðning, bæði frá fyrirtækjunum og hinu opinbera.“ Árni áréttar að ekki sé horft til ríkisins með neinum betli. „Það skapar bara meiri veltu og næst meiri kraftur ef við náum hinu opinbera í bátinn með okkur í þessum efnum.“ Hann segist finna fyrir ákveðnum skilningi á þessu hjá ráðamönnum, þótt ef til vill þurfi að kynna einstökum þingmönnum betur samhengi hlutanna. „Og í því vinnum við og fengum til dæmis til okkar finnska ferðamálastjóran fyrverandi til að sýna fram á það.“



FERÐAFÓLK VIÐ SVARTAFÖSS Í SKAFTAFELLI Merki eru um að straumur ferðamanna hingað til lands verði með mesta móti í sumar. Íslensk flugfélög hafa bætt við ferðum og bókanir auknar hjá erlendum flugfélögum.

## Sparnaður heima bætir útblástursstöðuna

Gróflega áætlað má gera ráð fyrir að útblástur gróðurhúsalofttegunda aukist um 67.500 tonn gangi eftir spá um að erlendum ferðamönnum fjölgi um 500 þúsund næstu tíu ár. Gert er ráð fyrir að milljón ferðamenn sækji landið heim árið 2020. Er þá gert ráð fyrir hóflegum sparnaði útblásturs vegna fjarveru ferðamanna á heimaslóð.

Þá er ekki tekinn með í reikninginn útblástur vegna millilandaflugs, þar sem hann hefur enn sem komið er áhrif á útblástursbókhalda landsins. Með fluginu eykst útblástur hins vegar um 296.500 tonn, miðað við að hálf milljón ferðamanna sækji landið heim og að hver staldri að jafnaði við í um hálfan mánuð.

Heildartalan hér að ofan byggist á útreikningum Sigurðar Inga Friðleifssonar, framkvæmdastjóra Orkuseturs. Hann bendir jafnframt á að ólíklegt sé að val ferðamanna standi milli þess að fara til Íslands eða fara ekki neitt. „Þannig að varla ættu menn að tala um aukna alheimslaus vegna fleiri ferðamanna til Íslands tengda fluginu,“ segir hann.

Í útreikningum sínum gerir Sigurður ráð fyrir að ferðafólkið taki rútu til Reykjavíkur frá Leifsstöð og svo aftur til baka. „Útblástur sem tengist þessum

legg, miðað við 85 prósentu farþeganytni í bílunum, met ég sem svo að útblástur á farþega aðra leið sé 0,3 kílógrömm af koltvísýringi. Þessi notkun kemur sem aukning inn í íslenska bókhaldaði og þennan kostnað þurfum við líklega að bera.“ Sigurður segir að best væri að rukka fyrir útblásturinn eins og kannski sé nú þegar gert, með kolefnisgjaldi á bensíni. Tekjurnar af gjaldinu ættu hins vegar að fara í þróun á vistvænni ferðamáta á leiðinni.

Þá er gert ráð fyrir að ferðamaðurinn leigi sér bíl og keyri í kringum landið. „Við gerum ráð fyrir að þetta séu hjón þannig að bílnotkunin helmingast.“ Miðað við að tekinn sé að leigu meðalbíll og eknir 1.500 kílómetrar, þar sem útblástur nemur 179 grömmum á hvern ekinn kílómetra, þá nemur útblástur á mann 134 kílóum.

„Góðu fréttirnar eru hins vegar þær að meðalheimili í Bretlandi notar raforku og hitun sem gefur af sér útblástur upp á um 5.300 kíló á ári eða 14,5 kíló á dag. Öll raforka og hitun á Íslandi er hins vegar kolefnisfrí,“ segir Sigurður og bendir á að því sparist útblástur í heimalandinu meðan fólk er hér stadd.

„Þannig að hjón komin á land og dvelja hér í tvær vikur fá eftirfarandi reikning: 1,2 kílógrömm vegna rútuferðar til og frá Keflavík og svo 269 kíló vegna hringferðar á bílaleigubíli. Þetta eru þá 270 kg sem leggjast á kolefnisbókhalda Íslendinga. En munum að útblástur sýr ekki um landmæri og umhverfisvænt orkukerfi okkar sparar heiminum að minnsta kosti 84 kíló þar sem hjónin skipta úr kolefnisdrifnu raforkuakerfi í kolefnisfrítt raforkuakerfi í tvær vikur.

Ef hjónin myndu sleppa því að hita húsið sitt á meðan þá myndi sparnaðurinn vera rúm 200 kg og næstum því núlla út útblásturinn á Íslandi.“

- óká

SIGURÐUR INGI FRÍÐLEIFSSON

## Í kreppu markaðssettu Finnar vetrarferðir

Markaðssettu heilsulindir, heimkynni jólasveinsins, norðurljósin og fleira. Vetrarferðalangar eyða meiri peningum en þeir sem ferðast að sumarlagi.

Í byrjun tíunda áratugar síðustu aldar gengu Finnar í gegnum kreppu þegar utanríkisviðskipti við Sovétbökkina hrundu. Landið náði hins vegar vopnum sínum með markvissri stefnumótun til




MARINA KRAUSE

framtíðar og aðgerðum til að efla atvinnulífið, að því er fram kom í máli Marinu Krause, markaðsstjóra Comma Group og fyrverandi ferðamálastjóra Finnlands, á nýafstöðnum ársfundi Samtaka ferðaþjónustunnar (SAF).

Auk þess að setja fjármuni í rannsóknir og þróun, sem meðal annars skilaði sér í uppgangi tæknirisans Nokia, greindi Marina frá því hvernig Finnar komust út úr kreppunni með því að leggja áherslu á vetrarferðamennsku. Finnsla ríkið í samvinnu við einkafyrirtæki lagði aukna fjármuni í markaðsstarf og kynningu á Finnlandi sem áfangastað að vetrarlagi, á sama tíma og skera þurftu niður opinbera þjónustu og auka álgögur á landsmenn. Marina fór yfir það þróunarstarf sem unnið var í byrjun tíunda áratugarins þar sem áhersla var lögð á heilsulindir og þróun jólasveinalandsins,

#### Gistinætur í Finnlandi



SKÝRINGARMYND Hér má sjá hvernig vetrarferðamennska tók við sér í Finnlandi árið 1994 og hefur farið vaxandi síðan og er nú svo komið að gistinætur seldar að vetri eru nærri jafnmargar og seldar eru að sumarlagi.

HEIMILD/FINNISH SNOW HOW, MARINA KRAUSE

auk þess sem norðurljósin og fleiri hlutir voru kynntir sérstaklega. Í máli sínu lagði Marina áherslu á mikilvægi þess að gott samstarf væri meðal hagsmunaaðila þegar kæmi að átaki sem þessu, um leið og að því væri gætt að langtímahugsun væri höfð að leiðarljósi.

Innskot ríkisins var umtalsvert, en árið 1993 fengu Finnair og Finnsla ferðamálaráðið 20 milljónir finnskra marka aukreitis úr að spila, fyrir utan stóru-

in framlög á fjárlögum árin 1992 til 1994. Afraksturinn má svo sjá á skýringarmyndinni hér fyrir ofan þar sem farið er yfir fjölda seldra gistinátta í Finnlandi frá árinu 1993 til ársins 2009.

Aukinheldur benti Marina Krause á að ferðamenn að vetrarlagi skildu að jafnaði eftir meiri tekjur en ferðamenn að sumarlagi, enda væri meira um að ferðafólk keypti sér afþreyingu á þeim tíma árs en að sumarlagi.

- óká

Heimild: Orkusetur/Sigurður Ingi Friðleifsson

## AGS skoðar bankaskatt

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn (AGS) ihugar að leggja nýja skatta á banka og fjármála-fyrirtæki. Annar þeirra er skattur á hagnað banka umfram fyrirfram ákveðin mörk en hinn felst í skatti á efnahagsreikning bankanna. Seinni skatturinn á að draga úr líkunum á að eignasafn bankans tútni út.

Breska dagblaðið Daily Telegraph segir þriðju leiðina hafa verið skoðaða. Ólíklegt þykir hins vegar að hún verði að veruleika. Leiðin felst í



**FORVARNIR Í BÍGERÐ** Líklegt þykir að Dominique Strauss-Kahn, framkvæmdastjóri AGS, kynni bankaskattinn á vörfundum sjóðsins.

MARKAÐURINN/

skattlagningu á fjármagnsflutninga.

Blaðið segir skattféð fara í sjóð sem nýtast muni AGS í fjármálakreppum á borð við þær sem riðið hafa alþjóðlegum fjármálamörkuðum síðastliðin tvö ár og á að koma í veg fyrir að almenn-ingur verði látinn borga brú-ann þegar illa fer.

Líklegt er að skattlagningin verði kynnt með formlegum hætti á vörfundum sjóðsins síðar í mánuðinum.

- jab

## Þorbjörn hlýtur Varðbergið

Útgerðarfyrirtækið Þorbjörn í Grindavík hlaut um miðjan mánuðinn Varðbergið, forvarnaverðlaun Tryggingamiðstöðvarinnar (TM). TM veitti jafnframt fyrirtækjunum Hlaðbær - Colas ehf. og Austfjarðaleið ehf. sérstakar viðurkenningar fyrir starf í þágu forvarna.

Þorbjörn rekur tvær fiskvinnslustöðvar og gerir út sjóskip. Í rökstuðningi TM fyrir vali sínu segir meðal annars að útgerðarfélagið leggi mikla áherslu á gæði og gæðastjórnun og fái nýir starfsmenn í hendur handbók þar sem öryggismál og vinnuvernd eru útskýrð.

Verðlaunin hafa verið veitt frá 1999. Þau hlýtur árlega viðskiptavinur TM sem þykir skara fram úr á sviði forvarna gegn óhöppum og slysum.

- jab



**FRÁ AFHENDINGUNNI** Sigurður Víðarsson, forstjóri TM, fór til Grindavíkur um miðjan nýliðinn mánuð og afhenti Eiríki Tómassyni, framkvæmdastjóra markaðs- og sölumála hjá Þorbirni, forvarnaverðlaunin.

## Tvær leiðir til að lágmarka sveiflur í ávöxtun

Veltusafn og Ríkissafn bjóða upp á hagkvæma leið inn á ríkisskuldabréfamarkað. Þessir sparnaðarkostir geta hentað þeim sem vilja ávaxta sparnað með litlum tilkostnaði og stöðugri ávöxtun. Eignin er laus með eins dags fyrirvara.

Hafðu samband í síma 440 4920 til að fá nánari upplýsingar eða til að mæla þér mót við ráðgjafa.

Veltusafn og Ríkissafn eru sjóðir Íslandssjóða hf.

\*Ávöxtun í fortíð er ekki ávísun á ávöxtun í framtíð. Hafa ber í huga að eign í verðbréfasjóði eða fjárfestingarsjóði getur bæði hækkað og lækkað, allt eftir þróun á markaðsverði þeirra. Veltusafn og Ríkissafn eru verðbréfasjóðir skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Íslandssjóðir hf. er rekstrarfélag sjóðanna. Útbodslýsingar og nánari upplýsingar er hægt að nálgast á heimasíðu Íslandssjóða hf., [www.islandssjodir.is](http://www.islandssjodir.is). Fjárfestar eru hvattir til að kynna sér útbodslýsingu sjóðanna og þá sérstaklega umfjöllun um áhættuþætti, fjárfestingarstefnu og vikið. \*\*Markmið Ríkissafnsins er að bjóða upp á ódýra leið inn á skuldabréfamarkað. Sjá nánar í gjaldskrá á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)

## Vandi evrunnar

Það er of mikil einföldun að benda á Grikkland til að útskýra vaxandi áhyggjur af evrunni. Grikkir eiga sannarlega við mikinn vanda að etja í ríkisfjármálum en íbúar Grikklands eru aðeins 2,25 prósent af íbúum ríkja innan Evrópusambandsins. Staða evrunnar endurspeglar frekar óleystan gjaldeyrsvanda í Evrópu og á heimsvísu.

### DJÖRF EFNAHAGSLEG TILRAUN

Evrann er djörf efnahagsleg tilraun enda má glögglega greina alþjóðlega spennu á henni. Evran er gjaldmiðill sem er ekki bundinn við ríki heldur alþjóðlegar reglur og samninga. Hún er afsprengi fræðikenninga frekar en valdatafls; póstmóðernískur gjaldmiðill handan hins fullvalda þjóðríkis. En í kjölfar kreppu leggja ríki meiri áherslu á innanlandshagsmuni en alþjóðlegar reglur. Myntsláttu var lengst af talin eiga heima innan vébanda ríkisins. En ólíkt gjaldmiðlum flestra landa er engin mynd af ríkinu eða táknmyndum þess á peningum Seðlabanka Evrópu.

Samþætting gjaldeyrismála í Evrópu hefur ávallt haldist í hendur við alþjóðleg vandamál. Evrópuríki tóldu að þegar alþjóðlegar samningaviðræður sigldu í strand gerði landfræðileg nálgæð og sameiginlegur menningararfur þeim kleift að komast að svæðisbundinni lausn; ef hlutirnir brugðust á heimsvísu, væri ef til vill hægt leysa málin á heimavelli.

Gjaldeyrissamþætting Evrópu hófst fyrir alvöru með Werner-skýrslunni árið 1970. Þá höfðu menn gert sér grein fyrir alvarlegum göllum á fastgengisstefnu Bretton Woods-samkomulagsins frá 1944. Ekkert ríki gat neytt Bandaríkin til að koma böndum á útgjöld sín, sem þöndust út í stjórnartíð Nixon Bandaríkjaforseta, eða fjárlagahallann, sem stórjókst í Víetnamstríðinu.

Í Frakklandi var iðulega vitnað í franska ljóðskáldið Paul Valéry, sem orti í miðri kreppunni miklu að „Evrópa þræði augljóslega að vera stýrt af bandarískri nefnd“. Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn hafði umsjón með gjaldeyrismálum heimansins í tíð Bretton Woods-samningsins. Í augum Evrópubúa var AGS fyrst og fremst amerísk nefnd og því kunnu Frakkar illa.

### GLUNDROÐI Á ÁTTUNDA ÁRATUGNUM

Þær hugmyndir sem lagðar voru fram í Werner-skýrslunni voru of veigalittlar til að stemma stigu við glundroðanum sem ríkti í gjaldeyrismálum snemma á áttunda áratugnum. Það leið þó næstum áratugur þar til nýjar tillögur voru lagðar fram. Peningamálastjórn Evrópu byrjaði viðbragð á æðstu stöðum við kreppu á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði, sér í lagi falli Bandaríkjadals 1977 og 1978, sem tefldi

framtíð hans sem helsta gjaldeyrisforða heims í tvísýnu.

Árið 1989 lagði Delors-nefndin svonefnda fram skýrslu sem leiddi til Maastricht-sáttmálans 1992, stofnunar evrunnar 1999 og eiginlegrar myntsláttu árið 2002. Þetta ferli var tilraun til að búa til stjórnþætti sem myndi stuðla að auknum stöðugleika á alþjóðlegum gjaldeyrismarkaði. Helstu brautryðjendur evrunnar tóku lausn við alþjóðlegu vandamáli og heimfærðu hana í smækkaðri mynd á Evrópu. Árið 1987 lagði Edouard Balladour, fjármálaráðherra Frakklands, fram hugmynd að alþjóðlegu fjármálakerfi sem byggðist á nokkrum gjaldmiðilsvæðum. Sú hugmynd hefði orðið erfið í framkvæmd og lagði hann því til afmarkaðri út útfærslu í Evrópu.

### EVROPA FÓRNARLAMB FJÁRMÁLAKREPPUNNAR

Niðurstaðan var að nokkru leyti gölluð lausn á vandanum. Helsta ástæðan var sú að Frakkland og Þýskaland, lykilþátttakendur í fjárhagslegri samþættingu Evrópu, höfðu ólíkar hugmyndir um hvaða leið ætti að fara. Þjóðverjar lögðu áherslu á skýrar og afmarkaðar fjármálaog reglur en önnur ríki vildu meira svigrúm. Frakkar lögðu til að samhliða samþættingu gjaldmiðla yrði tekin upp evrópsk efnahagsstjórn. Sú tillaga féll í grýttan jarðveg. Svo fór að útvötnuð útfærsla af þýsku tillögunni var samþykkt.

Rétt eins og á sjöunda og áttunda áratugnum standa ríki heims enn og aftur frammi fyrir vanda vegna ósamræmdrar peningastefnu.

Það er ekki hægt að leysa alþjóðlegt vandamál af þessum toga með lausn sem er bundin við Evrópu. Lausnin krefst alþjóðlegs samstarfs í gjaldeyrismálum og einhvers konar yfirþjóðlegrar, efnahagslegrar umsjónar. Evrópa reyndi að fara þessa leið en komst að því að jafnvel á afmörkuðu svæði var ekki hægt að hrinda henni í framkvæmd nema að hluta. Þess í stað gerði gölluð lausn Evrópu viðkvæmari fyrir efnahagsveiflum. Afleiðingin er sú að Evrópa hefur gert sig að helsta fórnarlambi fjármálakreppunnar.

©Project Syndicate  
(Millifyrirsagnir eru blaðsins.)



**Harold James**  
Prófessor í sagnfræði og alþjóðmálum við Princeton-háskóla.

Hringdu í síma

512 5060  
ef blaðið berst ekki



Eignastýring Íslandsbanka  
Sími 440 4920  
Kirkjusandi 2-4, 105 Reykjavík  
eignastýring@islandsbanki.is  
[www.islandsbanki.is/fjarfestingar](http://www.islandsbanki.is/fjarfestingar)

Íslandsbanki



20 ára



Posapjónusta



1990 - 2010

# Rafræn kortaviðskipti í 20 ár

Í mars á þessu ári eru 20 ár liðin frá því VALITOR (VISA Ísland) braut blað í íslenskum viðskiptaháttum með því að kynna posa til sögunnar og greiða þannig leið fyrir rafrænum kortaviðskiptum

Á þeim tíma voru ávísanir og peningar vinsælasti greiðslumátinn, en söluaðilar höfðu jafnframt vanist því að notast við þrykkivélar í kortaviðskiptum, handskrifa sölunótur og hringja eftir heimildarnúmerum ef úttektir fóru fram yfir viðmiðunarmörk. Kostir þessara breyttu viðskiptahátta urðu söluaðilum fljótt ljósir ekki síst hvað vinnu- og tímasparnað snerti og á skömmum tíma varð þetta greiðslufyrirkomulag ríkjandi á Íslandi.

Framundan eru tímamót í rafrænni greiðslumiðlun á Íslandi. Ný tækni **Kort og PIN** mun á næstunni leysa af hólmi lestur segulranda og undirskriftir korthafa við staðfestingu á greiðslum í kortaviðskiptum. VALITOR hefur þegar hafið dreifingu á posum sem nýta þessa tækni en hún mun auka enn frekar öryggi í kortaviðskiptum öllum til hagsbóta.

*Forysta og reynsla VALITOR í posapjónustu síðastliðin tuttugu ár skapar félaginu traustan grunn og sem fyrr mun VALITOR kappkosta að veita viðskiptavinum sínum öruggar lausnir og faglega þjónustu.*



**VALITOR**  
-Virk miðlun verðmæta

EFNIR



## ÚR FORTÍÐINNI



**HÖNDLAÐ MEÐ FISKINN** Ungir piltar námu af þeim eldri að selja signa grásleppu og annan afla á árum áður. Sala sem þessi heyrir nú sögunni til.

MARKAÐURINN/LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR

## Verslað með grásleppu í miðri Reykjavík

Þetta var algeng sjón á vorin fyrir ekki svo mörgum árum; grásleppukarlar að bjóða signa grásleppu eða rauðmaga við Ægisíðu. Skúrarnir eru eitt þekktasta kennileiti borgarinnar og búa yfir miklu aðdráttarafl, þótt útgerð sé döttin upp fyrir þar.

Þessi mynd var tekin fyrir 30 árum og einu betur, nánar tiltekið í maí 1979. Grásleppukarlar hefur fengið unga piltar með sér

í lið til að selja aflann. Í bakgrunni glittir í Sörlaskjól og Faxaskjól. Áform voru uppi um að rífa gömlu grásleppuhjallana en við þau var hætt. Þeir fá því að standa áfram svo lengi sem þeir kæra sig um.

Hrogn grásleppunnar eru eftirsótt útflutningsvara, ekki síst nú um stundir, en verð á hrognum hefur hækkað um 50 prósent á milli ára.

## FYRIRTÆKI

## Framleiða hugmyndir fyrir heiminn

„Við höfum haft nóg fyrir stafni öll þessi ár að framleiða hugmyndir fyrir aðra,“ segir Sigurður Kaldal, annar stofnenda fyrirtækisins Koma. Sigurður og Gotti Bernhöft stofnuðu fyrirtækið fyrir sex árum og hafa þeir frá upphafi unnið með hönnuðum sem vilja raungera hugmyndir auk þess að sérmerkja vörur fyrir fyrirtæki. Fastir starfsmenn eru þrír.

Segja má að Koma brúi bilið á milli hugmynda og framleiðslu. „Stundum hefur hingað komið fólk með hugmyndir og við höfum hjálpað því að fjölda framleiða hlutinn fyrir heiminn,“ segir Sigurður en frá Koma hefur komið fjöldi þekktra hluta í daglegu lífi, svo sem Blaðberinn svokallaði auk vinsælla borðspila.

Á meðal þekktari afurða Koma um þessar mundir er segulsnúruhaldarinn Magnet, sem



**STOFNENDURNIR** Þeir Gotti Bernhöft og Sigurður Kaldal hafa gert hugmyndir að veruleika í sex ár.

MARKAÐURINN/GVA

kom á markað í kringum síðustu jól. Þróunarvinna tók eitt ár og sá Koma um framleiðsluna á skrifstofu fyrirtækisins í Kína. Þar er jafnframt einn starfsmaður sem ræður aukafólk til stærri verka. Þar er líka lager fyrirtækisins og hefur snúruhaldaranum verið dreift þaðan til rúmlega tuttugu landa.

- jab

# Andrés Önd ryður iPad-brautina

„Andrés Önd er aðeins til á raf-rænu formi á ensku. Þetta er ekki til hér og verður bylting í útgáfu-geiranum,“ segir fjölmiðlamaðurinn Jón Axel Ólafsson, markaðs-stjóri útgáfufélagsins Eddu, sem hefur lagt grunninn að því að gera eigendum iPad-tölva kleift að lesa Andrés-blöðin.

Jón Axel hefur um árabíl verið aðdáandi bandaríska tæknirísans Apple, sem setti iPad-tölvuna á markað um páskana. Jón pantaði eina slíka og ætlaði vinnufólk hans að færa honum hana þegar þá sýr heim að utan á föstudag. Jóni leiddist biðin og útvegaði sér hana eftir öðrum leiðum. „Þetta er betri græja en ég átti von á,“ segir hann.

Tölva Jóns er sú stærsta af iPad-tölvunum þremur sem koma á markað að þessu sinni, eða með 64 gígabæta harð-



**JÓN AXEL ÓLAFSSON** Markaðsstjóri útgáfufélagsins Eddu gat ekki beðið fram á föstudag eftir nýjstu tölvunni frá Apple.

an disk. Líkt og fram kom í Fréttablaðinu í gær er ekki búist við að iPad-tölvur verði fáanlegar með íslensku lykklaborði

fyrir en í fyrsta lagi um næstu jól. Jón Axel segir það ekki verða til trafala.

Jón Axel segir iPad-tölvuna ekki koma í stað fartölva. „Ég held að hún sé sniðug fyrir þá sem eru á ferðinni. Hún er fín fyrir minni háttar mál. Þetta er ekki græja fyrir skólafólk.“

- jab

## YFIR HEIÐINA MEÐ ÓLA KRISTJÁNI

# Bíll sem eftir er tekið



**Óli Kristján Ármannsson** blaðamaður tekur til kostanna notaða bíla og metur hvort þeir fái staðið undir því að kallast forstjórabílar.

„Ansi ert þú vel akandi,“ heilsaði undirrituðum vinnufélagi á fyrsta degi reynsluaksturs 2006 árgerðar af Toyota Land Cruiser 120 jeppa sem finna má í deild notaðra bíla hjá Toyota í Kópavogi. Fleiri urðu til þess að hafa orð á bílakostinum. Jeppinn er þannig að eftir honum er tekið.

Tilfinningin þegar stigið var upp í jeppann var heldur ekki að ein notaðan bíl væri að ræða, svo vel hefur verið um hann hugsað. Þó er hann ekinn tæpa 80 þúsund kílómetra. Ljóst leður er í sætum og innréttingin smekklek. Milli sæta ökumanns og farþega er að finna glasa-/flöskuhaldara og rúmgott geymslubox.

Bíllinn er mjög þægilegur í langkeyrslu, krafturinn nægur og fyrirhafnarlítið að halda lögbundnum hámarkshraða upp brekkur, hvort sem það eru Kambarnir eða Lögbergsbrekka. Fremur er að maður þurfi að gæta sín á að fara ekki of greitt. Þá er líka gott að geta reitt sig á skriðstillinn (e. cruise control) til þess að halda sér innan ramma umferðarlaga og -reglna. (Og þarf vart að nefna að slík græja er nauðsynleg í forstjórabílnum, svona til þess að tryggja átakalítinn akstur heim eftir annasaman dag.)

Annars býr ökutækið yfir öllum þeim kostum sem prýða eiga góðan jeppa. Há drif og lág, hægt að læsa mismunadrifi og svo er fjöðrunin þannig úr garði gerð að hægt er að hækka bílinn og lækka. Annars er það kannski helst fjöðrunin sem hægt er að hnýta í því undirrituðum fannst bíllinn helst til of hastur og eins gott að hægja vel á yfir hraðahindranir. Líkast til er það þó nokkuð sem fylgir því að aka um á stórum jeppa.

Þá er skemmtilegt að hafa meðal mælitækja í mælaborði hæðar- og loftþrýsingsmæli, en að auki er vitanlega hægt að sjá upplýsingar



**TOYOTA LAND CRUISER 120** Kolbikasvartur og vel við haldinn jeppinn vekur athygli þar sem á honum er komið. Bíllinn er verulega lipur í akstri þótt ökumaður glati samt aldrei tilfinningunni sem því fylgir að vera undir stýri á jeppa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## HELSTU STAÐREYNDIR

Toyota Land Cruiser 120, árgerð 2006	
Ásett verð:	6.740.000 krónur
Ekin:	79.900 km
Lengd:	471,5 cm
Breidd:	188,5 cm
Litur:	Svartur
Sætafjöldi:	5
Þyngd:	2.175 kg
Burðargeta:	725 kg
Slagrými:	2.982 cm <sup>3</sup>
Afl:	122 kW
Eldsneyti:	Dísilólía

um lofthita og um eldsneytiseyðslu, hvort heldur sem er hverju sinni, eða jafnaðareyðslu.

Af dísilbifreið af þessari stærð telst eyðslan líkast til ekki yfirdrifin. Jafnaðarmæling sýndi 12 lítra á hverja hundrað kílómetra í blönduðum akstri.

Þó er kannski ástæða til að staldra líka við uppsett verð, 6,7 milljónir króna, sem líkast til er í hærri kantinum miðað við sambærilega jeppa. Þó verður að skoða verðið í samhengi við að Toyota-bílar hafa alla jafna haldið sér vel í verði og verið eftirsóttir í endursölu. Þá er verðið ekki nema tæpur helmingur af verði nýs bíls af sömu gerð.

Forstjórabíll þarf að standa

undir nafni. Bílakosturinn má ekki gefa til kynna að fyrirtæki eigandans stefni hraðbyri í gjaldþrot. Þá þarf bíllinn að reynast vel jafnt í snatt innanþegar og í hverjar þær ferðir aðrar sem starfið kann að kalla á.

Blessunarlega eru flestar leiðir sem kalla á forstjóraferðir innanlands malbikaðar og því engin nauðsyn að vera á jeppa. Tilfinningin sem fylgir því að vera á Land Cruisernum var engu að síður sú að maður væri fær í flestan sjó. Breytir þá engu hvort haldið skuli á einhvern af golfvöllum landsins, í veiði, eða á fund. Bíllinn kemur manni á áfangastað.

Þá er hann rúmgóður og sjálfvirkur hitastillir miðstöðvarinnar tryggir að þurfi maður að nota bíllinn sem skrifstofu undir viðtal í næði, þá er vel hægt að halda í honum stuttan fund, hvar sem maður kys að leggja.

Dómurinn er því að hvaða forstjóri sem er gæti verið stoltur af því að aka um á kolsvörtum Toyota Land Cruisernum, jafnvel þótt svo hann sé ekki alveg spánnýr. Bíllinn er sem nýr á að líta. Þá er ekki laust við að mann renni í grun að á þessum tímum vekir forstjóri sem lætur sér nægja að eyða sex til sjö milljónum í bíl undir sjálfan sig meira traust en sá sem er tilbúinn að henda 15 til 20 milljónum í nýjan bíl.

Reynsla  
í 132 ár

ÍSAFOLDAR  
PRENTSMÍÐJA

Eitt nafnspjald?

100.000 bæklingar?

Leitið tilboða

Suðurhraun 1 - Garðabær - Sími 595 0300 - www.isafold.is



**SVAVA** Þrjú fyrrverandi starfsmenn Actavis hafa verið ráðnir til lyfjafyrirtækis sem Róbert Wessman stýrir. MARKAÐURINN/GVA

## Svafa fylgir Róberti

Þrjú nýir framkvæmdastjórnar hafa verið ráðnir til bandaríska samheitalyfjafyrirtækisins Alvogen. Allt eru þetta reynsluboltar úr lyfjageiranum. Svafa Grönfeldt, fyrrverandi framdstjóri hjá Actavis og fyrrverandi rektor Háskólans í Reykjavík, verður ein af fimm í stjórn fyrirtækisins en hún mun hafa umsjón með uppbyggingu, tækni og mannráðningum.

Hinir tveir eru Elin Gabriel, sem verður rekstrarstjóri, og Kevin Bain, sem tekur stöðu fjármálastjóra hjá Alvogen. Þau hafa sömuleiðis unnið hjá Actavis.

Róbert Wessman, fyrrverandi forstjóri Actavis, er stjórnarformaður Alvogen og á þriðjungshlut í fyrirtækinu. - job

## Hagnast um milljarð

Norræna upplýsingatæknifyrirtækið Sirius IT hagnaðist um 1.025 milljónir króna eftir skatta á síðasta ári, að því er fram kemur í tilkynningu. Fyrirtækið er dótturfélag Skipta, sem einnig á Símann.

Rekstrartekjur samstæðunnar námu sem svarar til 10,6 milljarða íslenskra króna. Rekstrarhagnaður fyrir afskriftir og vexti (EBITDA) nam 1.618 milljónum króna og jókst um ellefu prósent frá fyrra ári. Hagnaður fyrir skatta var 1.387 milljónir króna.

Sirius IT er með starfsemi í Danmörku, Noregi og Svíþjóð.

## MP Banki með þriðjung veltunnar

MP Banki var með hæstu markaðshlutdeild markaðsaðila í viðskiptum hjá Kauphöll Íslands á fyrsta fjórðungi ársins. MP Banki kom að tæplega 33 prósentum af veltu Kauphallarinnar, að því er fram kemur í tilkynningu frá bankanum.

Hlutdeild MP Banka hefur farið vaxandi undanfarið. Hún náði 31,7 prósentum við lok árs 2009 og er nú komin í tæp 33 prósent.

Í tilkynningu segir að árangur bankans sé staðfesting á miklu trausti viðskiptavina. Þeim hafi fjölgað umtalsvert á árinu. MP Banki hafi verið með mestu heildarveltuna í hverri einustu viku sem liðin sé af árinu 2010.

Viðskipti með skuldabréf nema um 99 prósentum af heildarviðskiptum í kauphöllinni í ár. Sérfræðingar MP Banka telja líklegt að skuldabréfamarkaðurinn verði líflægur áfram út árið, enda leiti fjárfestar að traustum fjárfestingum þar sem áhætta sé takmörkuð. - bj

# Botni náð á alþjóðlegum fasteignamarkaði

Fasteignaverð var hæst á Írlandi, í Slóvakíu og hér á síðasta ári, samkvæmt samantekt breska viðskiptablaðsins Financial Times. Verðið fór niður um 12,4 prósent á Írlandi og hafði þá lækkað um 29 prósent frá því það náði hæstu hæðum árið 2007. Þá lækkaði fasteignaverð um rúm títu prósent í Danmörku og um 9,7 prósent hér í fyrra. Til samanburðar lækkaði fasteignaverð almennt um 4,6 prósent á evrusvæðinu á síðasta ári.

Fasteignaverð lækkaði um rúm sjö prósent í Bretlandi, Frakklandi og á Spáni, en í síðasttalda landinu varð fasteignamarkaðurinn sérstaklega illa úti í heimskreppunni.

Þá lækkaði fasteignaverð um aðeins 1,8 prósent í Þýskalandi.

Fasteignamarkaðurinn í Póllandi og í Noregi mun hafa verið einsdæmi í fyrra. Verðið hækkaði um sautján prósent á milli ára í Póllandi en um rúm ellefu í Noregi, samkvæmt upplýsingum Financial Times, sem bætir við að botninum virðist almennt hafa verið náð ytra undir lok síðasta árs. Það helst í hendur við aukna eftirspurn á lánamörkuðum.

Financial Times segir verðlækkun á fasteignamarkaði í fyrra þá fyrstu frá því blaðið byrjaði að taka tölurnar saman árið 2000.

- job



**REYKJAVÍK Í FYRRASUMAR** Fasteignamarkaðurinn er almennt að taka við sér víða á meginlandi Evrópu, samkvæmt samantekt Financial Times um þróun á alþjóðlegum fasteignamarkaði. MARKAÐURINN/VILHELM



## EINSTAKAR HERRAVÖRUR

- Rakgel án ilmefna sem tryggir áreynslulausan og öruggan rakstur.
- Rakagefandi andlitskrem sem róar húðina eftir rakstur.
- Ilmefnalaus svitalyktareyðir.

Fæst í næsta apóteki.


**DECUBAL**  
KVEÐJUM ÞURRA HÚÐ

ÁN ILM-  
OG  
LITAR-  
EFNA

## BANKAHÓLFID

### Vesen er gott

Virði skuldabréfa gamla Landsbankans hefur hækkað um hundrað prósent frá því Ólafur Ragnar Grímsson forseti neitaði að staðfesta Icesave-lögin 5. janúar síðastliðinn. Kröfur vegna Icesave eru fremstar í kröfuröð gamla Landsbankans og bera aðrir kröfuhafar minna úr býtum. Fjárfestar sem áttu skuldabréfin í fórum sínum reiknuðu almennt með því í kringum áramótin að fá um 4,75 prósent upp í kröfur sínar. Þegar ákveðið var að láta málið í hendur þjóðarinnar lyftist brún þeirra og hækkaði virði bréfanna um tæp sextán prósent. Lítið hefur þokast í samkomulagsátt í Icesave-málinu og hefur það kætt þá sem eiga skuldabréfin frekar. Í gær var búist við að fjárfestar fái 9,5 prósent upp í kröfur sínar.



### Góð kaup

Eins og áður hefur komið fram voru það erlendir fjárfestar sem keyptu skuldabréf gömlu bankanna á hrakvirði eftir fall þeirra haustið 2008. Mest voru þetta bandarískir og evrópskir sjóðir, sem sérhæfa sig í kaupum á áhættusömum eignum á borð við skuldabréf fyrirtækja í fjárhagsvanda. Skuldabréf Landsbankans urðu næstum verðlaus eftir þrot bankans og eru dæmi um að þau hafi í fyrstu skipt um eigendur á innan við prósentu af virði þeirra. Nýir eigendur bréfanna ættu að vera kátir þessa dagana enda má ætla að þeir hafi hagnast um mörg hundruð prósent frá bankahruni.



### Öðruvísi útflutningur

Og meira af hagstæðum kaupum. Gengi hlutabréfa stoðtækjafyrirtækisins Össurar hefur hækkað um tæp áttatíu prósent frá því þau voru skráð á markað í Danmörku í september í fyrra. Gengi þeirra endaði á miðvikudag fyrir páska í 8,85 dönskum krónum á hlut, sem jafngildi rúmum 204 íslenskum krónum. Á sama tíma skiptu þau um hendur hér á 185,5 krónur á hlut. Þarna munaði tíu prósentum á virði bréfanna hér og úti. Dæmi eru um að fjárfestar hafi nýtt gengismuninn og fremur ákveðið að selja þau úti en hér enda verðið og markaðurinn mun hagstæðari.



**16,61** prósent eru hæstu stýrivextir í heimi og finnast í Venesúela.

**10** prósent er aukning smásölu í Bandaríkjunum í síðasta mánuði miðað við sama tíma í fyrra.

**99** milljónir króna er meðalvæltan á hlutabréfamarkaði í Kauphöllinni í mars.



## Hádegisverður til fyrirtækja og stofnana

Við bjóðum upp á lausnir fyrir þig:

- Ahliða þjónusta í rekstri mötuneyta
- Aðsendur matur
- Veisluþjónusta við öll tækifæri

Fjölbreyttir matseðlar, sérsniðnir að þínum þörfum.



www.iss.is  
Sími 5 800 600

### GLEÐJUM FERMINGARBÖRNIN!



SAMSUNG DVD SPILARI  
Lítill og nettur og spilar öll svæði  
Fermingartilboð: 16.900,-

**ORMSSON**

**SHARP**  
SHARP - XL-DH20NH



FRÁBÆR  
HLJÓMTÆKJASTÆÐA  
Fermingartilboð: 36.900,-  
(LISTAVERÐ: 48.900,-)



SPORT RESORTS  
OG MOTION+  
FYLGIÐ SVARTRI Wii  
Wii -LEIKJATÖLVAN HEFUR SLEGID ÖLL SÖLUMET Verð kr: 54.900,-

**CASIO**  
CASIO - EX-Z2



MJÖG  
FLOTTAR  
MYNDAVÉLAR  
12.1 Megapixla - 3x aðdráttarlinsa  
Fermingartilboð: 24.900,-  
(LISTAVERÐ: 29.900,-)



**Hreinir Gardar**  
TRAUST OG ÖRUGG GARDHÖNUSTA

- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Garðsláttur
- Beðahreinsun ofl.

**S. 571-2000**

**GARÐLIST**

Allt fyrir garðinn á einum stað

- ▶ Trjáklippingar
- ▶ Garðsláttur
- ▶ Beðahreinsun
- ▶ Stubbataeting
- ▶ Garðaúðun
- ▶ Þökulagnir
- ▶ Og margt fleira

Traust þjónusta í 20 ár  
554-1989  
Garðlist.is

**Viltu flotta verönd?**

Komum á staðinn og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu. Erum búnir að vera í sölpallasmíði í 16 ár, erum snöggir og vörðum vinnu okkar. Upplýsingar veittar í síma 6979660. Ólafur  
[www.betripollar.com](http://www.betripollar.com)

**Sælugarðar**

- Garðsláttur
- Garðaúðanir
- Beðahreinsun
- Trjáklippingar
- Trjáfellingar
- Þökulagnir
- Hellulagnir
- Sölpallasmíði

Mætum og gerum tilboð þér að kostnaðarlausu!  
Kári sími: 824-1238

Tökum að okkur allt sem viðkemur garðinum, auk allrar almennrar smíðavinnu - lögg. húsa- og smíðameistari. Vanir menn, snör handtök. Sælugarðar s. 824 1238.

**Ahliða**  
gardaþjónusta

Nú er rétti tíminn fyrir trjáklippingar og fellingar.

**Gardaþjónusta Íslands ehf**

Vönduð vinnubrögð!  
Hjörleifur S. 844 6547  
Róbert S. 866 9767

**Trjáklippingar / fellingar / sláttur**

Öll almenn lóðaumhirda. Sláttu- og gardaþjónustan. S. 577 4444 & 892 9999.

**Trjáklippingar**

Trjáfellingar og öll almenn garðavinna. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur s. 848 1723.

Smágröfupjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á [www.sshellulagnir.is](http://www.sshellulagnir.is)

**Bókhald**

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

**Account Bókhald og rekstrarráðgjöf sif.**

Framtöl, M&A o.fl. S. 571 0040 Vesturgötu 42.

**HSE Bókhald & Uppgjör ehf**

Skattframtöl, Bókhald, Vsk. & launauppgjör, Ársuppgjör. Ódýr og góð þjónusta  
[www.hsebokhald.is](http://www.hsebokhald.is)  
hsebokhald@hsebokhald.is  
Sími: 6926910

**FRAMTAL 2010**

Góð og traust þjónusta fyrir einstaklinga og verkta. Vönduð vinna. Ódýr þjónusta. Sæki um viðbótarfrest fram í maí.

Opið einnig um helgar. Framtalsþjónustan, Ármúla 19, S: 533 1533.

**Skattaframtal 2010**

Bókhald, framtöl, stofnun fél., ársreikn. VSK uppgj., erfðarfjárskýrslur o.fl. HAGSTÆTT VERÐ. s. 517-3977, [framtal@visir.is](mailto:framtal@visir.is)

**Fjármál**

**REGIS**

Fjármálaráðgjöf, útreikningar og gagnaflokkun vegna greiðsluáðlögunar, yfir 20 ára reynsla, sími: 577-7796, 770-7796, [www.regis.is](http://www.regis.is)

Skattframtal 2010. Einfalt framtal kr. 3.000. Frestir. Framtalsþj. HR s. 6634141.

**Málara**

Getum bætt við okkur inni- og útiverkefnum. Vönduð vinnubrögð og góð umgengni. Tilboð eða tímavinna. Lítið Mál ehf. S. 896 5758.

Málari getur bætt við sig verkefnum, stórum sem smáum, hagstæð kjör! Uppl. í s. 773 0317.

**Málaramestari**

Jón Ingvar Garðarsson málaramestari tilboð - tímavinna s. 896 6148.

**Búslóðaflutningar**

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., pianófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikael. S. 894 4560 [www.flytja.is](http://www.flytja.is)

**Húsviðhald**

**LP-VERK**

SÍMI: 698 6738

Allar almennar húsviðgerðir !!

Múrara  
Smíðir  
Flísalagnir  
Málara  
Rafvirkjar  
Píparar

Leitaðu tilboða þér að kostnaðarlausu!  
[www.lp-verk.is](http://www.lp-verk.is)

**Flisaverk.is**

Gerum upp baðherbergið frá A-Ö. Fagleg ráðgjöf við val á hreinlætistækjum. Niðurrif-Förgun-Múrverk-Flísalagnir-Pípulagnir-Rafmagn-Smíðar.  
[kristjan@flisaverk.is](mailto:kristjan@flisaverk.is)  
S: 898 4990.

**Visa/Master kortalán**

**VIÐHALD**  
Fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.

Við önnumst m.a.:

- múrviðgerðir • þakviðgerðir
- málningarvinnu • trésmíða- vinnu • pípulagnir • raflagnir
- flísalagnir.

Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • [kristjan@vidhald.is](mailto:kristjan@vidhald.is)

**Parketlagnir & lökkun**

Áratuga reynsla  
Tilboð að kostnaðarlausu  
Parketstöðin ehf  
s. 848 0891 og 894 0891

VISA MasterCard  
Kortalán

**Pípulagnir**

Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

Málaramestari, múrara, flísalagnir, parket, svo sem málnun utan sem innan og steypumúr og margt fleira. s. 771 6673.

**Ryð og lekavarnir!**

Varist kostnaðarsamar framkvæmdir, Við sérhæfum okkur í viðgerðum og málnun á öllum stærðum og gerðum þaka. Andri og Kristján. S. 659 1509 & 773 4440.

**Lekur þakið ?**

Tek að mér að leggja P.V.C dúk á þök og bílskúra, erum líka í þakviðgerðum. Uppl. í s. 659 3598.

**N & V Verktakar ehf**

Flísar - parket - gífs- steinslípun - gífsmúr - mála og margt fleira sem viðkemur húsviðhaldi að utan sem innan. Frábært verð! Uppl. í s. 661 3149.

**Stíflupjónusta**

**Stíflulosun Rörmyndun**

Losa stíflur úr salernum, vöskum, baðkerum og niður-töllum. Rörmyndavél til að staðsetja skemmdir í lögnum.

**Skolphreinsun Ásgeirs sf.**  
S.892 7260 & 567 0530

**Tölvur**

**tölvuhjálpi!**

Yfirhaling á tölvu aðeins 2.000 kr. Ókeypis vírusvörn

Nánar á [www.tolvuhjalp.is](http://www.tolvuhjalp.is)  
Sími 588-9590  
Vesturvör 32a, Kópavogi

Tölvuviðgerðir, vírushreinsun, gagnabjörgun. 18 ára reynsla, fint verð, afsl. f. félaga ÖBÍ & FEB. Stefán S. 821 6839.

Tölvuviðgerðir, gagnabjörgun. Kem á staðinn. Gott verð. S. 699 6735 Baldvín.

**Nudd**

Good relaxing massage for men!!! S. 692 3219.

NUDD NUDD NUDD. Excellent whole body massage.S.6922126

A whole body massage S. 895 6753.

**NUDD**

Whole body massage. S. 841 8529.

Nudd. Uppl. í s. 616 7919 & 867 3264 & 692 4351.

Whole body massage. Frábært nudd, fullkomin þjónusta. Uppl. í s. 857 4850 & 857 5015.

**Spádómar**

[www.orlagalinan.is](http://www.orlagalinan.is)

**Órlaga línan**

Miðlar, spámiðlar, draumráðningar. Opið öll kvöld í síma  
**595 2001 & 908 1800**

**Kærleiks-ljósið**

Spámiðill, Tarot lestur og kristalkúla

VISA 566 7311 EURO

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og pening- ar. Andleg hjálpi. Trúnaður.

**Rafvirkjun**

**Raflagnir Dyrasímar**

Set upp ný dyrasimakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.

**Fljót og góð þjónusta**  
Sími 893 1733

**Jón Jónsson**  
Löggiltur rafverktaki  
[www.raflagnir.is](http://www.raflagnir.is)

**Trésmíði**



**Bergidjan ehf Íslensk farmleiðsla**

9 holu minigöfveilir til sölu. Skemmtileg sett. Upplagt fyrir einstaklinga, félags- samtök, útihtíðarsamtök eða þjónustumiðstöðvar. Smíðum og gerum við sumarhús og útleiktækni og almenn trésmíðavinna, smíðum borð með áföstum bekkjum og varmareiti. Uppl. í s. 867 3245 & 869 1690 Bergidjan ehf, Tangarhöfði 2, 110 RVK. pukinn@simnet.is

**Önnur þjónusta**

**Öll almenn ÁLSMÍÐI OG ÁLSUÐUR**

Nýsmíði og viðhald

**ALHEIMAR**  
NÝSMÍÐI - VIÐHALD - AL & STÁL

Vesturhraun 3-210 Gardabær - S. 565 0770  
[efnir@heimar.is](mailto:efnir@heimar.is)

Tanka og pallaviðgerðir - Viðgerðir á ál-vélalutunum - Kerru viðgerðir - Öll almenn ál og ryðfri smíði - 5 met. inn-keysluhurðir - Áratuga reynsla.

**KEYPT & SELT**

**Til sölu**

**Gámar til sölu**

Eigum til sölu flestar stærðir og gerðir gáma, nýja og notaða á góðu verði s.s stálgáma, einangraða gáma, frystigáma, gámafleti, tankgáma og fl.

Stólpi-Gámar ehf, Klettagarðum 5, RVK. Uppl. í s. 568 0100 & 841 2040 eða [stolpi@stolpiehf.is](mailto:stolpi@stolpiehf.is)

Allskyns Varahlutir í toyota corolla og yaris. 50þúsund. S. 616 2716.

partur af búslóð til sölu. ódýrt uppl í s 897-2800 eftir kl 17:00 þrið miðvög

Ísskápur á 10þ. Þvottavél á 20-30þ. Stór amerískur þurrkari á 30þ. Þurrkari á 20þ. Uppþvottavél á 30þ. Bílahátalarabax á 5þ. CD á 4þ. Sófar á 10þ. Brauðrist á 2þ. Eldhúsborð á 5þ. Glerborð á 5þ. 28" tv á 10þ. Stólar á 3þ. Grill á 2þ. Teppa á 5þ. Línuskautar á 2þ. Rýksuga á 5þ. Flottur sjónvarpskápur á 5þ. S. 896 8568.

**Óskast keypt**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**

Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldreyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.  
**Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaup gull !**

Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaup gull, gull peninga og gull skartgripa. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáid góð ráð.  
**Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 (við Austurvöll), Verið velkomin**

**Nudd**

Óska eftir að kaupa DVD diska, PS2 leiki og vinyíl hljómplötur. Uppl. í s. 698 8629.

**Ýmislegt til byggingar**

Vantar gífsplötur, lektur 70 cm, leiðara 70cm, þílull, krossvið, byggingaplast, gífsmúr, mótajárn, grunn (hvítan), kitti, sílikon, þéttikvoðu, afgangsmál-ingu (hvíta) ofl. Svar sendist á beggag-umm@gmail.com

**Vélar og verkfæri**

DeWalt hæðar laser, keyptur í CR set-inu 2007, sama og ekkert notaður, með þrífæti og stiku, verð 160.000.- uppl. lalligumm@simnet.is

**Til bygginga**

Krossviður, kambstál, gips og fl. Uppl. í s. 555 7905 og [www.ulfurinn.is](http://www.ulfurinn.is)

**Aðalfundur**

**Aðalfundur**

**Styrktarfélags Samhjálp** verður haldin mánudaginn 15 apríl 2010 kl: 17.00 í Háborg Stangarhyl 3a Rvk. Efni fundarins: Venjuleg aðalfundarstörf. **Stjórnin.**



**Harðviður til húsbýgginga.**

Sjá nánar á [www.vidur.is](http://www.vidur.is)  
Vatnskæðning, panill, pallafeni, parket, útihurðir, ofl. Gæði á góðu verði. Nýkomnar Eurotec A2 harðviðarskrúfur. Penofin harðviðarolla. Indus ehf, Öseyrarbraut 2 Hf, Uppl.hjá Magnúsi í símunum 660 0230 og 561 1122.

**Verslun**

**Stærri limur betri limur**

Loksins er komin á markað vara sem gefur þér varanlega stækkun bæði í lengd og þykkt. Kannadu málið á [bathmate.is](http://bathmate.is)

**Ýmislegt**

2 myndavélastandar til sölu. 40þús saman, seljast á 20þús í sitthvoru. S. 6981577

**HEILSA**

**Heilsuvörur**

Árangur með Herbalife í 30 ár. Pantaðu frian prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 [www.lifsstill.is](http://www.lifsstill.is)

Botnlaus orka betri liðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. [www.halldorabjarna.is](http://www.halldorabjarna.is) S. 861 4019 & 868 4876.

HERBALIFE. Reynsla í heilsuráðgjöf og þyngdarstjórnun. Einstaklingar og hópar. [www.rkb.heilsuskysla.is](http://www.rkb.heilsuskysla.is). Rannveig iðjubjálfi/einkaþj. s. 862 5920.

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 [www.eco.is](http://www.eco.is) Ný netverslun: [www.betripollar.is/erla](http://www.betripollar.is/erla)

**Fæðubótarefni**

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

**Nudd**

**Heilnudd**

Kemur blóðflæðinu af stað og er slakandi fyrir líkama og sál  
[www.hairandbodyart.net](http://www.hairandbodyart.net)  
Sími 551 2042 / 694 1275



**TANTRA MASSAGE**

An exclusive gift for men, women and couples. Tel. 698 8301 [www.tantra-temple.com](http://www.tantra-temple.com)

Frábært nudd - good massage. S. 844 0329 & 846 1397.

## Nudd

## NUDD

Nudd nudd nudd heilnudd. Tilboð í dag. Uppl. í s. 616 6469.

Eðalnudd. Veldu það besta. S. 659 6019.

**VÍSIR.IS**  
"...ég sá það á vísi"

## SKÓLAR &amp; NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

[www.aksturinn.is](http://www.aksturinn.is)  
S. 694 9515

Öku og bifhjólakennsla. Tek einnig að mér akstursmat. Uppl. í s. 694 9515 Haukur Vigfússon.

## HEIMILIÐ

## Húsgögn

RB rúm 2m x 1m með fjarsteringu, yfirdína og náttborð. 1 árs gamalt v. 130P. uppl: 895 0296.

## Heimilistæki

## Er þvottavélin biluð ?

Höfum til sölu yfirfarnar þvottavélar, þurrkarar og ísskáp, tókum bílaðar uppl. Einnig fjarlægjum við þvottavélar og stærri heimilistæki. Endurgjaldslaust. En einnig getum við greitt fyrir biluð tæki. S. 847 5545.

## Dýrahald



Dacshund hvolpar síðhærðir. Tilbúin til afhendingar. Uppl. í s. 845 2321.

## HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

2 herb. íbúð til leigu í Vesturbergi. Nýtt eldhús og parket. Lyfta. V. 100 þús. Laus. S. 842 2600.

Til leigu þriggja herbergja og rúmlega 87 fermetra íbúð í 103 Reykjavík (stutt frá Krínglunni). Jarðhæð. Tvö svefnherbergi og rúmgóð stofa, eldhús og baðherb. Húsgögn fylgja að einhverju leyti. Leigutími 4-5 mánuðir. Verð 100 þúsund pr. mán + hiti & rafmagn, hagstætt verð á interneti og heimasíma. Laus strax. Hafið samband á leiga@arnor.is eða í síma 660 3817.

Apartment for rent on weekly basis in 101 Reykjavík, from 1 of mai. Information about the apartment is on Facebook: 101 Reykjavik-apartment, and tel: +354561 1479, +354898 1866.

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**  
Skrifstofa Leiguliða auglýs-  
ir lausar íbúðir, leiguverð  
frá kr. 58.000. Reykjavík,  
Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes,  
Hafnarfjörður. Gæluðyr leyfð.  
Sjá [www.leiguliðar.is](http://www.leiguliðar.is)  
eða 517 3440.

## www.leiguherbergi.is

1-2 manna herb. Funahöfða  
17a -19 Rvk og Dalshraun 13  
Hfj aðganur að internet, baði.  
eldh., þurrkara og þvottavél.  
824 4535.

Room for rent 1-2 person.,  
Funahöfða 17a -19 Rvk og  
Dalshraun 13 Hfj Internet, bath,  
kitch, washing room incl.  
Uppl/info í s. 824 4535.  
[www.leiguherbergi.is](http://www.leiguherbergi.is)

Nýlegt 4-5 herb 170fm parhús með innb. 30fm bílskúr á Selfossi til leigu. Langtímaleiga. Leigugjald 150þ. per mán. Uppl. hjá Ástu í s. 896 5685.

Room 4 rent, city center, all included, 40.000 S. 860 0360

## SKAMMTÍMALEIGU

SKAMMTÍMALEIGU-IBÚÐIR-RVÍK í miðbænum DRA.is/fyrirspurn á info@dra.is næg bílast 2-10 manna íbúðir

Herb. í miðbænum Rvk. Húsgögn fylgja. Leiga 35þ. Uppl. í s. 895 0482 e. kl. 16.

## Leigjendur, takið eftir!

Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kiktu inn á [www.leigulistinn.is](http://www.leigulistinn.is) eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Nýstandsett 55ferm íbúð til langtímaleigu í Mosfellsbæ. Reyklaust/engin gæluðyr, 3 mán. fyrirfram, 85þús per mán. Húsaleigubætur. Uppl. síma 6911603 - 6998832

45 fm kjallaraíbúð á Langholtsvegi, einnig herb. á Grettistgötu. Reglusemi áskilin. Uppl. í s. 865 9637.

## Sumarbústaðir

Aukin eftirspurn - Frí skoðun og verðmat. Jón Rafn hjá Valhöll s. 695 5520.

5 herb. 120 fm hús í Vaðlaheiði gennt Akureyri. Stutt í Hlíðarfjall. Gæluðyr leyfð. Uppl. í s. 897 7613.

## Atvinnuhúsnæði

Til leigu 2 herb. íbúð í Kópavogi, snyrtileg og miðsvæðis. Verð 95.000 á mánuði. S. 696 0288.

## Bíldshöfði (Axarhöfði)

Til leigu 100 fm iðnaðarbil með iðnaðarhurð og gönguhurð. Uppl. í s. 698 3200.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**  
Sér geymslur frá 5 til 17 m<sup>2</sup>. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**www.buslodageymsla.is**  
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## geymslur.com

Geymslur frá 3990.- kr á mán. í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskilóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

## Gisting



**GISTING Í KAUPMANNAHÖFN**  
Fullbúnaðar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 1050 dkr nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, [www.stracta.com](http://www.stracta.com) eða [annalija@stracta.com](mailto:annalija@stracta.com)

## ATVINNA

## Atvinna í boði

## Leikskólinn 101

Leikskólinn 101 sem er sjálfstætt starfandi 2ja deilda ung- barnaleikskóli. Óskar eftir að ráða leikskólakennara/leiðbeinanda í 100% stöðu frá 15. maí. Æskilegt sé að umsækjandi sé íslenskumælandi, samviskusamur og ekki yngri enn 25 ára.

Umsóknir sendist á [leikskolinn101@simnet.is](mailto:leikskolinn101@simnet.is)



## Kvöld- og helgarvinna

Kvöld- og helgarvinna. Tímakaup og bónusar. Okkur vantar öflugt og skemmtilegt fólk til úthringinga! Hringdu núna í síma 550 3610 kol@kol.is

Véltjóri og Stýrimaður óskast á 103 Tonna Sæbjúgnabát. Vélarstærð 465 kv. Upplýsingar í síma 892 0367. Um borð í s. 899 9527.

## TILKYNNINGAR

## Einkamál

SEXY BASTARD! Til hamingju með afmælið - ég býð þér til Rómur í tilefni dagsins. Mundu það sem þriggur getur gerir fertugur miklu betur. Hringdu í mig!

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberinn þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.



Blaðberinn... góðar fréttir fyrir umhverfið

## Tilkynningar



## Kvennaskólinn í Reykjavík - opið hús 8. apríl 2010 -

Fimmtudaginn 8. apríl verður opið hús í skólanum fyrir 10. bekkina og forráðamenn þeirra frá kl. 17:30 til 19:30 að Frikirkjuvegi 9.

Námsframboð skólans, inntökuskilyrði og félagslíf verður kynnt. Verið velkomin.

Skólameistari

## Atvinna

[www.hafnarfjordur.is](http://www.hafnarfjordur.is)

**HAFNARFJÖRÐUR**

ÞJÓNUSTUVER HAFNARFJÖRÐARBÆJAR  
STRANDGATA 6  
220 HAFNARFJÖRÐUR  
SÍMI 585 5500  
FAX 585 5599

**KENNARA, ÞROSKAÞJÁLFA EÐA STARFSMAÐN MED AÐRA UPPELDISMENNTUN VANTAR NÚ ÞEGAR TIL STARFA VIÐ HVALEYRARSKÓLA Í HAFNARFIRÐI.**

Starfið felst í stuðningi við nemanda með miklar sérþarfir. Karlar jafnt sem konur eru hvattir til að sækja um starfið.

Allar upplýsingar veitir Helgi Arnarson, skólastjóri í síma 565-0200 /664-5893.

## Fundir / Mannfagnaður

**Aðalsafnaðarfundur Árbæjarsóknar**

Sóknarnefnd Árbæjarsóknar minnir á áður auglýstan aðalfund sem haldinn verður í Árbæjarkirkju þriðjudaginn 13. apríl 2010 kl. 18.00

Sóknarnefnd.

**BÚSETI**  
Öryggi til framtíðar, frelsi þegar þér hentar

**Aðalfundur Búseta hsf. Reykjavík**

Aðalfundur verður haldinn 21. apríl n.k. kl. 17:00 á Grand Hótel Reykjavík. Dagskrá samkvæmt samþykktum.

## Sölumaður Heilbrigðisvið

Á.Hr óskar eftir að ráða hjúkrunarfræðingi eða öflugan einstakling í sölu og þjónustu á heilbrigðisviði

Æskilegt að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, Um er að ræða 100% starfshlutfall.

## Ábyrgðasvið:

Kynning og markaðssetning á hjúkrunar- og lækningatækjum fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Samstarf og samskipti við erlenda birgja / Samskipti við viðskiptavini / Sala og sókn nýrra viðskiptavina.

## Hæfniskröfur:

Umsækjendur þurfa að hafa frumkvæði, vera sjálfstæðir í vinnubrögum sem og góðir í mannlegum samskiptum.

Góð þekking á hjúkrunar- og lækningatækjum nauðsynleg / Reynsla af sölustörfum æskileg.

Nánari upplýsingar veitir Guðmundur Hreiðarsson [guðmundurshreidarsson@gmail.com](mailto:guðmundurshreidarsson@gmail.com)

Umsóknir skulu sendast til Á.Hr fyrir 12 apríl 2010

Á.Hr er fjölskyldufyrirtæki í sölu- og þjónustu á heilbrigðisviði.

Á.Hr er umboðs og dreifingaraðili fyrir stærstu og virtustu fyrirtæki heims á sínu sviði.

Innan fyrirtækis er mikil reynsla á heilbrigðisviði frá árinu 1994 með sérfræðiþekkingu, sem hefur það að leiðarljósi að bjóða aðeins gæða vörur og veita bestu ráðgjöf og þjónustu sem völ er á.

Á.Hr ehf  
Hlíðarsmára 12 4 hæð  
201 Kópavogi  
Sími 8916109

**BONUS BONUS BONUS BONUS**



GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS GOTT VERÐ Í BÓNUS



**598**

KR.KG

**KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR**



**198**

KR.PK

**FROSÐ MYLLU PANINIBRAUÐ 2 STK**



**198**

KR.STK

**MYLLU SAMLOKUBRAUÐ 770g HVÍTT**



**KJARNAFÆÐI NÝTT FERSKT KJÖTFARS 398 KR.KG.**



**198**

KR.STK

**BÓNUS NÝBAKAÐ ÞRIGGJAKORNABRAUÐ SNEITT**



**898**

KR.KG

**NAUTAVEISLU FERSKT NAUTAHAKK**



**598**

KR.PK

**NAUTAVEISLU FERSKIR NAUTABORGARAR 4 STK M.BRAUÐI**



**998**

KR.PK

**N.F GRÆNMETISBUFF FROSIN 1 KG.**



**1298**

KR.PK

**BÓNUS FROSINIR NAUTABORGARAR 10 x 120g**



**698**

KR.PK

**BÓNUS FROSINIR ÝSUBITAR Í RASPI 800g**



**579**

KR.KG

**N.F FORSTEIKTAR FROSINAR FISKIBOLLUR**



**BÓNUS SMYRILL 300g**

*Nú með 20% afslætti*

**111 kr. dósin**

*Alltaf mjúkur úr ísskápnun*

**BONUS BÝÐUR BETUR**

VISA

# LAGERSALA

Mikið úrval af nýjum skóm!

no 19 - st 36 - 41



kr. 5.995.-



kr. 4.295.-

no 38 - st 19 - 24

no 10 - st 41 - 46



kr. 7.995.-



kr. 5.995.-

no 13 - st 36 - 41

no 45 - st 24 - 35



kr. 4.795.-



kr. 4.295.-

no 41 - st 19 - 24

no 2 - st 36 - 41



kr. 8.995.-



kr. 4.995.-

no 27 - st 29 - 35

## XENA

Grensásvegi 8 - 108 Reykjavík - 517-2040

## Stimpilglæða þjóðfélagið

**BAKPANKAR BÖRN** velta ekki fyrir sér litarhætti, heilsufarsástandi eða kynferði fólks. Í önnu Margrétar Björnsson

bernsku eru stimplar óþarfir og ómótað barnseðlið segir þeim einfaldlega að fólk sé fólk. Þannig getur barn átt vin af afrísku bergi brotinn í heilt ár án þess að finnast það þurfa sérstaklega að útskýra litarhátt vinarins á nokkurn hátt fyrir foreldrunum. Og börnun finnst fordómar afa þeirra og ömmu gagnvart samkynhneigðum einfaldlega skrytnir.



**FORDÓMAR** orsakast auðvitað næstum einungis af hræðslu við hið óþekkt og þessum fordómum er þröngvað upp á okkur af kynslóðum fortíðarinnar. Stundum verður maður líka að fyrirgefa þessum elstu kynslóðum sem vissu ekki betur. Maður verður að brosa út í annað og skilja af hverju til dæmis elsku langamma heitin slókti alltaf á útvarpinu þegar Páll Óskar hóf upp raustina. Henni fannst hann svo sætur piltur með fallega rödd þangað til hún heyrði að hann væri „hinsegin“ og fór bara að leggja kapal í þögn eldhússins í þær sirka þrjár mínútur sem hún vissi að lagið myndi spilast.

**FÓLK** komið yfir miðjan aldur er líka oft í vandræðum með að

fylgjast með því hvaða orð má nota núna og hvað ekki. Það skilur ekki hvenær í þróun málsins orðin negri og orðið þroskaheftur fóru að teljast slæm. Má nota orðið hommi í dag og þykir orðið svertingi niðrandi? Fólk yfir fimmtugu er orðið hrætt við að tjá sig af hræðslu við hvernig orðin eru túlkuð. Handbók yfir það sem teljast pólitískt rétt-hugsandi orð er ekki til.

**SUMIR** miðaldra karlmenn á Íslandi eru sérstaklega viðkvæmir fyrir orðinu „femínisti“. Í þeirra augum jafnast það næstum á við orðið „satanisti“ og á við leiðindakerlingar sem vilja banna allt og stimpli þá alla sem einn sem ofbeldismenn og klámhunda. Þessir karlar geta aldrei rætt um málefnið sem snerta kvenréttindi vegna þess að það er einfaldara að hnussa „þessir femínistar“ og afskrifa umræðuna með þeim stimpli.

**HVERNIG** væri heimur án þessara stimpla sem við erum svo gjörn á að setja á fólk? Heimur líkt og sá heimur sem börnin hafa fyrir augunum, þegar fólk er bara fólk hver svo sem litarhátturinn, kynferðið, kynhneigðin, þjóðernið, heilsufarið eða hátternið er. Stimpillinn forðar okkur frá óþægindunum sem það veldur okkur að reyna að skilja hver manneskjan á bak við stimpilinn er í raun og veru. Hvenær munum við geta hætt að finnast við tilneydd til að merkja alla svo að okkur líði betur?

## myndasögur

### ■ Pondus

Eftir Frode Øverli



### ■ Gelgjan

Eftir Jerry Scott &amp; Jim Borgman



### ■ Handan við hornið

Eftir Tony Lopes



### ■ Barnalán

Eftir Jerry Scott &amp; Rick Kirkman



HORFÐU Á ALLT ÞAÐ BESTA ÚR  
ÆNSKA BOLTANUM Á VÍSIR.IS



Auglýsingasími

512 54 01



Allt sem þú þarft...

# ALLTAF BETRA VERÐ

2 | VILD

ALLRA  
SÍÐUSTU  
DAGAR  
TILBOÐS

## FARTÖLVA Á VILDARTILBOÐI



VILD

ALLRA  
SÍÐUSTU  
DAGAR  
TILBOÐS



**Toshiba Satellite L500D-16M**  
2.0Ghz AMD Athlon II Dual Core Mobile M300 örgjörvi  
• 4GB DDR2 800MHz minni • 320GB SATA diskur •  
8xDVD±RW Dual Layer og CD skrifari • 15.6" WXGA  
breiðskjúr • VGA myndavél í skjá • 512MB ATI Radeon  
HD4570 PCI-Express skjákort • Windows 7 Home Premium

25.000 KR. AFSLÁTTUR FYRIR VILDARVINI

**VILDARVERÐ**

**114.990**

FULLT VERÐ KR. 139.990

## FARTÖLVA Á VILDARTILBOÐI

VILD

ALLRA  
SÍÐUSTU  
DAGAR  
TILBOÐS



**Toshiba Satellite L500D-16N**  
2.2Ghz AMD Turion II Dual Core Mobile M500 örgjörvi •  
4GB DDR2 800MHz minni • 500GB diskur • 8xDVD±RW  
Dual Layer og CD skrifari • 15.6" WXGA breiðskjúr • VGA  
myndavél í skjá • 512MB ATI Radeon HD4570 PCI-Express  
skjákort • Windows 7 Home Premium

25.000 KR. AFSLÁTTUR FYRIR VILDARVINI

**VILDARVERÐ**

**134.990**

FULLT VERÐ KR. 159.990

**FARTÖLVA**  
**LG X110**  
Intel Atom N270 1.6Ghz örgjörvi  
• 1GB DDR2 minni • 160GB SATA  
diskur • 10.2" WSVGA LED skjúr •  
Vefmyndavél • Intel GMA 950 skjákort  
• Þráðlaust netkort • Kortalesari •  
Microsoft Windows XP Home

**49.990**



**TOSHIBA  
FERÐAHÝSING**

**Toshiba StorE Art 1.5TB**  
USB 2 ferðahýsing með 3.5"  
harðdisk, tilbúinn til notkunar.

**24.990**



**OFFICE HOME**

**Microsoft Office Home  
and Student 2007**  
Fullur pakki með Excel 2007, OneNote 2007,  
PowerPoint 2007 og Word 2007 fyrir 3 tölvur.

**14.990**



**FARTÖLVU  
STANDUR**

**Logitech Riser N110**  
Fartölvustandur með 3 stillingum á halla, 20, 30 og  
40 gráður. Smellur saman fyrir geymslu.

**4.990**

# TÖLVU LISTINN

TL.IS

www.tolvulistinn.is

REYKJAVÍK • AKUREYRI • EGILSSTAÐIR • KEFLAVÍK • SELFOSS • HAFNARFJÖRÐUR

NÓATÚNI 17  
S: 414 1700

STRANDGÖTU 9  
S: 414 1730

MÍDVANGI 2-4  
S: 414 1735

HAFNARGÖTU 90  
S: 414 1740

AUSTURVEGI 34  
S: 414 1745

REYKJAVÍKURVEGI 66  
S: 414 1750

## &gt; DRYKKJULÆTI

Leikarinn Shia LaBeouf, sem fór með aðalhlutverkið í kvikmyndinni Transformers, segist ekki geta drukkið eins og maður. „Ég get ekki drukkið, ég veit ekki hvernig ég á að hafa mér fullur. Ég kann ekki að drekka eins og herramaður, ég verð alltaf hálf brjáláður,“ sagði leikarinn.



# fólk

folk@frettabladid.is

## Getur ekki faðmað eftir lýtaaðgerðir

Raunveruleikastjarnan Heidi Montag sagði í viðtali við útvarpsmanninn Ryan Seacrest að hún ætti erfitt með að faðma fólk eftir að hafa farið í tíu lýtaaðgerðir á einum og sama deginum.

Montag lagðist undir hnífinn í byrjun árs og lét meðal annars stækka brjóst sín og varir, minnka mittismálið, hækka kinnbeinin auk annarra aðgerða.

„Líkami minn er fullkominn núna en mér finnst mjög óþægi-

legt að faðma fólk þar sem ég er enn mjög viðkvæm. Ég varð einnig að hætta að skokka því brjóstin eru það stór að ég fæ illt í bakið,“ sagði Montag, sem tók aðgerðina upp á myndband sem hún segist hafa horft á nokkrum sinnum.

**BREYTT** Heidi Montag segist ekki geta faðmað fólk eftir að hafa farið í tíu lýtaaðgerðir.

NORDICPHOTOS/GETTY



## Í mál við höfund

Leiknonan Nicolette Sheridan, sem fór með hlutverk Edie Britt í þáttunum Aðþrengdum eiginkonum, hefur kært höfund þáttanna fyrir líkamlegt ofbeldi.

Sheridan heldur því fram að Marc Cherry, höfundur þáttanna, hafi slegið hana í höfuðið haustið 2008 eftir að Sheridan spurði hann út í handritið. Cherry á þá að hafa dregið hana afsóis

**Í MÁL** Nicolette Sheridan hefur kært höfund þáttanna um hinar aðþrengdu eiginkonur fyrir ofbeldi.



og slegið hana í höfuðið. Leiknonan kvartaði undan hegðun Cherry við yfirmenn sína en þeir hafi lítið aðhafst í málinu og stuttu síðar var búið að skrifa persónu Sheridans út úr þáttunum.

Auk þess að hafa orðið miður sín vegna höfuðhöggsgins heldur Sheridan því fram að hún hafi orðið fyrir miklum tekjumissi eftir að hafa verið rekin úr sjónvarpsþáttunum. Talsmaður sjónvarpsstöðvarinnar ABC, sem framleiðir þættina, segir yfirmenn stöðvarinnar ekki hafa heyrt af málinu fyrr en nú.

## Tóku upp sumarslagara um eldgos, gellur og snakk

**Mugison og rokkararnir í Reykjavík! hafa tekið upp nýtt lag saman. Það kemur út á sjálfum þjóðhátíðardegi Íslendinga, 17. júní.**

Mugison og Reykjavík! drifu sig í Tankinn í Öfundarfirði síðastliðinn miðvikudag og hljóðrituðu lagið á einni kvöldstund. Kemur það út á sumarsafnplötu Kimi Records sem er væntanleg 17. júní.

„Við erum allir að vestan nema söngvarinn [Bóas Hallgrímsson] og förum alltaf vestur á páskum,“ segir Haukur S. Magnússon úr Reykjavík!. „Við vorum ekki bókaðir á Aldrei fór ég suður í ár. Ákváðum að taka okkur pásu og leyfa öðrum að komast að. En við ákváðum að rífa Bóas með vestur engu að síður og kýla á að taka upp lag,“ segir Haukur og er sannfærður um að þetta verði sumarsmellurinn í ár. „Ég held að menn hafi ákveðið að selja almennilega út. Textinn er á íslensku um eldgos og gellur og snakk og við stefnum að því að komast á spilunarlista á Bylgjunni og Flass FM. Síðan er spurning hvort það hentar þeirra „formati“.“



**SAMSTARF** Rokkararnir í Reykjavík! og Mugison taka upp sumarslagarann sem er með angurværum stuðundirtóni.

MYND/PAUL SULLIVAN

## Andstyggileg kona



Í viðtali við tískuritið Vogue viðurkennir leiknonan Gwyneth Paltrow að hún upplifi oft sterkar, neikvæðar tilfinningar í garð annarra, sér í lagi þeirra sem hafa gert á hennar hlut.

„Já, ég get verið mjög andstyggileg. Ég get verið mjög köld við fólk og vil gjarnan hefna mín á þeim sem hafa gert á minn hlut. Reyndar er ég að ganga í gegnum slíkt einmitt þessa dagana þar sem ég er mjög reið einum vini mínum. En þessi reiði er skemmandi því mér líður alltaf illa sjálfri. Ég vakna á morgnana og hugs: „Úff, mér líður hræðilega,“ og skyndilega átta ég mig á því að það er af því að ég byrgi inni svo mikla reiði.“

**ANDSTYGGILEG** Gwyneth Paltrow segist geta verið mjög andstyggileg.

NORDICPHOTOS/GETTY

**LJÓSIÐ**

**Krabbamein – Karlmenn**

**Fræðslufundur fyrir karlmenn 18 ára og eldri sem hafa greinst með krabbamein.**

Hefst í dag miðvikudaginn 7. apríl kl. 17:30–19:00 (8 skipti)

**Umsjón:** Matti Ósvald heilsufræðingur.

**Gestafyrirlesarar:** Krabbameinssérfræðingur, geðlæknir, sjúkrahjálpari, ungur krabbameinsgreindur karlmaður og fleiri.

**Skráning og upplýsingar í síma 561-3770**

**www.ljosid.is**

Ljósíð endurhæfingar og stuðningsmiðstöð fyrir krabbameinsgreinda

Langhóltsvegur 43, 104 Rvk



**GERARD BUTLER** Skoski leikarinn leiddi franska sjónvarpskonu á rómantísku stefnumóti í París.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIDA

## Gerard Butler hitti franska sjónvarpskonu

Skoski leikarinn Gerard Butler hefur ýtt undir orðróm um að hann eigi í ástarsambandi við frönsku sjónvarpskonuna Laurie Cholewa. Butler og hin 29 ára Cholewa héldust í hendur er þau gengu um Parísarborg á dögnum áður en þau snæddu rómantískan kvöldverð

á veitingahúsi. Butler var staddur í Frakklandi til að kynna gamanmyndina The Bounty Hunter þar sem hann leikur á móti Jennifer Aniston. Þau hafa bæði neitað orðrómi um að þau hafi átt í ástarsambandi meðan á tókum hennar stóð.

## Skammast sín ekki

Þýsku fyrirsætunni Heidi Klum finnst eðlilegt að ganga um nakin heima hjá sér og segir nekt ekki vera eitthvað sem hún skammist sín fyrir.

„Ég held það sé vegna þess að ég ólst upp á heimili þar sem andrúmsloftið var einstaklega afslappað. Það er ekki eins og foreldrar mínir hlaupi um allt húsið naktir, en ef maður gengi óvart inn í herbergi og þau væru að skipta um föt, þá myndu þau ekki flýta sér að ná í slöpp til að hylja sig,“ segir fyrirsætun sem er gift söngvaranum Seal og eiga þau saman þrjú börn.

**AFSLÖPPUÐ** Fyrirsætunni Heidi Klum finnst nekt ekkert til að skammast sín fyrir.





# ÆVINTÝRI LÍFS ÞÍNS BJÓDDU VINI ÞÍNUM AÐ HORFA MEÐ ÞÉR Á ÚRSLITALEIKINN Í BRASÍLIÚ

Skráðu þig í Heineken-heppni á Facebook og þú getur unnið ferð fyrir tvo á Copacabana ströndina í Río De Janeiro og horft á úrslitaleikinn í Meistaradeildinni í beinni útsendingu.



**Heineken**<sup>®</sup>

**STAR**  
experience

LÉTTÖL

# Mun ekki létta sig

Í nýlegu blaðaviðtali er haft eftir breska gamanleikaranum Ricky Gervais að hann þoli illa útlitskröfurnar sem gerðar eru í Hollywood.

„Í Hollywood er ætlast til að maður falli inn í ákveðið form og útlit. Ég hef séð fjölda fólks falla í þá gryfju, meira að segja mjög hæfileikaríka leikara. Ég hugsa með mér: Af hverju ertu að svelta þig?“ Gervais, sem er eilítið yfir kjörþyngd, hefur þurft

að sæta nokkurri gagnrýni fyrir þyngd sína og segist hann þó ekki hafa í huga að reyna að grenna sig fyrir kvikmyndahlutverk.

„Hvað er að í Bandaríkjunum? Mér er nokk sama hvað þeim finnst og ef ég fæ ekki hlutverk af því að ég er með skakkar tennur, þá geta þeir bara átt sig. Þetta er út í hött,“ sagði leikarinn.

**ÓSÁTTUR VIÐ HOLLYWOOD**  
Ricky Gervais segir að útlitskröfurnar Hollywood séu óraunhæfar.

NORDICPHOTOS/GETTY



# Ofurhetjur á forsýningu

Hasarmyndin Kick-Ass verður forsýnd hérlandis um næstu helgi, viku á undan frumsýningu hennar hér heima og í Bandaríkjunum. Sýningin verður klukkan 01.00 í Kringlubíói aðfaranótt sunnudags á vegum Kvikmyndir.is og eru gestir hvattir til að mæta í ofurhetjubúningi.

Mælt er með því að fólk búi til sína eigin ofurhetju, rétt eins og persónur myndarinnar gera, og fá þeir þrjár sem mæta í flottustu búningunum gjafakörfur. Kick-Ass er byggð á samnefndum teiknimyndasögum og fjallar um ungling sem ákveður að verða ofurhetja þótt hann búi ekki yfir neinum yfirnáttúrulegum kröftum.

# Stjarna frá Aserbaídsjan í kynningarferð á Íslandi

Íslendingar eiga von á góðri heimsókn innan tíðar þegar poppstjarna frá Aserbaídsjan hitar upp fyrir Eurovision hér á landi.

Safura Alizade, fulltrúi Aserbaídsjan í Eurovision, mun heimsækja Ísland í sérstakri kynningarferð sem Eurovision-nefnd landsins hyggst blása til í tengslum við þátttökuna. Þetta kom fram á blaðamannafundi Safuru sem haldinn var í tilefni af því að tölur á myndbandi við lagið Drip Drop voru að hefjast. Fram kom að myndbandið yrði tilbúið til sýningar 25. apríl og að í kjölfarið yrði farið í mikla kynningarferð þar sem Safura myndi heimsækja fjölmörg lönd í Evrópu, meðal annars Ísland, og syngja lagið sitt.

Hera Björk Þórhallsdóttir, fulltrúi Íslands, hafði ekkert heyrt af þessari heimsókn Safuru til Íslands þegar Fréttablaðið bar þessar fréttir undir hana. „Nei, en ég á kannski eftir að heyrja af því. Þetta væri bara frábært,“ segir Hera.

Söngkonan frá Aserbaídsjan yrði ekki fyrsta erlenda Eurovision-stjarnan sem kæmi hingað til lands í þeim erindagjörðum að kynna bæði land sitt og þjóð. Og að sjálfsögðu lagið sitt. Ruslana kom hingað árið 2004 með lagið sitt Wild Dances og hélt vel sóttu tónleika á Pravda á föstudaginn langa. Heimsóknin vakti mikla athygli því Ruslana flaug til landsins í einkaþotu og fékk meðal annars að hitta Davíð Oddsson, þáverandi



**RUSLANA OG SAFURA**

Aserbaídsjan ætlar sér stóra hluti í keppninni í ár og fulltrúi þeirra, Safura Alizade, hyggst heimsækja Ísland í tengslum við keppnina. Ruslana kom hingað árið 2004 og sigraði í keppninni í kjölfarið.

forsætisráðherra. Íslenskir Eurovision-aðdáendur tóku Ruslönunni vel og kunnur vel að meta lagið hennar sem sló eftirminnilega í gegn í Tyrklandi og sigraði að lokum. Íslandsheimsóknin virtist hafa

skilað sér því Ruslana fékk tólf stig frá Íslandi og lagði þjóðin því sitt af mörkum til að tryggja henni sigur. Spurning hvort heimsókn Safuru skili henni svipuðum árangri. [freyrigja@frettabladid.is](http://freyrigja@frettabladid.is)

# Madonna vinsælust hjá Bretum

Lög bandarísku söngkonunnar Madonna voru þau mest spiluðu í Bretlandi síðastliðinn áratug.

Tekin var saman spilun á öllum lögum í útvarpi, sjónvarpi eða á opinberum stöðum og varð þetta niðurstaðan. Í öðru sæti voru Bítlarnir, þótt þrjátíu ár séu liðin síðan þeir hættu störfum. Í næstu sætum á eftir voru Robbie Williams, Queen og Take That; allt breskir listamenn eins og Bítlarnir. Athygli vekur að Robbie lenti ofar á listanum en fyrrverandi hljómsveit hans, Take That.

Það var fyrirtækið PPL, sem rúkkar höfundargjöld fyrir hönd listamanna, sem stóð fyrir rannsókninni sem náði yfir árin 2000 til 2009. Aðeins ein hljómsveit sem var stofnuð á áratugnum komst á topp tíu-listann, eða Sugababes.

Í desember síðastliðnum greindi PPL frá því að mest spilaða lag síðasta áratugar í Bretlandi var Chasing Cars með Snow Patrol.

## TÍU VINSÆLUSTU Í BRETLANDI:

1. Madonna
2. Bítlarnir
3. Robbie Williams
4. Queen
5. Take That
6. Sugababes
7. Elton John
8. Elvis Presley
9. Abba
10. Coldplay



**MADONNA** Lög Madonu voru þau mest spiluðu í Bretlandi á síðasta áratug.

**NÝTT Í BÍÓ!**

**I LOVE YOU PHILLIP MORRIS** (LÚXUS) kl. 8 - 10:20

**DREKANN** (3D) kl. 3:30 - 5:40

**FÖR BEINT Á TOPPINN** (BANDARÍKJUNUM) kl. 8 - 10:20

**KÓNGAVEGUR** kl. 3:30 - 5:40

**NANNY MCPHEE & THE BIG BANG** kl. 3:30 - 5:40

**THE BOUNTY HUNTER** kl. 5:40 - 8 - 10:25

**THE GOOD HEART** kl. 5:50 - 8

**LOFTKASTALINN SEM HRUNDI** kl. 8

**THE LOVELY BONES** kl. 10:15

**AVATAR 3D** kl. 5:40 - 9

**SHUTTER ISLAND** kl. 7

**DAYBREAKERS** kl. 8 - 10:15

SMÁRA BÍÓ Sími 564 0000		HÁSKÓLA BÍÓ Sími 530 1919	
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 8 - 10:20	DEAR JOHN	kl. 8 - 10:20
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS LX	kl. 3:30 - 5:40 - 8 - 10:20	KÓNGAVEGUR	kl. 5:45 - 8 - 10:15
AD TEMJA DREKANN SINN 3D	kl. 3:30 - 5:40	LOVELY BONES	kl. 10:15
AD TEMJA DREKANN SINN 2D	kl. 3:30	THE GOOD HEART	kl. 5:50 - 8
NANNY MCPHEE	kl. 3:30 - 5:40	AVATAR 3D	kl. 5:40 - 9
KÓNGAVEGUR	kl. 3:30 - 5:45 - 8 - 10:15	MAMMA GÓGÓ	kl. 6 Síðustu sýningar
BOUNTY HUNTER	kl. 5:40 - 8 - 10:25		
LOFTKASTALINN SEM HRUNDI	kl. 8		

facebook.com/smarabio

BORGAR BÍÓ Sími 462 3500		REGNBÖGINN Sími 551 9000	
I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 8 - 10	DEAR JOHN	kl. 5:40 - 8 - 10:20
BOUNTY HUNTER	kl. 6	EARTH	kl. 5:45 - 8 - 10:15
DEAR JOHN	kl. 8 - 10	SHUTTER ISLAND	kl. 7
NANNY MCPHEE 2	kl. 6	DAYBREAKERS	kl. 8 - 10:15
		THE GOOD HEART	kl. 5:50

**NÝTT Í BÍÓ** LAUGARÁS BÍÓ Sími: 553 2075 - bara lúxus

**I LOVE YOU PHILLIP MORRIS** kl. 8 - 10:20

**DREKANN** (3D) kl. 3:30 - 5:40

**NANNY MCPHEE & THE BIG BANG** kl. 3:30 - 5:40

**THE GOOD HEART** kl. 5:50 - 8

**LOFTKASTALINN SEM HRUNDI** kl. 8

**THE LOVELY BONES** kl. 10:15

**AVATAR 3D** kl. 5:40 - 9

**SHUTTER ISLAND** kl. 7

**DAYBREAKERS** kl. 8 - 10:15

**THE GOOD HEART** kl. 5:50

**SÝNINGARTÍMAR**

I LOVE YOU PHILLIP MORRIS	kl. 5:50, 8, 10:10	12
AD TEMJA DREKANN SINN 3D ISL	kl. 4 og 6 - 3D	L
AD TEMJA DREKANN SINN 3D ENS	kl. 6 - 3D	L
AD TEMJA DREKANN SINN 2D ISL	kl. 4	L
NANNY MCPHEE AND THE BIG BANG	kl. 3:50 og 8	L
GREEN ZONE	kl. 8 og 10:10	12
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 10:10	16

**SAMBÍÓINN**

**DRAGON** (3D) kl. 8:30 - 10:10

**HOT TUB TIME MACHINE** kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10

**WHEN IN ROME** kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10

**MEN WHO STARE AT GOATS** kl. 8 - 10:10

**NANNY MCPHEE** kl. 3:40 - 5:50

**THE BLIND SIDE** kl. 5:30 - 8 - 10:30

**B.JARNFREDARSON** kl. 3:20 Síðustu sýningar

**ALFABAKKA**

AD TEMJA DREKANN SINN	kl. 3:40(3D) - 5:50(3D)	L
HOW TO TRAIN YOUR DRAGON	kl. 8(3D) - 10:10(3D)	L
HOT TUB TIME MACHINE	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	12
HOT TUB TIME MACHINE	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	12
WHEN IN ROME	kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:10	L
MEN WHO STARE AT GOATS	kl. 8 - 10:10	12
NANNY MCPHEE	kl. 3:40 - 5:50	L
THE BLIND SIDE	kl. 5:30 - 8 - 10:30	10
B.JARNFREDARSON	kl. 3:20 Síðustu sýningar	L

**KRINGLUNNI**

HOT TUB TIME MACHINE	kl. 8:10D - 10:20D	12
AD TEMJA DREKANN SINN M/isl. Tali	kl. 6(3D)	L
HOW TO TRAIN YOUR DRAGON ensku Tali	kl. 10:20(3D)	L
WHEN IN ROME	kl. 5:50 - 8	L
MEN WHO STARE AT GOATS	kl. 10:10	12
ALICE IN WONDERLAND 3D	kl. 5:50(3D) - kl. 8:10(3D)	L

**SELFOSSI**

AD TEMJA DREKANN SINN M/isl. Tali	8	L
BOUNTY HUNTER	kl. 10:20	12
GREEN ZONE	kl. 8	L
FROM PARIS WITH LOVE	kl. 10:20	16

**AKUREYRI**

AD TEMJA DREKANN SINN	kl. 6(3D)	L
HOW TO TRAIN YOUR DRAGON	kl. 8(3D)	L
HOT TUB TIME MACHINE	kl. 10	12
WHEN IN ROME	kl. 6 - 8	12
THE LOVELY BONES	kl. 10	12

**ÞÚ GETUR ÞÚ FENGID SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118**





UEFA  
**CHAMPIONS  
LEAGUE**

# KEMST MAN.UTD. ÁFRAM?

Í KVÖLD

KL. 18:00  
UPPHITUN


KL. 18:30

**MAN. UTD. - BAYERN M.** 

**BORDEAUX - LYON** 

KL. 20:40  
FARIÐ YFIR LEIKI KVÖLDSINS

**{ HEIMAVÖLLURINN ÓDÝRARI  
OG FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUMA }**



## > Íslendingaslagur í Meistaradeildinni

Rhein-Neckar Löwen, sem Ólafur Stefánsson, Snorri Steinn Guðjónsson og Guðjón Valur Sigurðsson leika með, mætir liði Alfreðs Gíslasonar, Kiel, í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar í handbolta. Flensburg, lið Alexanders Petersson, mætir liði Björgvins Páls Gústavssonar, Kadetten, í undanúrslitum EHF-keppninnar. Í hinum undanúrslitaleiknum mætir Lemgo, lið Loga Geirssonar og Vignis Svavarssonar, spænska liðinu Naturhouse. Róbert Gunnarsson og félagar í Gummersbach mæta síðan San Antonio í undanúrslitum Evrópukeppni bikarhafa.

**sport**  
sport@frettabladid.is



## BENEDIKT GUÐMUNDSSON: STOLTUR AF SÍNUM STELPUM OG SEGIR EKKERT LIÐ HAFA LAGT EINS MIKIÐ Á SIG

### Það var ekkert að fara að stöðva þær

„Að vinna þetta í oddaleik er sennilega það ljúfasta. Þú upplifir ekkert meira adrenalín heldur en það sem ég hef upplifað hérna tvö síðustu ár,“ sagði Benedikt Guðmundsson, þjálfari kvennaliðs KR, eftir að lið hans tryggði sér Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta. KR-stúlkur sigruðu Hamar með fimm stiga mun í oddaleik sem fram fór í DHL-höllinni. „Einbeitingin var gríðarlega mikil í mínu liði og þó við hefðum lent þrjátíu stigum undir þá hefðum við samt unnið þennan leik. Liðið er búið að vaxa í allan vetur og deildin varð sterkari eftir því sem leið á veturinn og eftir að erlendum leikmönnum fór að fjölga. Margir leikmenn hjá mér eru orðnir sterkari en þeir voru og við förum þetta klárlega á liðsheildinni og þær eru búnar að standa sig alveg ótrúlega vel þessar stelpur,“ bætti Benedikt við.



Hann var stoltur af liði sínu og segir enga andstæðinga geta stoppað það þegar leikmenn mæti svona einbeittir til leiks. „Það var ekkert að fara stöðva þær hérna í dag. Einbeitingin var svo svakaleg og sigurviljinn og samstaðan frábær. Ég er gríðarlega stoltur af þeim og þær eiga þetta svo sannarlega skilið því það er ekkert lið búið að leggja eins mikið á sig og þær í vetur.

Þær eru búnar að mæta sjálfar og æfa sig mjög mikið fyrir utan liðsæfingarnar og það hefur svo sannarlega skilað sér. Ég veit að þær reyndu allt sem þær gátu til að vinna leikinn í Hveragerði en það var ekkert að fara stöðva þær hér í dag. Það er ótrúlega ljúft að fá að hjálpa þeim í þessu og karakterinn magnaður hjá öllu liðinu,“ sagði Benedikt brosandí að lokum eftir sigurinn.

Hann var að fagna Íslandsmeistaratitli annað árið í röð eftir að hafa stýrt karlaíði KR til sigurs í fyrra.



1-0 Snæfell er yfir.

FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

Iceland Express-deild karla:

## KR-ingar mæta í Fjárhúsið

**KÖRFUBOLTI** Annar leikur Snæfells og KR í undanúrslitum Iceland Express-deildar karla fer fram í Fjárhúsinu í Stykkishólmi í kvöld.

Snæfell gerði sér lítið fyrir og vann afgerandi sigur í fyrsta leiknum í DHL-höllinni og Íslandsmeistarar KR verða því helst að vinna í kvöld, annars eru þeir í erfiðum málum.

Vinna þarf þrjá leiki til þess að komast í úrslit.

- hbg

Barcelona vann Arsenal og er komið í undanúrslit Meistaradeildarinnar þar sem liðið mætir Inter:

## Töframaðurinn Messi gerði muninn

**FÓTBOLTI** Evrópumeistarar Barcelona eru komnir í undanúrslit Meistaradeildarinnar. Þeir lögðu Arsenal 4-1 í gær þar sem Argentínamaðurinn Lionel Messi var allt í öllu. Hann bauð upp á sýningu af bestu gerð og sýndi og sannaði að enginn í heiminum er betri í íþróttinni.

Messi skoraði öll fjögur mörk Börsunga og varnarmenn enska liðsins réðu engan veginn við hann. „Hann er hiklaust besti leikmaður heims, það er enginn sem kemst nálægt honum,“ sagði Arsene Wenger eftir leik.

Það vantaði ýmsa lykilmenn í bæði lið en það kom ekki í veg fyrir skemmtilegan leik. Nicklas Bendtner kom Arsenal yfir eftir átján mínútna leik. Börsungar voru ekki lengi að svara, Messi skoraði stórglæsilegt mark og bætti svo við öðrum tveimur



**ÓTRÚLEGUR** Lionel Messi sýndi snilldartilþrif hvað eftir annað í gær. Hann skoraði öll fjögur mörk Barcelona.

NORDICPHOTOS/GETTY

fyrir hálfleik. Arsenal tókst ekki að skora í seinni hálfleiknum og Messi kórónaði stjórnuleik sinn

með því að skora sitt fjórða mark undir lokin.

Fyrri leikur þessara liða endaði

með jafntefli 2-2 og vann Barcelona því samtals 6-3 sigur.

Í undanúrslitum mætir Barcelona Ítalíumeisturum Inter sem unnu fyrirhafnarlítinn sigur gegn CSKA á gervigrasinu í Moskvu. Wesley Sneijder skoraði eina mark leiksins strax á sjöttu mínútu. Þegar CSKA missti mann af velli með rautt spjald í upphafi síðari hálfleiks var leik lokið. Inter vann rímmuna samtals 2-0.

„Þetta lið getur unnið Meistaradeildina,“ sagði Jose Mourinho, þjálfari Inter, eftir leikinn.

„Liðið hefur þróast, sýnt öryggi og öflugan varnarleik. Við eigum tvo drauma, að komast í úrslitin og vinna sigur þar. Það er möguleiki á að þessir draumar rætist,“ sagði Mourinho en hans menn eiga ansi erfið verkefni fyrir höndum að glíma við töframanninn Lionel Messi.

- egm

ATHUGIÐ AÐ SÖLU  
LÝKUR NÚ KL. 16

# 2.300.0

ÞÚ TALDIR RÉTT:  
**2 MILLJARÐAR OG  
300 MILLJÓNIR KRÓNA**





MACHEDA Gæti komið við sögu hjá United í kvöld. NORDICPHOTOS/GETTY

## Ferguson um Macheda: Vorur betri með hann inn á

**FÓTBOLTI** Manchester United tekur í kvöld á móti þýska liðinu FC Bayern í síðari viðureign liðanna í átta liða úrslitum Meistaradeildarinnar. Þjóðverjarnir eru með 2-1 forystu eftir sigur á heimavelli.

Ítalinn Federico Macheda reyndist mikilvægur fyrir United á lokaspættinum á síðasta tímabili og skoraði gegn Chelsea um síðustu helgi eftir að hafa komið inn sem varamaður.

„Mér fannst við spila betur eftir að hann kom inn á. Hann er svo sannarlega í mínum huga og á klárlega möguleika á að spila gegn Bayern,“ sagði Sir Alex Ferguson á blaðamannafundi.

Bati Waynes Rooney er hraður en það verður þó engin áhætta tekin í kvöld og hann spilar ekki. Reikna má með því að Dimitar Berbatov byrji einn frammi í 4-5-1 leikkerfi en Macheda verður til taks á bekknum. „Hann hefur frábæra hæfileika en tímabilið hefur verið honum erfitt vegna meiðsla,“ sagði Ferguson. - egm

# Kvennalið KR Íslandsmeistari 2010

KR-stúlkur lyftu bikarnum eftir 84-79 sigur gegn Hamri í oddaleik um Íslandsmeistaratitilinn í körfubolta í gær. Leikurinn var spennandi og skemmtilegur en heimaliðið kláraði leikinn með stæl við mikinn fögnuð.

**KÖRFUBOLTI** KR-stúlkur fögnuðu Íslandsmeistaratitlinum í körfubolta. Liðið vann Hamar í oddaleik í gær. Leikurinn var spennandi og skemmtilegur en KR-ingar kláruðu dæmið með stæl við mikil fagnaðarlæti í DHL-höllinni.

„Þetta er æðisleg tilfinning, sérstaklega eftir svona leik. Hrikalega skemmtilegur leikur og örugglega gaman að vera áhorfandi á svona leik. Stemningin skipti miklu í dag og hún var til staðar hjá okkur. Við höldum einbeitingu og við komum út í seinni hálfleik tilbúnað að klára dæmið. Við gáfum í þriðja leikhluta og það skilaði sér,“ sagði Hildur Sigurðardóttir, fyrirlíði KR, eftir að hafa lyft bikarnum eftirsóttá í gær. Hildur er sátt við tímabilið hjá liðinu. Hún talaði um hversu sterkur hópurinn væri á öllum sviðum og allur heildarpakkinn sé sterkur í Vesturbænum.

„Mjög ánægð. Þetta er hrikalega



GAMAN Það var gaman hjá Unni og Margréti eftir leik. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

flottur hópur og fólk í kringum liðið talar um það hvað samstaðan sé sérstök í liðinu og við erum allar alltaf tilbúnað að vinna fyrir hverja aðra. Við munum fagna þessum titli innilega enda kominn tími til. Þegar upp er staðið þá er skemmtilegast af öllu að hafa klárað dæmið í oddaleik,“ sagði Hildur stolt með bikarinn í hendinni. Hamarsliðið átti ágætisleik og var ekki langt frá því að jafna leikinn undir blálokin en það hafist ekki og bikarinn er KR-inga.

Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars, var að vonum svekktur í leikslok en samt sem áður ánægður með veturinn hjá sínu liði.

„Það er alltaf erfitt að tapa svona leik þegar bikar er í húfi. Liðan er auðvitað aldrei góð eftir svona og maður er enn að átta sig á þessu. En við verðum að horfa yfir allt tímabilið og við erum að standa okkur vel í flestum leikjunum. Þetta datt bara ekki með okkur í dag fannst mér. En við vorum ekki að spila neitt verr en KR-liðið. Munurinn var að þær kláruðu sín færi,“ sagði Ágúst eftir leikinn í gær.

„Þetta er besti árangur í sögu félagsins og það er ekkert hægt að líta fram hjá því.“ - rog

**KR - Hamar 84-79 (33-37)**  
Stíg KR: Unnur Tara Jónsdóttir 27, Hildur Sigurðardóttir 16, Guðrún Gróa Þorsteinsdóttir 13, Signý Hermannsdóttir 11, Margrét Kara Sturludóttir 8, Jenny Pfeiffer-Finora 8, Helga Einarsdóttir 1.  
Stíg Hamars: Koren Schram 24, Krístrún Sigurjónsdóttir 24, Julia Demirer 18, Íris Ásgeirsdóttir 6, Guðbjörg Sverrisdóttir 5, Sigrún Sjöfn Ámundadóttir 2.



BIKAR Á LOFT Hildur Sigurðardóttir, fyrirlíði KR-inga, lyftir Íslandsmeistarabikarnum hátt til lofts og af mikilli innlifun. FRÉTTABLAÐIÐ/DANIEL

200.000.000  
+2.100.000.000

000.000.000

Fyrsti vinningur stefnir í 200 milljónir og Ofurpotturinn stefnir í 2.100 milljónir.

Ekki gleyma að vera með, fáðu þér miða fyrir klukkan fjögur í dag á næsta sölustað eða á [lotto.is](http://lotto.is)

V Í K I N G A  
LOTTO

ALLTAF Á MIDVIKUDÖGUM!  
MIÐINN GILDIR 7. APRÍL 2010

A.	12	14	17	21	41	48
B.	05	16	23	36	37	38
C.	07	09	13	22	34	38
D.	03	06	19	24	25	31
E.	11	19	21	25	38	42
F.	01	25	35	36	39	46
G.	18	19	20	23	28	46
H.	22	27	29	39	40	42



## > Martin Short

„Ég hef tekið ákvörðun um að lífa lífinu eins og það sé endalaus veisla frekar en eitt-hvað til að stressa sig yfir.“

**Short fer með aðalhlutverk í myndinni Jiminy Glick in Lalawood sem Stöð 2 Bíó sýnir í kvöld kl. 20.00.**



# dagskrá



VIÐ TÆKIÐ ATLI FANNAR BJARKASON FYLGDIST AGNDOFA MEÐ DR. 90210

## Klám, demantar og lýtalækningar

Klámmyndaleikkonan Tabitha Stevens er tíður gestur lýtalækna í þáttunum Dr. 90210, sem sýndir eru á El-sjónvarpsstöðinni. Hún er búin að fara í sex brjóstastækkanir, þrjár nefaðgerðir, búin að fá sér sílikon í kinnarnar tvisvar, einu sinni undir nefið og einu sinni í hökuna. Þá er hún búin að láta flytja fitu úr lærunum í andlit, fara í fjölmargar bótox- og restalínsprautur ásamt því að hafa látið bleikja á sér rassgatið alls sjö sinnum.

Í síðasta þætti var Tabitha mætt enn á ný og lækningarnar heilsaði henni eins og gamalli vinkonu, enda hefur samband þeirra enst lengur en öll þrjú hjónabönd hennar til samans. Lækningarnar spurði hvers konar aðgerðir ætti að framkvæma og hún varð vandræðaleg. Skömmin var svo mikil að hún þorði varla að sýna honum línurnar á aftanverðum lærunum sem voru svo daufar að það varð að draga sérstakan hring utan um þær svo að spenntir áhorfendurnir gætu séð viðbjóðinn með eigin augum. Vanda-



málið var svo hvítleitt að hún þorði ekki að klæðast stuttbuxum í návist eiginmanns síns. Ég gæti augljóslega sagt brandara um starfið hennar og feimni, en ætla að sleppa því. Lækningarnar lofaði að kippa þessu í liðinn og spurði svo besta kunnann sinn hvort þetta væri *eina* aðgerðin sem hann ætti að framkvæma á henni í dag. Hún hélt ekki.

Tabitha okkar á nefnilega demantshring sem hún getur sjaldan notað vegna áhuga á fjallgöngum og hömlulausu kynlífi. Hún vildi því láta græða demantinn í sig svo að hann yrði hluti af henni, en ekki hringur sem þvælist fyrir. Hún varð fyrir sárum vonbrigðum þegar lækningarnar sagðist því miður ekki geta framkvæmt aðgerðina á stundinni. Draumurinn rættist ekki í þetta skipti. Hún fékk þó að fara í hina aðgerðina sem veitti henni reyndar aðeins skammvinnu hamingju, því í viðtali eftir á sagði hún hlæjandi frá því að andlit hennar ætti von á enn einni ígræðslunni. Guð blessi hana.

## MIÐVIKUDAGUR



▶ **20.00 Jiminy Glick in Lalawood** STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **20.20 Bráðavaktin** SJÓNVARPIÐ



▶ **21.45 Grey's Anatomy** STÖÐ 2



▶ **21.50 Modern Family** STÖÐ 2 EXTRA



▶ **21.55 The L Word** SKJÁREINN

## SJÓNVARPIÐ

**15.20 Skólahreysti 2010** (2:5) (e)  
**16.05 Meistaradeildin í hestaþróttum 2010** (e)  
**16.35 Leiðarljós**  
**17.20 Táknmálsfréttir**  
**17.30 Einu sinni var... jörðin** (3:26)  
**18.00 Disneystundin** Finnir kostur, Sígildar teiknimyndir, Finnabogi og Felix.  
**18.54 Víkingalottó**  
**19.00 Fréttir**  
**19.30 Veðurféttir**  
**19.35 Kastljós**  
▶ **20.20 Bráðavaktin** (ER XV) (13:24) Bandarísk þáttaröð sem gerist á bráðamóttöku sjúkrahúss í stórborg. Þetta er lokasýning og við sögu koma þekktar persónur frá fyrri árum.  
**21.05 Kiljan** Bókabáttur í umsjón Egils Helgasonar.  
**22.00 Tíufréttir**  
**22.10 Veðurféttir**  
**22.15 Sinfónían og Ashkenazy-feðgar** Upptaka frá tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands í Háskólabíó 4. september síðastliðinn.  
**23.50 Kastljós** (e)  
**00.30 Fréttir** (e)  
**00.40 Dagskrárlök**

## BÍÓ

**08.00 Buena Vista Social Club**  
**10.00 The Game Plan**  
**12.00 TMNT**  
**14.00 Buena Vista Social Club**  
**16.00 The Game Plan**  
**18.00 TMNT**  
▶ **20.00 Jiminy Glick in Lalawood** Grínleikarinn Martin Short fer með hlutverk slúðurkóngsins og strigakjafftsins Jiminy Glick sem fær aðgang að öllum stóru stjórnum og flækist inn í hættulegt morðmál á kvikmyndahátíð.  
**22.00 The Business** Glæpatryllir um Frankie sem flyr dapurlegt fátækrahverfi sitt í London og ákveður að hefja nýtt líf á Costa Del Sol á Spáni. Þar kynnist hann Charlie og áður en hann veit af er hann kominn á kaf í heim svika og skipulagðra glæpa.  
**00.00 No Way Out**  
**02.00 Carlito's Way**  
**04.20 The Business**  
**06.00 The Heartbreak Kid**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Ruff's Patch, Kalli og Lóa, Ævintýri Juniper Lee og Íkomastrákurinn.  
**08.15 Oprah**  
**08.55 Í finu formi**  
**09.10 Bold and the Beautiful**  
**09.30 The Doctors**  
**10.15 Auði og Sveppi**  
**11.00 Lois and Clark: The New Adventure** (7:21)  
**11.45 Gilmore Girls** (13:22)  
**12.35 Nágrannar**  
**13.00 Ally McBeal** (2:22)  
**13.45 Sisters** (26:28)  
**14.35 E.R.** (15:22)  
**15.20 Barnatími Stöðvar 2** Njónaskólinn, Leðurblökumaðurinn, Ævintýri Juniper Lee, Íkomastrákurinn og Ruff's Patch.  
**17.08 Bold and the Beautiful**  
**17.33 Nágrannar**  
**17.58 The Simpsons** (21:23)  
**18.23 Veður**  
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**  
**18.47 Íþróttir**  
**18.54 Ísland í dag**  
**19.11 Veður**  
**19.20 Two and a Half Men** (13:19) Fimmta sería gamanþátta um Charlie Harper sem lifði í vellystingum þar til bróðir hans, Alan, flutti inn á hann slyppur og snauður, nýfráskilin, með son sinn Jack.  
**19.45 How I Met Your Mother** (17:22) Rómantískur gamanþáttur um fólk á þrítugsaldri sem nýtur tilhugalífsins til hins ýrasta en íhugar hvort ekki sé kominn tími til að finna lífsförunautinn.  
**20.10 Coco Chanel** Fyrri hluti vandaðrar framhaldsmyndar um Coco Chanel.  
▶ **21.45 Grey's Anatomy** (16:24) Sjötta sería þessa vinsæla dramapáttar sem gerist á skurðstofu á Grace-spítalans í Seattle-borg þar sem starfa ungir og bráðefnilegir skurðlæknar en flókið einkalíf þeirra á það til að gera starfið enn þá erfiðara.  
**22.35 Réttur** (4:6)  
**23.25 The Closer** (14:15)  
**00.10 E.R.** (15:22)  
**00.55 Sjáðu**  
**01.25 Freedom Writers**  
**03.25 Grey's Anatomy** (16:24)  
**04.10 Coco Chanel** Fyrri hluti  
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT

**07.00 Meistaramörk** Öll mörkin og öll bestu tilþriffin á einum stað.  
**07.20 Meistaramörk**  
**07.40 Meistaramörk**  
**08.00 Meistaramörk**  
**08.20 Meistaramörk**  
**16.00 Meistaradeild Evrópu** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.  
**17.40 Meistaramörk**  
**18.00 Meistaradeild Evrópu: Upphitun**  
**18.30 Man. Utd. - Bayern** Bein útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.  
**20.40 Meistaramörk**  
**21.05 Bordeaux - Lyon** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.  
**22.55 Man. Utd. - Bayern** Útsending frá leik í Meistaradeild Evrópu.  
**00.35 Meistaramörk**

## SPORT 2

**16.20 Portsmouth - Blackburn** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.  
**18.00 Arsenal - Wolves** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.  
**19.40 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni.  
**20.35 Coca Cola-mörkin** Sýnt frá öllum leikjum í Coca Cola-deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþriffin á einum stað.  
**21.05 Everton - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.  
**22.45 Man. Utd. - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**  
**08.00 Dr. Phil** (e)  
**08.45 Pepsi MAX tónlist**  
**15.40 Fyndnar fjölskyldumyndir** (e)  
**16.05 7th Heaven** (14:22) Bandarísk unglingsæria þar sem Camden-fjölskyldunnir er fylgt í gegnum súrt og sætt en hjónakomin Eric og Annie eru með fullt húsi af börnum og hafa í mörgum horn að líta.  
**16.50 Dr. Phil** Sjónvarpsáfræðingurinn dr. Phil McGraw hjálpar fólki.  
**17.35 Nýtt útlit** (6:11) Hárgreiðslu- og föðunarmeistarinn Karl Berndsen veitir fólki nýtt útlit, allt frá föðun til fata. (e)  
**18.25 I'm A Celebrity... Get Me Out Of Here - NYTT** (1:14) Raunveruleikasería þar sem þekktir einstaklingar segja skilið við stjórnumlífið og reyna að þróa í miðjum frumskógi og leysa skemmtilegar þrautir.  
**19.45 Matarklúbburinn** (4:6) Landsliðsskókkurinn Hrefna Rósa Sætran matreiðir ljúffenga og einfalda rétti fyrir áhorfendur og gesti sína.  
**20.15 Spjallið með Sölva** (8:14) Viðtalsþáttur í beinni útsendingu.  
**21.05 Britain's Next Top Model** (11:13) Raunveruleikaþáttaröð þar sem leitað er að næstu ofurfyrirsætu.  
▶ **21.55 The L Word** (11:12) Bandarísk þáttaröð um hóp af lesbíum í Los Angeles. Jodi er staðráðin í að sleppa ekki hendinni af Bette. Tasha og Alice leita sér að nýju heimili og Kit gerir upp málin við Cindi og Dawn um yfirráðin á The Planet.  
**22.45 Jay Leno**  
**23.30 CSI: Miami** (22:25) (e)  
**00.20 Premier League Poker** (e)  
**02.05 Pepsi MAX tónlist**

## INN

**20.00 Kokkalíf** Landsliðsskókkarnir leika listir sínar. Gestgjafi er Fritz Már.  
**20.30 Heim og saman** Þórunn Högnadóttir kemur ótrúlegustu hlutum heim og saman.  
**21.00 Alkemistinn** Viðar Garðarsson og hópur markaðssérfræðinga brjóta kynningar-auglýsingamálið til mærgjar.  
**21.30 Björn Bjarna** Gestur Björns Bjarnasonar í dag er Gísli Marteinn Baldursson borgarfulltrúi.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ERTU Í FASTEIGNALEIT?

Visir.is, í samstarfi við Félag Fasteignasala, kynnir langstærsta fasteigna- og leiguvef landsins. Á engum öðrum fasteignavef finnur þú allar eignir sem eru í sölumeðferð á Íslandi - Yfir 17.000 eignir á skrá.

**EKKI MISSA AF DRUMAEIGNINI ÞINNI MEÐ ÞVI AD LEITA Á RÖNGUM VEF**  
 OPIN HÚS - MYNDASÝNINGAR - ÞJÓNUSTUSÍÐUR FYRIR HÚSEIGENDUR - GÓÐ RÁÐ VARDANDI KAUP OG SÖLU



FÉLAG FASTEIGNASALA







„Mér finnst besti bitinn vera kalkúnabáturinn á Super Sub á Nýbýlavegi.“

Unnur Tara Jónsdóttir körfuknattleikskona.

# Vann stærstu snjóbrettakeppni Svíþjóðar

„Þetta gekk vel,“ segir högværi snjóbrettakappinn Halldór Helgason.

Hinn 19 ára gamli Halldór stóð uppi sem sigurvegari á Oxborn Session-snjóbrettamótinu í Tandålen í Svíþjóð í lok mars. Mótið er það sterkasta í Svíþjóð, en ásamt því að vinna aðalkeppnina fékk hann sérstök aukaverðlaun fyrir hæsta stökkið. Halldór fékk 50.000 sænskar krónur í sigurlaun, en það eru um 900.000 íslenskar krónur.

Þegar Fréttablaðið náði í Halldór var hann staddur í Svíþjóð, þar sem hann stundar nám. Hann hefur reyndar lítið getað sinnt náminu undanfarna mánuði þar sem hann hefur verið upptekinn við að ferðast um heiminn og slá í gegn í snjóbrettaiþróttinni. Hann vann gullverðlaun á X-Games fyrr á

þessu ári, en það er stærsta snjóbrettamót heims.

Eru mót í Svíþjóð orðin of auðveld fyrir þig?

„(Hlær) Nei. Þetta er enn þá erfitt. Maður veit aldrei hvenær maður á góðan dag,“ segir Halldór. Hann er á leiðinni til Bandaríkjanna á næstunni þar sem hann ætlar að taka upp efni sem verður gefið út á snjóbrettamyndböndum. „Það er mikið að gerast. Ég er búinn að ferðast mikið og það er gaman. Ég er aldrei lengur en tvær vikur á sama stað.“

Halldór er styrktur af ýmsum snjóbrettamerkjum, sem gera honum kleift að ferðast eins mikið og hann vill. „Ef það er góður snjó einhvers staðar get ég farið og tekið upp og látið þá borga,“ segir hann.



SIGRADI Í SVÍÞJÓÐ Halldór fékk um 900.000 íslenskar krónur fyrir sigurinn í stærsta snjóbrettamóti Svíþjóðar.

1		2	3	4	5
6	7		8		
9		10		11	
12			13		
	14				15
16			17		
18		19		20	
21					

## LÁRÉTT

2. ofneysla, 6. úr hófi, 8. upphrópun, 9. samræða, 11. pot, 12. jötun, 14. safna saman, 16. kveðja, 17. goð, 18. fiskur, 20. guð, 21. stígur.

## LÓÐRÉTT

1. fínt, 3. hvað, 4. óheilmæmur, 5. ílát, 7. lánsamur, 10. hjör, 13. tækifæri, 15. megin, 16. rámur, 19. fingerð líkamshár.

## LAUSN

LÓÐRÉTT: 1. gott, 3. ha, 4. óhollur, 5. fát, 7. farsæll, 10. löm, 13. lag, 15. guð, 18. áll, 20. ra, 21. síð. LÁRÉTT: 2. óhóf, 6. of, 8. aha, 9. tal, 11. ót, 12. tröll, 14. smala, 16. hæg, 17. aðal, 16. há, 19. íð.

## VEISTU SVARID?

Svör við spurningum á síðu 10.

- 1 Steingrímur Ari Arason.
- 2 Félag almennra lækna.
- 3 Fimmtíu milljarðar króna.

## Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn...



...góðar fréttir fyrir umhverfið

## Auglýsingasími

512  
54 01



Allt sem þú þarft...



## TÓNELSK FJÖLSKYLDA

Áslákur Ingvarsson syngur Baggalútslagarann Sofðu hjá mér í Söngkeppni framhaldsskólanna fyrir MH. Hann er sonur Ingvars E. Sigurðssonar og Eddu Arnljótsdóttur og segir föður sinn vera mikinn þælara þegar tónlistin er annars vegar.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



ÁSLÁKUR INGVARSSON: LEIÐIR EKKI HUGANN AÐ LEIKLISTARNÁMI

# Sonur Ingvars og Eddu syngur slagara Baggalúts

„Ég ætla að syngja Sofðu hjá mér sem Baggalútur gerði. Þetta er lag sem hefur allt, flottan texta með góðri sögu og flotta laglínu,“ segir Áslákur Ingvarsson, sem er fulltrúi MH í Söngkeppni framhaldsskólanna. Keppnin, sem er sú tuttugasta í röðinni, verður haldin á Akureyri eins og undanfarin ár en hún hefur alið af sér margar af fremstu poppstjörnum Íslands á borð við Pál Oskar og Emilíönu Torrini.

Áslákur er hins vegar þekktastur fyrir leik sinn í kvikmyndinni Kaldaljós eftir Hilmar Oddsson en hann var einmitt tilnefndur til Eddu-verðlaunanna árið 2004 fyrir frammistöðu sína í þeirri mynd. Hann varð þó að horfa á eftir styttni góðu í hendurnar á föður sínum, Ingvari E. Sigurðssyni, en

þeir feðgar léku einmitt aðalhlutverkinn í myndinni. Hann hefur einnig leikið á fjöllum Þjóðleikhússins og brá fyrir í Fornbókabúðinni, gamanþáttaröð sem sýnd var á Stöð 2. Þá er ótalið eitt Áramótaskaup.

Áslákur segist þó ekki vita hvort hugurinn stefni í leiklistina þótt genin séu vissulega til staðar í bæði karl- og kvenlegg því móðir Ásláks er Edda Arnljótsdóttir leikkona. „Nei, eins og er breytast hugmyndir mínar um framtíðina daglega. Ég fór ekki í inntökuþrófið fyrir leiklistardeild Listaháskólans og veit ekkert hvort ég ætli að verða eðlisfræðingur, verkfræðingur, tónsmiður eða tónlistarstjóri,“ segir Áslákur sem auk námsins í Menntaskólanum við Hamrahlíð leggur stund á klassískt gítarnám

hjá Páli Eyjólfssyni í Tónlistarskóla Reykjavíkur. Áslákur segist raunar vera eina barnið á heimilinu sem er að læra tónlist um þessar mundir, hinir bræður hans hafi orðið íþróttum að bráð. „En ég vona að þeir vitkist og snúi aftur í tónlistina,“ segir Áslákur og hlær.

Áslákur segir að hlustað sé mikið á tónlist á heimilinu. Og þá sérstaklega pabbi hans sem sé mikill grúskari þegar tónlist er annars vegar. „Hann á mjög gott safn af tónlist og maður fær alltaf iPodinn troðfullan af alls kyns lögum, popptónlist frá Tyrklandi, slagverkstónlist og svona mætti lengi telja. Við hlustum yfirleitt bara á þá tónlist sem okkur þykir góð, það skiptir minna máli hvaðan hún kemur.“

freyrigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Eldgosið á Fimmvörðuhálsi er orðið vinsælla umfjöllunarefni hjá erlendum fjölmiðlum en efnahagskreppan víðfræga. Því til staðfestingar má nefna að þýska sjónvarpsstöðin RTL kom hingað til lands á miðvikudeginum fyrir páska og tók upp innslag um eldgosið. RTL er stærsta einkasjónvarpsstöðin í Þýskalandi.

Svo vinsælt var innslagið að það var endursýnt alla páskana og er talið að alls hafi um tuttugu milljónir manna horft á þá. Sá sem hafði veg og vanda af ferðinni hingað til lands var svo að sjálfsögðu **Arthúr Björgvin Bollason**.

Nýtt leikhús verður kynnt til leiks í Víkingasafninu í Reykjanesbæ í dag. Það eru feðgarnir Einar Benediktsson, fyrrum sendiherra í Washington,

og sonur hans, Pétur Einarsson, sem eru hugmyndasmiðirnir á bak við leikhúsið en fyrsta verk þess verður sagan af Tyrkja-Guddu.

**María Ellingsen** mun leikstýra því en **Þórunn Clausen** leikur sjálfa Guðríði.



Fjölmennti var á Akureyri um helgina, enda skíðafæri í Hlíðarfjalli með ágætum. Einn hópur karlmanna vakti meiri athygli en aðrir, en þar voru á ferð Jón Gunnar Geirdal, Hallur Dan Johansen, Sölvi Snær Magnússon og félagar þeirra. Hópin leiddi **Asgeir Kolbeinsson**, sem fékk viðurnefnið Geiri Kolla í ferðinni, en á Akureyri tíðkast að gefa mönnum viðurnefni að norðlenskum sið.

- fgg, afb



# Skrifar barnabók um Gísla á Uppsölum

„Ég er á kafi í heimildarvinnu núna en ætla að reyna að koma henni út fyrir næstu jól,“ segir Ingibjörg Reynisdóttir, leikkona og rithöfundur. Hún er að skrifa barna- og unglingsbók um einbúann Gísla Gíslason á Uppsölum. Ingibjörg segist alltaf hafa verið heilluð af Gísla og einföldu lífsmunstri hans og hún telur að nú sé einmitt rétti tíminn til að enduruppötva lífsspeki Gísla á tímum þegar allir vilja eiga og gera allt en gráta um leið horfinn heim efnishyggjunnar.

Ingibjörg segist í fyrstu hafa viljað gera fremur einfalda og litla bók um Gísla með fallegum teikningum. En nú, þegar hún hafi kynnst þessari persónu betur í gegnum margvíslegar heimildir, sé það ómögulegt. „Ég er búin að víða að mér svo miklum upplýsingum og það verður erfitt að fórna miklu. En mig langar að hafa þetta einfalt og fallet,“ útskýrir Ingibjörg.

Rithöfundurinn segir að Gíslu hafi komið

henni á óvart. „Þetta er maður sem var mikið lagður í einelti í æsku. Hann átt sína góðu daga en líka sína slæmu. Gíslu var nátingdur náttúrunni og það er ýmislegt annað sem neysluhyggjukynslóðin gæti lært af honum,“ útskýrir Ingibjörg sem sjálf hefur ákaflega breytt viðhorf til þessa þekktasta einbúa Íslands. „Ég leit á hann sem einhvern karlfausk en þær hugrenningar sem ég hef lesið eftir hann hafa leitt í ljós að hann var mjög hugsandi maður sem spáði mikið og spekuleraði,“ segir Ingibjörg sem útilokar ekki að ráðast í gerð kvikmynda um Gísla þegar bókin hefur komið út.

- fgg



**HUGSANDI EINFARI** Gíslu á Uppsölum var hugsandi maður sem spáði mikið í lífið og tilveruna, segir Ingibjörg Reynisdóttir en hún vinnur að barnabók um einbúann.

VIÐ ERUM 15 ÁRA!

*Regatta*   
GREAT OUTDOORS™

50%  
AFSLÁTTUR

AF NÝJUM VÖRUM

SÍÐASTI DAGUR  
SUNNUDAGINN 11. APRÍL

OPIÐ

VIRKA DAGA 11 – 18

LAUGARD. 11 – 16

SUNNUD. 13 – 16

ÚTIVIST  15 ÁRA  
verslun  
heildverslun & SPORT

Faxafen 12 S. 533-1550.

## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Spiluðu í Bachelorette

Hljómsveitin Feldberg spilaði fyrir bandarísku píparmeyna úr þáttunum **The Bachelor-ette** þar sem hún var á stefnumóti með einum keppenda þáttanna á skemmtistaðnum Karamba. Skötu hjúin höfðu staðinn út af fyrir sig og gátu því dansað í friði við tónlist Feldbergs. Hljómsveitin, sem **Einar Tónsberg** og **Rósa Birgitta Ísfeld** skipa, tók nokkur lög en tvö virtust standa upp úr því parið tók vangadans við lagið „Eleven“ og tók síðan hressa sveiflu við lagið „You and Me“.



- afb

### Úr stjórnslu í hagsmunagæslu


Stærstu hagsmunasamtökum landsins hefur bæst liðsauki sem er öllum hnútum kunnugur í stjórnslunni. Sá er Halldór Árnason, sem var einn æðsti embættismaður stjórnarráðsins, skrifstofustjóri í forsætisráðuneytinu og staðgengill ráðuneytisstjóra í forsætisráðuneytinu síðastliðin sjö ár. Halldór hefur meðal annars starfað með ráðherranefndum um efnahagsmál og ríkisfjármál og var í um áratug yfirmaður fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins. Hjá Samtökum atvinnulífsins er hann kynntur til sögu sem starfsmaður hagdeildar.




### Mest lesið VÍSIR.IS

- 1 Kona, sem leitað var að, fannst látin
- 2 Stóra golfvallarmálið: Mikilvægt tómsundsvæði fyrir atvinnulausa
- 3 Ofurölvi maður ruddist hálfnakinn inn í íbúðarhús
- 4 Þriggja leitað í Fljótshlíð
- 5 Snjóflóð féll á skíðasvæði

73,8%



23,7%



MORGUNBLAÐIÐ FRÉTTABLAÐIÐ

Fréttablaðið er með 212% meiri lestur en Morgunblaðið.

Allt sem þú þarft...



Meðallestur á töluþlaci, höfuðborgarsvæðið, 18 - 49 ára. Könnun Capacent í nóvember 2009 - janúar 2010.



## Frá ömmu til framtíðar

**Framtíðarreikningur - fermingargjöf sem vex**  
Framtíðarreikningur er frábær gjöf frá ömmum, öfum, frænkum, frændum og systkinum. Hann ber hæstu vexti verðtryggðra innlánsreikninga bankans hverju sinni og er því frábær valkostur fyrir langtímasparnað.

Hægt er að hefja sparnað á Framtíðarreikningi hvenær sem er fyrir 15 ára afmæli reikningseigandans. Því fyrr sem sparnaður á Framtíðarreikningi hefst því veglegri upphæð mun reikningseigandi hafa til ráðstöfunar við útborgun. Einungis reikningseigandinn sjálfur getur leyst út innstæðu við 18 ára aldur. Ef reikningurinn stendur óhreyfður

eftir að reikningseigandi hefur náð 18 ára aldri haldast óbreytt kjör.

### Góð gjöf

Framtíðarreikningur er kjörinn fyrir foreldra og aðra velunnara fermingarbarna sem vilja gefa gjöf sem vex.

Stofnskrifteini Framtíðarreiknings kemur í fallegu gjafaumslagi.

Nánari upplýsingar á [www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)

Hægt er að stofna og leggja inn á Framtíðarreikning í útibúum Íslandsbanka.

### Kostir Framtíðarreiknings

- Hæstu vextir á verðtryggðum innlánsreikningum í bankanum
- Bundinn til 18 ára aldurs
- Óhreyfð innstæða heldur óbreyttum kjörum eftir 18 ára aldur\*
- Engin þjónustugjöld, innlausnargjöld eða aðrar þóknarir

\* Ekki er hægt að leggja inn á Framtíðarreikning þegar binditíma lýkur við 18 ára aldur. Reikningurinn lokast við fyrstu úttekt.

[islandsbanki@islandsbanki.is](mailto:islandsbanki@islandsbanki.is)  
[www.islandsbanki.is](http://www.islandsbanki.is)  
Sími 440 4000

**Íslandsbanki**